

**SKOÐUN** Baráttan gegn vegi um Gálgahraun hófst fyrir 16 árum, skrifar Reynir Ingibjartsson. 18



**MENNING** Sólveig Eiríksdóttir, kennd við Gló, tekur höfuðstöðvar hér og þar um bæinn í meistaramánuði. 34



**SPORT** Króatar standa á milli íslenska fótboltalandsliðsins og HM í Brasilíu næsta sumar. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Priðjudagur
22. október 2013
247. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Vill 15 milljónir í bætur

Margeir Margeirsson, vert á Mónakó og Monte Carlo, krefst þess að Reykjavíkurborg greiði honum bætur vegna tjóns sem hann telur að umsagnir um staðina hafi bakað honum. 2

**Engin bóla sjáanleg** Húsnæðisverð hefur hækkað undanfarið, en hækkunin er minni en verðbólga síðustu fimm ár. Spáð er hækkun umfram verðbólgu næstu tvö ár. 8

**Opnað á ný** Forstjóri Landspítalans segir að fyrstu hjúkrunarsjúklingarnir á lyflækningasviði spítalans verði fluttir á Vífilsstaði 20. nóvember næstkomandi. 10

**Frakkar reiðast NSA** Utanríkisráðherra Frakklands krefst skýringa á athæfi bandarískra leyniþjónustumanna sem söfnuðu upplýsingum um símtöl í Frakklandi. 12



16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | NA | 13 |
| Akureyri | 2° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 4° | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | A | 4 |
| Reykjavík | 5° | A | 9 |

**ÞURRT SV. TIL** Í dag verða norðaustan 10-15 m/s NV og V til, annars hægari. Snjókoma eða slydda N til en rigning eystra. Hiti 0-7 stig yfir daginn. 4

### 3 SÉRBLÖÐ

**Fólk | Bílar | Hollur morgunmatur**






**BORINN Á BROTT** „Þetta var til skammar, bæði fyrir innanríkisráðuneytið og Vegagerðina," segir Sigmundur Einarsson jarðfræðingur, sá sem lögreglan ber hér á brott af vettvangi í Gálgahrauni, en aftar er verið að handtaka Reyni Ingibjartsson, formann Hraunavina. Um 20 mótmælendur sem hindruðu framkvæmdir við Álftanesveg í gær voru handteknir af lögreglu. Vegagerðin ítrekaði í gær að öll tilskilin leyfi vegna framkvæmdanna væru fyrir hendi. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kjánalegt að gefa sér andstöðu okkar

Forsætisráðherra virðist gera ráð fyrir fyrirstöðu stjórnarandstöðu við frumvarpi um skuldaleiðréttingu. Formaður Samfylkingar segir ekki hægt að kenna stjórnarandstöðu um verkleysi stjórnarinnar.

**STJÓRNMÁL** „Það er engin ástæða til að ætla að þessi stjórnarandstaða muni haga sér með þeim hætti að frumvarpið fái ekki framgang á þinginu. Við höfum ekki tileinkað okkur vinnubrögð síðustu stjórnarandstöðu," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í gær að það gæti tekið tíma að koma frumvarpi um skuldaleiðréttingu heimilanna í gegnum þingið. „Þegar þetta er kynnt þá þarf þetta augljóslega að fara til umræðu hjá þinginu og þar getur verið einhver fyrirstaða," segir Sigmundur Davíð sem einnig var spurður út í ummæli Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að líklega verði tillögur um bót á skuldavanda heimilanna ekki tilbúnar fyrr en eftir áramót.

Bjarni sagði í svari við fyrirspurn á Alþingi í síðustu viku að tillögur myndu berast frá nefndum um skuldavandann í nóvember og desember og að taka þyrfti þær tillögur til skoðunar og eftir atvikum til meðferðar á þinginu. Því væri hann ekki vongóður um að búið yrði að fá hugmyndir, vinna úr þeim, tefla fram þingmálum og klára þau í gegnum þrjár umræður fyrir jól.

Sigmundur Davíð segir enga ástæðu til að skilja ummæli Bjarna sem svo að sjálfstæðismenn ætli ekki að fylgja stjórnarsáttmálanum þar sem skuldaleiðrétting heimilanna sé skýrt útlistuð. „Bjarni var fyrst og fremst að lýsa áhyggjum af því að það gæti tekið tíma að koma þessu í gegnum þingið og það eru eðlilegar áhyggjur eins og stjórnarandstaðan hefur talað."

Árni Páll segir ekki hægt að kenna stjórnarandstöðunni um verkleysi stjórnarinnar. „Það er kjánaleg smjörklípa að halda því fram að stjórnarandstaðan verði í andstöðu við mál sem við höfum aldrei séð. En ég vil auðvitað sjá hvað stendur til. Það fer eftir hvaða þingmann Framsóknarflokks þú talar við hvernig útfærslan á að vera. En forsætisráðherra verður að bera ábyrgð á málinu og ríkisstjórnin þarf að standa skil á að efna loforð sem gefin hafa verið," segir Árni Páll. - ebg

> **Bjarni var fyrst og fremst að lýsa áhyggjum af því að það gæti tekið tíma að koma þessu í gegnum þingið og það eru eðlilegar áhyggjur eins og stjórnarandstaðan hefur talað.**
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra*







KRINGLUNNI • SÍMI 5513200


Að loka Kolgrafafirði er tæknilega mögulegt en afar mikið inngrip:

## Þyrfti að flytja dauða síld burt



**NÁTTÚRA** Drepist síld í Kolgrafafirði eins og í fyrravetur er fátt annað til ráða en að flytja hana á brott. Mögulegt er að loka Kolgrafafirði til að koma í veg fyrir síldardauða þar, en framkvæmdin hefði mikil áhrif á lífríkið á svæðinu.

Í september í fyrra óskaði ráðherra eftir því að Umhverfisstofnun gerði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs síldardauða í Kolgrafafirði. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er stefnt að því að senda tillögur að slíkri áætlun til ráðuneytisins bráðlega – jafnvel í dag.

Helgi Jensson, ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun, vill lítið sýna á spilin áður en áætlunin verður kynnt innan stjórnsýslunnar. „Það yrði væntanlega að keyra síldina eitthvert í burtu og áætlunin gengur út á hvernig hægt er að standa að slíku máli," segir Helgi inntur eftir því hvort hægt sé að urða meira af síld í Kolgrafafirði. „Það eru engar töfralausnir til."

- shá / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, eru nýir aðdáendur í hverju horni?

**Já, og það væri betra ef þeir væru í hverju innkasti því þá væru þeir miklu fleiri.**

Aðdáendaklúbbur íþróttalýsandans Guðmundar Benediktssonar á Facebook fer óðum stækkandi og hjálpar þar vafalítið efirminnileg lýsing hans frá leik Noregs og Íslands í undankeppni HM í fótbolta.

Þúsundir ábendinga hafa borist vegna stúlkunnar Maríu í Grikklandi:

# Parið ákært fyrir barnsrán

**GRIKKLAND, AP** 39 ára maður og fertug kona hafa verið ákærð fyrir barnsrán í Grikklandi. Erfðafræðirannsóknir sýna að þau eru ekkert skyld lítilli stúlku sem hafði verið í umsjón þeirra.

Þúsundir ábendinga hafa borist eftir að grísk stjórnvöld báðu almenning um aðstoð við að bera kennsl á stúlkuna, sem gekk undir nafninu María. „Málið hefur snert streng í hjörtum fólks frá mörgum löndum,“ segir Panajiotis Pardalis, talsmaður samtakanna Bros barnsins, sem hafa tekið stúlkuna að sér í bili. „Við höfum fengið ljósmyndir af týndum börnum og málum sem gætu tengst þessu. Við komum þessu áleiðis til lögreglunnar, en svo er líka meirihlutinn sem er að lýsa yfir stuðningi sínum og áhyggjum.“

Stúlkan var í fyrstu talin vera fjögurra ára gömul, en ýmislegt þykir benda til þess að hún geti verið eitthvað eldri. Hún fannst í síðustu viku í búðum Rómafólks skammt frá Farsala í Grikklandi. - gb



**SAKBORNINGARNIR MEÐ MARÍU** Elefþería Dimopúlú og Kristos Sali ásamt stúlkunni, sem nú er leitað upplýsinga um. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frávísunarkröfu hafnað:

# Áfram reynt að sækja milljarð

**DÓMSMÁL** Dómari hafnaði í gær kröfu Aurláka, móðurfélags Lyfja og heilsu, um að riftunarmáli þrotabús Milestone gegn því og bræðrunum Karli og Steingrími Wernerssyni yrði vísað frá dómi.

Í málinu krefur þrotabúið Aurláka um einn milljarð vegna kröfu sem stofnaðist þegar fyrirtækið Lyf og heilsa var fært frá Milestone til Aurláka í mars 2008. Bræðrunum, fyrrverandi aðaleigendum Milestone, er stefnt til vara. Málið verður því rekið áfram. - sh



**INNBROT** Ekki aðeins var tölvubúnaði stolið fyrir milljón, heldur hlaupa skemmdirnar á milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óku inn í verslun og stálu tölvum fyrir um milljón króna:

# Var eins og eftir sprengjuárás

**LÖGREGLUMÁL „Þetta var eins og eftir sprengjuárás þegar við mættum í morgun. Þeir stálu fyrir sirka milljón, vatnsskemmdirnar á vörum eru fyrir um tvær og svo um tvær til þrjár á húsinu sjálfu,“ segir Björgvin Þór Hólm, rekstrarstjóri Tölvuvirkni í Holtasmára í Kópavogi. Brotist var inn í verslunina í gærmorgun.**

**Þjófarnir bökkuðu bíl inn í verslunina og brutu við það glugga og skemmdu ofna sem varð til þess að heitt vatn flæddi um búðina. Björgvin Þór telur að tjón vegna innbrotsins sé nálægt fimm milljónum.** - vg

Fylgst með suðurskautinu:

# Hafísbreiðan aldrei stærri

**VÍSINDI** Um leið og hafísinn á norðurskautinu bráðnar hefur hafísinn umhverfis Suðurskautslandið ekki mælst meiri frá upphafi mælinga árið 1981.

Hafísinn við suðurskautið náði því seint í september að þekja 19,47 milljónir ferkílómetra, og náði þar með að slá metið frá árinu áður, en einnig þá mældist hafísbreiðan stærri en nokkru sinni áður. Þetta kemur fram á mælingum bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA.

Ísbreiðan umhverfis Suðurskautslandið er jafnan stærst í september eða október á hverju ári en dregst síðan saman og er minnst í febrúar eða mars. - gb

Norðausturvegur opnaður:

# Styttir leið til Vopnafjarðar

**SAMGÖNGUR** Norðausturvegur til Vopnafjarðar verður formlega opnaður á morgun þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra klippir á borða með aðstoð Hreins Haraldssonar vegamálastjóra.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Vegurinn tengir Vopnafjörð við hringveginn á Hárekssstaðaleið með heilsársvegi. Hann styttir leiðina frá þéttbýli í Vopnafirði til Egilsstaða um 18 kílómetra og til Akureyrar um einn kílómetra. - ebg

# Vert vill 15 milljónir í bætur frá borginni

Margeir Margeirsson, vert á Mónakó og Monte Carlo, krefst þess að Reykjavíkurborg greiði honum fimmtán milljónir fyrir umsagnir um staðina sem leiddu til lokunar.

**DÓMSMÁL** Margeir Margeirsson, vert á börunum Monte Carlo og Mónakó við Laugaveg, hefur stefnt Reykjavíkurborg til greiðslu samtals tæpra fimmtán milljóna króna í bætur fyrir tjón sem hann telur að rekstur hans hafi hlotið af umsögnum borgarráðs um barina.

„Þegar kjörnir fulltrúar fólksins í bænum ákveða, meira og minna allir í sameiningu, að vera með valdníðslu, einelti og lögbrot á fólki úti í bæ, í samvinnu við lögreglustjórann, þá er ekki hægt annað en að fara dómstólaleiðina,“ segir Margeir, sem leggur fram stefnur í nafni rekstrarfélaga staðanna tveggja.

Lögreglan hefur tvisvar verið gerð afturreka með ákvarðanir sem varða staðina tvo, fyrst árið 2008 þegar ákveðið var að takmarka afgreiðslutíma þeirra, og aftur í fyrra, þegar ákveðið var að endurnýja ekki rekstrarleyfið. Báðar ákvarðanirnar byggðu á umsögnum borgarráðs, þar sem vísað var til kvartana yfir ónæði frá stöðunum og fjölda mála á skrá hjá lögreglu sem tengdust þeim.

Báðar ákvarðanirnar voru kærðar til innanríkisráðuneytisins og í bæði skiptin var þeim hnekkt eftir að ráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu að þær hefðu ekki verið í samræmi við lög, meðal annars hefði andmælaréttar Margeirs ekki verið gætt í umsagnarferlinu og að borgin hefði í umsögnunum farið út fyrir valdsvið sitt.

„Á sjö árum eru þeir búnir að kosta mig langleiðina í tíu milljónir í lögfræðikostnað auk þess sem þeir eru búnir að skaða mig persónulega, nafnið mitt og rekstrarlega séð, stórlega. Þá er ekki annað hægt en að stefna fólki – til þess eru dómstólarnir,“ segir Margeir.





**UMDEILDUR STAÐUR** Borgarráð telur að á Monte Carlo og Mónakó sé óeðlilega mikið um lögregluútköll og ónæði.

Að sögn Jónasar Arnar Jónssonar, lögmanns Margeirs, er bótakrafan þríþætt; í fyrsta lagi sé um að ræða kostnað við að verjast aðgerðum borgarinnar og lögreglu, í öðru lagi skaða vegna tapaðrar sölu þegar stöðunum var í tvígang lokað tímabundið og í þriðja lagi miska vegna tjóns á viðskiptavild – orðspor staðanna hafi með öðrum orðum beðið hnekki af öllu saman. Það síðastnefnda er um þriðjungur bótakröfunnar.

Staðirnir eru enn í rekstri og verða það áfram ef Margeir fær einhverju um það ráðið. „Ég er búinn að fá full leyfi og ætla mér að vera með leyfi eins lengi og ég vil. Þessir jólasveinar fóru að berjast við vitlausan mann. Þeir áttu nefnilega að finna sér einhvern sem var tilbúinn að gefast upp – en það geri ég aldrei.“ stigur@frettabladid.is



**Þessir jólasveinar fóru að berjast við vitlausan mann.**

Margeir Margeirsson





SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b • 105 Reykjavík

Lífstíðarfangelsis krafist yfir leiðtogum Rauðu khmeranna í Kambódíu:

# Vilja réttlæti með hámarksdómi

**KAMBÓDÍA, AP** Saksóknarar í Kambódíu kröfðust í gær lífstíðarfangelsisdóms yfir þeim Nuon Chea og Khieu Samphan fyrir glæpi gegn mannkyninu. Þeir eru æðstu forystumenn Rauðu khmeranna sem enn eru á lífi.

Undir stjórn Pols Pot og khmeranna á árunum 1975 til 1979 létu um tvær milljónir manna lífið vegna hungurs eða þrælkunar auk þess sem khmerarnir tóku meinta andstæðinga og andófsfólk miskunnarlaust af lífi. Pol Pot lést árið 1998.

Saksóknari krafðist réttlætis fyrir þjóðina sem fengist aðeins með hámarksdómi yfir tvímenningunum, en í landinu er ekki dauðarefsing.

„Við förum ekki fram á að ákærðu verði líflátnir. Við förum ekki fram á að þeir verði … misnotaðir og skotnir, að þeir þurfi að horfa á börn sín sundur slitin og þeim lamið utan í tré,“ sagði Chea Leang aðstoðarsaksóknari og vísaði þar til meðferðar Rauðu khmeranna á föngum sínum. „Við förum fram á réttlæti — réttlæti til handa fórnarlömbum sem létu lífið, réttlæti til handa þeim sem eftir lifa og þurftu að láta svo grimmilegt stjórnarfar yfir sig ganga.“

Áætlað er að réttarhöldunum, sem njóta stuðnings Sameinuðu þjóðanna, ljúki í þessum mánuði, þegar fram hafa farið lokaávörp verjenda og mögulega hafa verið lagðar fram yfirlýsingar sakborninganna sjálfra.



**SÝNA ENGA IÐRUN** Fyrrverandi leiðtogar Rauðu khmeranna, Khieu Samphan og Nuon Chea. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvorugur sakborninga hefur játað glæpi eða sýnt iðrun, segja saksóknarar. - þj, óká




**VERÐ: framhjóladrifinn frá kr. 3.980 þús., fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.**
**Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.**

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. okt. 2013

## SVONA ERUM VIÐ



**55,5 prósent Íslendinga versla á netinu, ef marka má tölur frá síðasta ári.**

**Árið 2004 var sama hlutfall 37 prósent.**

Konur á aldrinum 25 til 54 ára eru duglegastar allra við netverslunina, en eldri konur síst.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði ákveða fljótlega hvernig raðað verður á lista:

# Rósa býður sig fram í fyrsta sæti

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, býður sig fram í fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna í bænum vegna sveitarstjórnarkosninganna næsta vor. Valdimar Svavarsson sem skipaði fyrsta sætið í síðustu kosningum hefur ekki ákveðið hvort hann gefi kost á sér í oddvitasæti.

„Ég er í krefjandi starfi sem forstöðumaður fjármálafyrirtækisins Virðingar, ég er bæjarfulltrúi og á fjölskyldu. Þetta þrennt rekst á. Maður þarf að vega þetta og meta.



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**



**VALDIMAR SVAVARSSON**

Ég verð hins vegar á fullu í bæjarstjórninni þangað til annað kemur í ljós,“ segir Valdimar.

Rósa segist búin að sitja í bæjarstjórn í sjö ár. Hún hafi boðið sig fram í fyrsta sætið fyrir fjórum árum og þá hafi munað tveimur atkvæðum á henni og Valdimari. „Ég er komin með dýrmæta reynslu og hef mikinn áhuga á að starfa fyrir bæjarfélagið mitt. Mörg stór mál bíða úrlausnar. Ég hef verið oddviti sjálfstæðismanna Í Hafnarfirði frá því á vormánuðum 2012 en þá hætti Valdimar í ráðum og nefndum á vegum bæjarins,“ segir hún. **- jme**

Vinsældirnar dvína ytra:

# Lúxusferðir rýra traustið

**DANMÖRK** Traust Dana á Lars Løkke Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur minnkað í kjölfar frétta af lúxusferðum hans á vegum umhverfisverndarsamtakanna GGGI.

Løkke hefur flogið á fyrsta farrými í flestum af 15 ferðunum fyrir samtökin þar sem hann hafði meðal annars rúm til afnota. Ferðirnar kostuðu sem svarar 17 milljónum íslenskra króna, en samtökin hafa fengið jafngildi tveggja milljarða frá danska ríkinu. **- ibs**



**Á VETTVANGI** Njarðvík GK í mynni Önundarfjarðar. Björgunarskip Landsbjargar hljóp undir bagga í gær þegar stýrisbúnaður bilaði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

Vélarvana báti bjargað út af Önundarfirði:

# Dreginn til hafnar á Flateyri

**BJÖRGUN Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar var kallað út í fyrrinótt vegna vélarvana báts út af Önundarfirði. Um bilun í stýrisbúnaði mun hafa verið að ræða. Báturinn, Njarðvík GK, er um 200 tonn og voru tíu manns um borð. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði fór á staðinn og tók bátinn í tog. Ferðin gekk ágætlega og var komið til hafnar á Flateyri seinna um nóttina. - fbj**

Áhugi á að flytja til útlanda:

# 56% ungs fólks íhugað að flytja

**KÖNNUN** Meirihluti ungs fólks undir þrítugu hefur hugsað um að flytja til útlanda á síðustu mánuðum samkvæmt skoðanakönnun MMR. Alls sögðust 56 prósent fólks í aldurshópnum 18 til 29 ára hafa íhugað að flytja frá Íslandi.

Alls hafa fjörutíu prósent landsmanna á öllum aldri íhugað að flytja til útlanda og er hlutfallið svipað og í sambærilegri könnun frá nóvember 2011. Alls sögðust 49,3 prósent fólks á aldrinum 30 til 39 ára hafa hugsað um að flytja frá Íslandi og 43 prósent fólks á aldrinum 40 til 49 ára.

Könnun MMR var gerð dagana 26. september til 1. október. Alls svöruðu 968 einstaklingar 18 ára og eldri könnuninni. **- bj**

Pólverjar kvarta til lögreglu:

# Sagður taka fé fyrir störf í fiski

**ATVINNA** Pólskættaður verkstjóri hjá fiskvinnslufyrirtækinu Jakobi Valgeiri ehf., í Bolungarvík er sagður taka 1.000 evrur af hverjum þeim Pólverja sem fær vinnu hjá fyrirtækinu.

Bæjarins besta segir frá bréfi sem blaðinu barst frá Pólverjum búsettum í Bolungarvík, þar sem þetta er fullyrt. Birt eru nöfn yfir tuttugu Pólverja, sem sagt er að þetta eigi við um. Bréfið mun einnig hafa verið sent lögreglunni á Ísafirði.

„Ég veit ekki til þess að það sé einhver fótur fyrir þessu. [...] Þeir vilja ekki kannast við að hafa borgað honum,“ segir Guðbjartur Flosason, framleiðslustjóri Jakobs Valgeirs ehf., í viðtali við BB. **- shá**

# Örþrifaráð að loka Kolgrafafirði fyrir síld

**Ef síld drepst að nýju í stórum stíl í Kolgrafafirði þyrfti að flytja hana á brott. Viðamiklar og dýrar mælingar standa yfir í firðinum á áhrifum þverunar. Mögulegt er að loka firðinum fyrir fiski en slík framkvæmd þyrfti í umhverfismat.**

**NÁTTÚRA** Það er tæknilega mögulegt að loka Kolgrafafirði til að koma í veg fyrir síldargöngur inn í fjörðinn, en slík framkvæmd er hins vegar það mikið inngrip sem slík að hún þyrfti að öllum líkindum að fara í umhverfismat.

Eins og kunnugt er drápust um 50 þúsund tonn af síld í Kolgrafafirði í fyrravetur. Bæjarráð Grundarfjarðar skoraði á dögunum á Sigurð Inga Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, að leyfa lokun Kolgrafafjarðar án tafar vegna hættu á frekari síldardauða í firðinum. Ef þetta er tæknilega mögulegt vill bæjarráð að kannað verði hversu langan tíma Vegagerðin þarf til framkvæmda sem nægja til að halda síld utan brúar.

Jón Helgason, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs hjá Vegagerðinni, segir að þegar séu í gangi yfirgripsmiklar mælingar í firðinum til að kanna hvort vegfyllingin hafi áhrif og hvort einhver lausn geti verið að byggja aðra brú, til dæmis. Hins vegar taki tíma að lesa úr gögnunum og það hilli ekki undir slíkt.

Aðspurður hvort mögulegt sé að loka firðinum, eins og heimamenn vilja, segir Jón að slíkt sé mjög erfitt. „Við gætum hugsanlega lokað fyrst með massafyllingu eða grjóti. Síðan gætu menn velt fyrir sér framhaldinu. Það er hins vegar ljóst að ef á að loka firðinum þá þarf að skoða það frá sjónarmiði umhverfisins. Miðað við þau áhrif sem þetta hefði þyrfti framkvæmdin í umhverfismat, það yrði vart umflúið nema til kæmi einhver



**KOLGRAFAFJÖRÐUR** Þúsundir tonna af síld voru grafnar í fjöruna. Slíkt er vart framkvæmanlegt í vetur ef síld drepst þar í stórum stíl að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Síldin er mætt í Kolgrafafjörðinn

Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs síldardauða í firðinum verður kynnt umhverfisráðherra allra næstu daga. Síld veiðist nú rétt utan brúar í firðinum og háhyrningar sjást innan brúar, sem sterklega bendir til þess að síldin sé tekin að ganga undir hana.

neyðarréttur sem yrði virkjaður.“

Í september í fyrra óskaði ráðherra eftir því að Umhverfisstofnun gerði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs síldardauða í Kolgrafafirði. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er stefnt að því að senda tillögur að slíkri áætlun til ráðuneytisins bráðlega, jafnvel í dag.

Helgi Jensson, ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun, vill lítið sýna á spilin áður en áætlunin verður kynnt ráðherra. „Það yrði væntanlega að keyra síldina eitthvert í burtu og áætlunin gengur út á hvernig hægt er að standa að slíku máli,“ segir Helgi inntur eftir því hvort hægt sé að urða meira af síld í Kolgrafafirði. „Það eru engar töfralausnir til.“ svavar@frettabladid.is






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NORÐAUSTANÁTT** Víða vetrarfærð á fjallvegum norðan til á landinu í dag. Stíf norðaustanátt verður ríkjandi á norðvesturhluta landsins og með ströndum með snjókomu eða slyddu.




**Á morgun**
10-18 m/s NV og V til, annars hægari.




**Fimmtudagur**
10-15 m/s, hvassast við ströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 16° | Gautaborg | 14° | London | 17° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 27° | Ósló | 11° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 19° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 26° | New York | 18° | París | 22° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# MEISTARAMÁNUÐUR

## BÓNUS EKKERT BRUÐL




**Whey Pvl:** Mysuprótein af fullkomnustu gerð til að byggja upp vöðva og brenna fitu. Hentar vel í booztið, í stað máltíðar eða strax eftir æfingu.
**Frábært bragð!** ***908 grömm eða 30 skammtar.***

**Verð 3.998**




**CLA Pvl:** CLA eykur fitubrennslu og hefur kólesteról-lækkandi áhrif ásamt því að lækka insúlínviðnám.
**Inniheldur engin örvandi efni.** ***180 hylki í dollunni.***

**Verð 3.598**




**Creatine Pvl:** Creatine hentar öllum sem vilja auka styrk, úthald og vöðvamassa. ***300 grömm eða 60 skammtar.***

**Verð 2.398**




**Glutamine Pvl:** Glutamine kemur í veg fyrir vöðvaniðurbrot og flýtir endurheimt (recovery) eftir erfiðar æfingar. Sérstaklega mikilvægt fyrir alla sem stunda miklar þolæfingar. ***400 grömm eða 80 skammtar***

**Verð 3.598**




**Hydroxycut Hardcore:** Fyrir þá sem eru vanir brennsluefnum og þola koffein vel.
Sterkasta gerð af brennsluefni sem tekið er fyrir æfingu og margfaldar þannig fitubrennsluna á æfingunni ásamt því að auka grunnbrennslu.
**Aðeins fyrir 18 ára og eldri.** ***40 bréf í kassanum.***

**Verð 6.998**




**Hydroxycut** eru vinsælustu fitubrennslutöflur í heiminum 12 ár í röð. Eykur grunnhitastig líkamans, minnkar matarlyst og gefur mikla orku í dagsins önn.
**Notkun: 1 skammtur tvisvar á dag fyrir mat eða æfingu.**
***60 töflur í dollunni.***

**Verð 4.598**

**Gott verð í öllum verslunum Bónus**

BÓNUS

LÖGREGLUAÐGERÐIR Í GÁLGAHRAUNI

## Lögfræðingar vilja bíða

„Ef ég fengi því ráðið, myndi ég bíða eftir dómi í málinu,“ segir Sigurður Líndal lagaprófessor um aðgerðirnar í Gálgahrauni og dómsmál sem Hraunavinir reka gegn Vegagerðinni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Sigurður segir að í málinu séu ýmis vafamál og því farsælast að bíða eftir niðurstöðu dómstóla, þannig að það sé alveg á hreinu hvað sé heimilt og hvað ekki.

Katrín Oddsdóttir héraðsdómslögmaður tekur undir þessi orð Sigurðar. „Það er fullkomlega eðlilegt að það sé beðið eftir niðurstöðu dómstóla,“ segir hún um framkvæmdina. Katrín minnir á Árósasamninginn, sem Íslendingar undirrituðu fyrir fimmtán árum. Samkvæmt honum á almenningur rétt á því að láta reyna á réttmæti aðgerða sem varða náttúruna. Á Íslandi virðist slíkt ekki reynast í framkvæmd þar sem dómstólar hafa ítrekað dæmt að fólk sem höfðar slík mál eigi ekki lögvarða hagsmuni, segir hún.

„Það er ekki gott að það sé búið að útiloka að náttúran eigi sér einhverja talsmenn sem vilji vernda hana,“ segir Katrín.

- hrs

## Atburðarásin

- **09.00** Mótmælendur stöðva framkvæmdir
- **09.30** Handtökur hefjast
- **11.30** Handtökum lýkur
- **14.00** Hluti mótmælenda snýr aftur
- **14.30** Handtökur hefjast á ný
- **15.00** Mótmælendur í yfirheyrslum
- **18.00** Mótmælendum sleppt

## Dómsmál fresta aðeins framkvæmdum

Í tilkynningu sem birtist á vef Vegagerðarinnar í gær kom fram að framkvæmdum yrði ekki slegið á frest á meðan dómsmál gengur í gegn vegna málsins. Meðal annars vegna þess að endanleg niðurstaða í málinu lægi líklega ekki fyrir fyrr en eftir tvö ár. Svo segir orðrétt í tilkynningunni: „Fari svo ólíklega að það mál tapist hefur ekki komið annað fram hjá Garðabæ en að farið yrði á ný í umhverfismat og ekki við öðru að búast en að niðurstaða þess yrði sú sama og fyrri mata á umhverfisáhrifum og yrði þá á ný gefið út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu nýs Álftanesvegar. Þannig að allar tafir fresta einungis lagningu nýr Álftanesvegar en koma ekki í veg fyrir að hann verði lagður.“

- vg



**FYLGIST MEÐ** Fyrrverandi umhverfisráðherra, Eiður Svanberg Guðnason, fylgist með handtökum. Hann skrifaði á heimasíðu sína um handtökurnar: „Við búum greinilega ekki í réttarríki heldur lögregluríki […]“



**HANDTEKINN TVÍVEGIS** Gunnsteinn Ólafsson var handtekinn tvívegis í gær. Hér er hann handtekinn fyrir hádegi. Hann sneri aftur á svæðið eftir hádegi ásamt níu manns og voru allir handteknir aftur. Þeim var ekki sleppt fyrr en skömmu fyrir klukkan sex síðdegis í gær.



**GÆTA GRÖFUNNAR** Lögreglumennirnir voru á fimmta tug, en um var að ræða sérstaka aðgerðasveit lögreglu sem fer með svokallaða mannfjöldastjórnun. Þarna má sjá lögreglumann gæta gröfunnar sem átti eftir að vinna sína vinnu eftir handtökuna.

# „Þetta er lúalegt, bara lúalegt“

**Hátt í þrjátíu mótmælendur voru handteknir í Gálgahrauni í gærdag. Þá voru níu manns handteknir tvívegis. Sérstakur aðgerðahópur lögreglu sá um handtökurnar en hátt í fimmtíu lögregluþjónar handtóku hópinn. Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með handtökunum og festi á filmu.**

**NÁTTÚRUVERND** „Við erum sár og gröm yfir þessu,“ svaraði Gunnsteinn Ólafsson, einn af forsvarsmönnum Hraunavina, eftir að honum var sleppt úr haldi lögreglunnar skömmu fyrir klukkan sex í gærkvöldi. Hann ásamt hópi fólks var handtekinn á ný af aðgerðarsveit lögreglu skömmu eftir að hópurinn sneri aftur í Gálgahraun í gær. Alls voru 25 handteknir. Meðal þeirra var Ómar Ragnarsson.

„Ég sat bara þarna og hreyfði mig ekki neitt, en núna er ég í lögreglubíl á leið í Steininn,“ sagði náttúruverndarsinninn Ómar í samtali við Vísi í gær en mótmælin voru friðsamleg.

Að sögn Gunnsteins verða hann og líklega fleiri í seinni hópnum ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni.

Aðspurður hvernig hann hafi það svarar hann: „Það líður engum vel að vera settur í fangelsi fyrir að standa vörð um landið sitt. Þetta er lúalegt, bara lúalegt.“

Gunnsteinn segist ekki geta svarað fyrir aðra, en býst sjálfur við að halda áfram mótmælum í Gálgahrauni. „Það hafa engar ákvarðanir verið teknar, en við munum reyna að halda lögreglunni upptekinni næstu mánuðina,“ segir Gunnsteinn. Eins og fram hefur komið hafa Hraunavinir, samtök sem berjast gegn framkvæmdum í hrauninu, kært framkvæmdina. Engin niðurstaða liggur fyrir í dómsmálinu.

valur@frettabladid.is



**FORN SIÐUR** Níðstöng var reist í hrauninu í gær með steinbítshöfði. Að reisa níðstöng er forn siður þar sem sá sem reisir stöngina leggur bölvun á einhvern. Í sögu Egils Skalla-Grímssonar er sagt frá því þegar Egill reisti níðstöng í Noregi til þess að rugla landvættir í ríminu og koma þeim til þess að hrekja Eirík konung blóðöx og Gunnhildi drottningu frá völdum í Noregi, en þau höfðu brotið á rétti Egils.



**VONT SIÐFERÐI** „Siðferðið hjá þessum mönnum er virkilega þannig að þeir ætla að eyðileggja eins mikið og þeir geta. Þetta er eins og leifturstríð, þar sem þeir ana áfram og gefa ekki gaum að því sem er löglegt,“ sagði fjölmiðlamaðurinn Ómar Ragnarsson skömmu eftir að hann var látinn laus úr haldi lögreglunnar í gærdag.


Tilboð

Nýtt bað fyrir jól!



Heill sturtuklefi 80x80

Innrétting m. spegli

Salerni með setu

Verð frá 104.685.-

INNRÉTTINGAR & TÆKI

i-t.is

Opið virka daga frá 9 til 18

laugardaga 11 til 15

Ármúla 31 - Sími 588 7332

# Með höfuðið í skýjunum og fæturna á jörðinni

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2833

SAMSUNG

## Skýjaráðstefna Advania

### Föstudaginn 25. október kl. 9–17 á Hilton Nordica.

Sýndarvélavæðingin verður í forgrunni á þessari áhugaverðu ráðstefnu, sem er haldin í nánu samstarfi við Citrix, Trend Micro, SMS Passcode, Dell Wyse og Samsung, leiðandi fyrirtæki á þessu sviði. Sérfræðingar á þeirra vegum tala á ráðstefnunni og gestir hafa greiðan aðgang að þeim meðan á henni stendur.

**Umfjöllunarefni**

- Lausnir við sýndarvélavæðingu
- Umsýsla snjallsíma
- Öryggismál
- Aðgengi að gögnum og hugbúnaði
- Endabúnaður

**Fyrir hverja?**

Ráðstefnan hentar þeim sem eru að skoða möguleika á því að sýndarvæða hugbúnað, útstöðvar, umsýslu á símtækjum og spjaldtölvum eða vilja auka öryggi á sýndarvélum.

Ráðstefnan hefst á skráningu og léttum morgunverði. Hádegisverður verður fram borinn kl. 12.30 og ráðstefnunni lýkur á veitingum og sýningu þar sem ofangreind fyrirtæki sýna lausnir sínar milli kl. 15.30 og 17.00.

Skráðu þig á:
**advania.is/skyjaradstefna**

DELL Wyse | SAMSUNG | CITRIX | sms|passcode | TREND MICRO

advania
Welcome to IT

www.renault.is

RENAULT

SPARNEYTNIR Á GÓÐU VERÐI




RENAULT MEGANE
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil
Verð: 3.890 þús. kr.
4,2 L/100 KM*




RENAULT CLIO
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil
Verð: 2.890 þús. kr.
3,4 L/100 KM*




RENAULT SCENIC
Sjálfsk. dísil
Verð: 4.290 þús. kr.
GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.
4,7 L/100 KM*

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri

B|L BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Engin bóla sjáanleg á húsnæðismarkaði

**Húsnæðisverð hefur hækkað undanfarið en hækkunin er mun minni en verðbólgan á síðustu fimm árum. Heldur horfði til betri vegar síðustu 12 mánuði. Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir 1,5 til 2% hækkun umfram verðbólgu næstu tvö ár.**

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun á húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu er langt frá því að hafa haldið í við verðbólgu síðustu fimm ár. Þannig er einbýli, sem var 25 milljóna króna virði haustið 2008, á svipuðu verðlagi í dag og hefur því lækkað um 8,4 milljónir króna að raunvirði.

„Hækkunin á húsnæðisverði er búin að vera tiltölulega hæg, og mun halda áfram að vera það. Við sjáum ekki verðbólueinkenni á húsnæðismarkaði,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur farið heldur hækkandi undanfarið en á enn langt í land með að ná þeim hæðum sem það komst í á árunum fyrir hrun.

Eins og sjá má á dæmunum á myndinni hér til hliðar hefur íbúð í fjölbýlishúsi hækkað aðeins umfram verðlag á síðustu 12 mánuðum. Á sama tímabili hefur lítilleg hækkun á sérbýli ekki haldið í við verðbólguna.

Sé farið lengra aftur í tímann, til dæmis tíu ár, hefur sérbýlið hins vegar hækkað meira umfram verðlag en íbúð í fjölbýli, eins og sjá má á myndinni.

Búast má við 1,5 til tveggja prósenta raunhækkun íbúðaverðs á næstu tveimur árum samkvæmt þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka, sem kynnt var í síðustu viku.

„Við gerum ráð fyrir 5,4 prósenta hækkun íbúðaverðs á næsta ári og 5,3 prósenta á árinu 2015. Svo kemur tæplega fjögurra prósenta verðbólga þar á móti,“ segir Ingólfur.

„Undirliggjandi er fyrst og fremst það að kaupmáttur launa mun vaxa áfram, laun munu hækka umfram verðbólgu, svo hagur heimilanna batnar hvað það varðar. Atvinnuástandið er að batna og störfum að fjölga, svo kaupmáttur ráðstöfunartekna er að vaxa. Svo koma inn hugsanlegar og væntanlegar aðgerðir stjórnvalda, sem er ekki hægt að ráða í á þessari stundu,“ segir Ingólfur.

Þá bendir hann á að gjaldeyrishöftin haldi eignaverði uppi í landinu með því að halda vöxtum lægri en þeir væru ella. brjann@frettabladid.is



Verðið hækkar Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur haldið í við verðbólgu sé horft til síðustu tíu ára en á síðustu fimm árum hefur verðbólgan hækkað mun meira en húsnæðisverð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**A EIGN KEYPT FYRIR 10 ÁRUM** í september 2004

| | Verð | Verðmæti nú | |
|---|---|---|---|
| EINBÝLI | 45,5 milljónir* | 52,9 milljónir | Hækkun umfram verðlag: 7,4 milljónir |
| FJÖLBÝLI | 45,5 milljónir* | 50,25 milljónir | Hækkun umfram verðlag: 4,75 milljónir |

**B EIGN KEYPT FYRIR 5 ÁRUM** í september 2008

| | Verð | Verðmæti nú | |
|---|---|---|---|
| EINBÝLI | 32,9 milljónir* | 24,5 milljónir | Lækkun umfram verðlag: 8,4 milljónir |
| FJÖLBÝLI | 32,9 milljónir* | 27,2 milljónir | Lækkun umfram verðlag: 5,7 milljónir |

**C EIGN KEYPT FYRIR 1 ÁRI** í september 2012

| | Verð | Verðmæti nú | |
|---|---|---|---|
| EINBÝLI | 26 milljónir* | 25,6 milljónir | Lækkun umfram verðlag: 0,4 milljónir |
| FJÖLBÝLI | 26 milljónir* | 27,2 milljónir | Hækkun umfram verðlag: 1,2 milljónir |

* Uppreiknað miðað við verðlag 2013. Í öllum dæmum er miðað við að upphaflegt kaupverð hafi verið **25 milljónir.**

## ➜ Húsnæðisverð hagstætt en mikil óvissa

„Út frá þróun húsnæðisverðs má segja að það sé rétti tíminn til að kaupa húsnæði í dag. Hins vegar er áhættan í þessum fjárfestingum tiltölulega mikil á þessum tímapunkti,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Hann segir ákveðin kerfisleg vandamál innan hagkerfisins skapa óvissu. Búast megi við hreyfingum á gengi krónunnar og verðbólguskoti þegar gjaldeyrishöftin verði afnumin.

Ingólfur segir að í ljósi óvissunnar sé ekki rétt að mæla með því að fólk skuldsetji sig mikið við íbúðarkaup. „Menn verða að fara inn í slíka fjárfestingu með tiltölulega gott eigið fé og gæta þess að greiðslubyrðin sé ekki svo þung að það sé ekki rými fyrir högg.“

**Raunvirði**
Leiðrétt miðað við vísitölu neysluverðs




MATVÍS
boðar til almennra félagsfunda
Reykjavík þriðjudaginn 22. október
á Stórhöfða 31 1. hæð kl. 16.30
og á Akureyri á Hótel KEA
miðvikudaginn 23. október kl. 16.00

Dagskrá
1. Kjaramál
2. Önnur mál

Leita að framkvæmdastjóra:

## Staðan auglýst um næstu helgi

**IÐNAÐUR** Staða framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins verður auglýst á laugardag, að sögn Svönu Helenar Björnsdóttur, formanns samtakanna. „Umsóknarfrestur verður ekki nema ein vika og menn verða því að drífa sig ef þeir ætla að sækja um,“ segir hún. Vonir standi til að ráðið verði í stöðuna fyrir miðjan nóvember. Orri Hauksson, fráfarandi framkvæmdastjóri, er nýráðinn forstjóri Skipta. - hg




www.promennt.is

# BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

**Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem vilja bæta við sig almennri tölvuþekkingu eða verða sterkari í bókhaldsvinnunni ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.**

## ALMENNT TÖLVUNÁM

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar:

- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook, tölvupóstur og dagbók

Hefst: **5 nóv.** • **Morgun- og kvöldhópur** • Lengd: **60 std.** • Verð: **59.000 kr.**

*„Hér tók ég mín fyrstu skref og það voru gæfuspor.“*
*Hörður Jónasson (Almennt tölvunám).*

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið **Viðurkenndur bókari**? Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!

Bókaranám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið **Viðurkenndur bókari**. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum og eru helstu viðfangsefni þessi:

- Excel fyrir bókara
- Fjárhagsbókhald, upprifjun og flóknar færslur
- Vsk. uppgjör og leiðréttingarskýrslur
- Launabókhald, útreikningur launa, lífeyrissjóður og skattur
- Launamiðar, launaframtal og skil til skatts
- Afstemmingar, lokafærslur og skil á bókhaldi til endurskoðenda
- Uppsetning rekstrar- og efnahagsreikninga
- Lestur ársreikninga

Hefst: **5 nóv.** • **Morgun- og kvöldhópur** • Lengd: **90 std.** • Verð: **119.000 kr.**

## NAVISION - FJÁRHAGSBÓKHALD

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í framhaldsskóla. Aðalmarkmið námsins er að þjálfa fólk til starfa við tölvubókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna og uppbyggingu bókhaldslykla í tölvu. Leiðréttingar, millifærslur, reknisjöfnuður og afstemmingar. Fylgiskjöl nokkurra mánaða færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum lista, aðalbókar, efnhags- og rekstareikninga.

Hefst: **14. nóv.** • **Morgun- og kvöldhópur** • **Lengd: 47 std.** • **Verð: 59.000 kr.**

## TOLLSKÝRSLUGERÐ

Öðlastu færni í gerð tollskýrslna á þessu stutta og hnitmiðaða námskeiði þar sem m.a. er farið yfir reglur er varða innflutning, myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Farið er yfir fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna við innflutning og gerð tollskýrslna ásamt því að kynntir eru fríverslunarsamningar og notkun tollskrárinnar.

Hefst: **24. nóv.** • **Morgun- og kvöldhópur** • **Lengd: 21 std.** • **Verð: 34.000 kr.**

## STÖK NÁMSKEIÐ

• **Excel fyrir bókara,** hefst 5. nóv. • **PowerPivot,** hefst 11. nóv.
• **Word,** hefst 7. nóv. • **Excel,** hefst 21. nóv. • **Outlook,** hefst 5. des.

MICROSOFT VOTTUN — *Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI — *Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM — *Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA

# Kaffistofan

Fjölbreytt úrval af vörum fyrir kaffistofuna, allt á einum stað.

REKSTRARLAND




PIPAR\TBWA • SÍA • 132327

Skeifunni 11 | Sími 515 1100 www.rekstrarland.is

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Vífilsstaðaspítalinn senn opnaður á ný

Forstjóri Landspítalans segir að fyrstu hjúkrunarsjúklingarnir sem dvelja á lyflækningasviði sjúkrahússins verði fluttir á Vífilsstaði 20. nóvember. Það létti mjög álagi af spítalanum. Skoðað verður hvort rekstur Vífilsstaða verði boðinn út.



PÁLL MATTHÍASSON

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við vonum að það verði hægt að opna á Vífilsstöðum 20. nóvember, þann sama dag ættu fimmtán hjúkrunarsjúklingar að geta flutt þangað,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. Hann segir að á Landspítalanum liggi nú á milli 40 og 50 manns sem hafi gilt færni- og heilsumat en bíði eftir því að flytja á hjúkrunarheimili. Flesta þessa sjúklinga verði hægt að útskrifa af spítalanum og flytja á Vífilsstaði

Páll segir að það skipti miklu máli fyrir starfsemi á Landspítalanum að geta útskrifað þetta fólk.

„Það myndast rúm fyrir bráðveikt fólk og þetta dregur úr álagi á starfsfólk sjúkrahússins.“

Páll segir að það skipti ekki síður máli fyrir hjúkrunarsjúklingana að komast af Landspítalanum og á hjúkrunarheimili. Þeir komist í rólegra umhverfi og fái hjúkrun við hæfi.

Opnun Vífilsstaðaheimilisins komi því til með að létta álagi af lyflækningasviði Landspítala en um leið sé komið til móts við þarfir hjúkrunarsjúklinganna.

Páll segist vongóður um að hægt verði að manna lausar stöður á Vífilsstöðum. Þessa dagana sé verið að ráða fólk til starfa.

Á Vífilsstöðum verða 42 hjúkrunarrými. Áætlað er að það kosti 136 milljónir króna að opna heimilið og reka það á þessu ári. Á næsta ári er talið að rekstrarkostnaður Vífilsstaða verði 349 milljónir króna.

Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að endurskoða rekstrarformið á Vífilsstöðum að reynslutíma liðnum. Þá verður það metið hvort bjóða eigi reksturinn út – hvort aðrir séu betur til þess fallnir en Landspítalinn að reka heimilið.

Páll segir að jafnframt verði metið hvort þörf sé fyrir stað þar sem fólk geti dvalið á meðan það bíður eftir endanlegu úrræði.

Hann segir að ekki sé hægt að draga fjöður yfir að þörf sé á fleiri hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu og þörfin komi til með að aukast í framtíðinni eftir því sem þjóðin eldist.

johanna @frettabladid.is



**FLUTNINGAR** Stefnt er að því að flytja 15 hjúkrunarsjúklinga á Vífilsstaði 20. nóvember, næstu daga þar á eftir verða 25 til 30 fluttir.


www.volkswagen.is




# Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá

**5.360.000 kr.**

Das Auto.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**ÓVISSA** Draga má í efa að agnir, sem þóttu benda til þess að Neanderdalsmenn borðuðu grænmeti, færi nokkrar sönnur á það. NORDICPHOTOS/AFP

Draga grænmetisátið í efa:

## Innihald maga gæti blekkt

**VÍSINDI** Ekki er víst að Neanderdalsmenn hafi lifað jafn heilsusamlegu lífi og vísindamenn hafa talið og ástæða er til að efast um að þeir hafi borðað grænmeti að nokkru ráði, segja vísindamenn við breska náttúruvísindasafnið í London.

Vísindamenn hafa hingað til gengið út frá því að grænmetisagnir sem fundist hafa á tönnum þessara fornmanna sýni fram á að þeir hafi borðað grænmeti.

Ný rannsókn, sem vitnað er til í breska blaðinu Guardian, sýnir að þeir gætu allt eins hafa borðað innihald maga dýranna sem þeir veiddu sér til matar. Þekkt er að innihald maga grasbíta þótti sérstakt góðgæti meðal inúíta og annarra frumbyggja Ameríku. - bj

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Vill 4. til 5. sæti

Rafn Steingrímsson gefur kost á sér í 4. til 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 16. nóvember næstkomandi fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Hann er 25 ára og starfar við vefhönnun og forritun.



RAFN STEINGRÍMSSON

### Sækist eftir 3. sæti

Marta Guðjónsdóttir, fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, sækist eftir 3. sæti í prófkjöri flokksins 16. nóvember. Hún hefur setið í umhverfis- og skipulagsráði, íþrótta- og tómstundaráði, menningar- og ferðamálaráði, mannréttindaráði og heilbrigðisnefnd borgarinnar.



MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR

### Sækist eftir 4. til 6. sæti

Sigurjón Arnórsson sækist eftir 4. til 6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Sigurjón er alþjóðlegur viðskiptafræðingur og situr í stjórn Félags sjálfstæðismanna í Skóga- og Seljahverfi.



SIGURJÓN ARNÓRSSON

### Stefnir á 4. sæti

Lára Óskarsdóttir hefur lýst yfir framboði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í nóvember og sækist eftir 4. sæti. Hún gegnir formennsku í Félagi sjálfstæðismanna í Laugarnes- og Túnahverfi auk þess að sitja í framkvæmdastjórn Varðar og stjórn fjárlaganefndar Sjálfstæðisflokksins.



LÁRA ÓSKARSDÓTTIR

Gróðureldarnir í Ástralíu eru með þeim verstu sem þar hafa geisað:

# Hundruð heimila orðið eldunum að bráð

**ÁSTRALÍA, AP** Hundruð heimila hafa orðið gróðureldunum í Nýja-Suður-Wales í Ástralíu að bráð síðustu daga.

Slökkvistarfi hefur sérstaklega verið beint að því að ráða niðurlögum mikilla elda nálægt bænum Lithgow, en búist er við hættuástandi víða í fylkinu næstu dagana.

Einhverjir umhleypingar eru sagðir verða í veðrinu í dag, með nokkurri úrkomu sem þó er ekki talið að muni dempa eldana neitt að ráði.

Síðan versna aðstæður á ný á morgun, þannig að ekki er séð fram á að nokkurt lát verði á eldunum næstu dagana.

Eldarnir hafa nú þegar kostað eitt mannslíf, en 208 heimili hafa eyðilagst með öllu og 122 skemmst í eldunum.

Að minnsta kosti á fimmtán stöðum í fylkinu hafa slökkviliðsmenn og sjálfboðaliðar ekki ráðið neitt við eldana, en aðstæður á sunnudag gerðu mönnum kleift að fækka eldunum í kringum stórborgina Sydney úr rúmlega hundrað niður í 61.

Aðstæður eru hins vegar fljótar að breytast og í gær var talin hætta á að tveir stærstu eldarnir sameinuðust á svæðinu vestur af Bláfjöllum allt til Sydney og stofnuðu þar með borginni í mikla hættu. - gb



**ERFITT SLÖKKVISTARF** Búist er við erfiðum veðurskilyrðum áfram, miklum hitum og roki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Vodafone hvetur til umræðu um stafrænt uppeldi og gefur út ókeypis app:

# Stýrir snjallsímanotkun barna

**TÆKNI** Vodafone býður nú neytendum app að kostnaðarlausu sem gerir foreldrum kleift að setja snjallsímanotkun barna sinna sanngjörn mörk. Með appinu er meðal annars hægt að skilgreina hverjir geta hringt í barnið, hvert barnið getur hringt og hvenær kveikt er á tiltekinni virkni snjallsímans. Appið, Vodafone Guardian, er aðgengilegt öllum sem nota Android-snjallsíma, óháð því hvaða símafyrirtæki þeir skipta við.

„Þetta er liður í stærra verkefni sem við erum með í gangi en það snýst um að vekja fólk til umhugsunar um notkun barna á snjalltækjum og tölvum og hvaða rafrænu spor eða ímynd þau eru að búa sér til. Netið gleymir aldrei. Mynd sem tekin er nú gæti átt eftir að elta þau í atvinnuviðtal í framtíðinni,“ segir Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone.



**HRANNAR PÉTURSSON** framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone.

Auk appsins hefur Vodafone gefið út tímarit um stafrænt uppeldi í samstarfi við samtökin Heimili og skóli og SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni. Markmiðið er að fræða uppalendur á öllum aldri um möguleikana sem eru í boði og veita góð ráð.

- ibs



**KEMUR AF FUNDI** Charles H. Rivkin, sendiherra Bandaríkjanna í Frakklandi, að loknum fundi með Laurent Fabius utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Frökkum ofbýður hleranagleði NSA

Utanríkisráðherra Frakklands krefst skýringa á athæfi bandarískra leyniþjónustumanna, sem söfnuðu upplýsingum um 70 milljón símtöl í Frakklandi á einum mánuði. Mexíkóstjórn mótmælir einnig hlerunum í forsetahöll landsins á síðasta ári.

**FRAKKLAND** Franska dagblaðið Le Monde skýrði frá því að bandaríska Þjóðaröryggisstofnunin, NSA, hefði safnað saman gögnum um meira en sjötíu milljónir símtala í Frakklandi á mánaðar tímabili um og eftir síðustu áramót.

Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, brást snöggleg við og kallaði í gær bandaríska sendiherrann í Frakklandi á sinn fund vegna meintra njósna. Fabius krefst útskýringa á þessum aðgerðum sem hann segir „gjörsamlega óásættanlegar“.

Frétt Le Monde byggir á gögnum frá uppljóstraranum Edward Snowden. Þar kemur fram að þegar hringt var úr ákveðnum númerum geymdust gögn um þau sjálfkrafa. Þá geymdi kerfið líka textaskilaboð sem innihéldu ákveðin lykilorð.

Njósnaaðgerðir bandarískra stofnana hafa víða valdið miklu uppnámi, meðal annars í löndum á borð við Bretland, Þýskaland og nú Frakkland þar sem Bandaríkin hafa orðið uppvís að slíku.

Þýsk stjórnvöld hafa meðal annars brugðist við með því að fella úr gildi samning frá kaldastríðsárunum, sem veitti Bretum og Bandaríkjunum heimild til þess að krefja þýska embættismenn um aðstoð við eftirlit innan Þýskalands í þeim tilgangi að vernda breska og bandaríska hermenn þar.

„Ég skil vel reiðina í Frakklandi,“ sagði Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, í gær. „Svona nokkuð er ekki gert á milli vina. Þess vegna er mikilvægt að allt komi í ljós um það sem gerst hefur.“

Stjórnvöld í Brasilíu og Mexíkó hafa, auk fleiri ríkja í Suður- og Mið-Ameríku, einnig gert alvarlegar athugasemdir við framferði Bandaríkjanna.



**HÖFUÐSTÖÐVAR FSB Í MOSKVU**

## Rússar ætla að vakta alla netnotkun

Rússneska leyniþjónustan FSB hyggst efla eftirlit sitt með netnotkun landsmanna og krefja netþjónustufyrirtæki um tæknilega aðstoð.

Þetta kemur fram á vefsíðu rússneska dagblaðsins Kommersant, en þýska vikuritið Der Spiegel skýrir frá þessu á vef sínum.

Fyrirtækið Vimpelcom, sem er ein stærsta netveita Rússlands, telur þessar fyrirhuguðu njósnir brjóta í bága við rússnesku stjórnarskrána. Vestræn netþjónustufyrirtæki á bak við Skype og Google Mail munu einnig þurfa að hlíta stjórnvaldsskipunum í þessu efni.

Að sögn Spiegel verður leyniþjónustunni heimilt að vista í allt að tólf klukkustundir gögn um alla notkun internetsins í Rússlandi. Til þess að gera þetta kleift verður netþjónustufyrirtækjum gert skylt að tengja net sín við sérstakan búnað, sem stjórnað verður af leyniþjónustumönnum.

Með þessu er gengið mun lengra en bandaríska leyniþjónustan gerir, því hún hefur látið sér nægja að safna gögnum um samskipti fólks á netinu.

Í báðum þessum löndum kom í ljós að Bandaríkin höfðu hlerað samskipti forseta landanna. Forseti Brasilíu brást við með því að hætta við opinbera heimsókn til Bandaríkjanna, auk þess sem hann átaldi Bandaríkin úr ræðustól á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Þá hefur Mexíkóstjórn krafist rannsóknar á hlerunum Bandaríkjanna í forsetahöllinni í Mexíkó: „Í samskiptum nágranna og samstarfsríkja er ekkert pláss fyrir athæfi af því tagi sem sagt er að hafi átt sér stað,“ segir í yfirlýsingu frá Mexíkóforseta á sunnudaginn.

„Við erum byrjuð að endurskoða það hvernig við söfnum upplýsingum, þannig að við getum gætt jafnvægis milli réttmætra áhyggna borgara okkar og bandamanna okkar af öryggismálum og persónuverndarhagsmunum allra,“ segir Caithlin Hayden, talsmaður Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna í Hvíta húsinu. Hún stendur engu að síður fast á því að upplýsingarnar, sem Bandaríkin safni frá öðrum löndum, séu af sama toga og þær upplýsingar sem „öll önnur lönd safna“.

gudsteinn@frettabladid.is




2 SUBWAY
staðir á Benidorm

Kontakt hefur verið falið að annast milligöngu um sölu tveggja veitingastaða á Benidorm, en eigandinn er að snúa sér að öðrum verkefnum.
Staðirnir eru báðir á besta stað á eða við aðalströndina.
Reksturinn hefur gengið vel, samanlögð velta beggja staðanna er nálægt 100 mkr. og EBITDA hlutfall síðustu tveggja ára um 25%.

Miklir möguleikar fyrir duglega aðila að opna enn fleiri staði á svæðinu. Greiða má kaupverð að hluta í íslenskum krónum.

Nánari upplýsingar: gunnar@kontakt.is og í síma 414 1200.
Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland
Haukur 10.13



Uppbygging tölvunnar og nýjungar

Námskeið fyrir þá sem vilja læra á og þekkja grunnuppbyggingu tölvunnar.

Þátttakendur læra að finna grunnorsakir bilana og lausnir í tölvunni. Að auki kynnast þeir virkni helstu eininga og algengasta inntaks- og úttaksbúnaðar, meginhlutverki örgjörva og minnis, mismunandi geymslumiðlum og helstu nýjungum, meginhlutverki stýrikerfis, helstu tengjum (s.s. USB, FireWire), ræsiferli tölvunnar, mismunandi hugbúnaði fyrir ólík verkefni, skipulagðri skjalastjórnun á diski, tvíunda- og sextándutalnakerfum og hverju það breytir ef tölvan fer í símann.

Ekki er nauðsynlegt að búa yfir mikilli þjálfun eða leikni á tölvu til þess að geta nýtt sér námskeiðið.

Tími: 29. október – 6. nóvember

Skráning og nánari upplýsingar: Sími 514 9602
www.tskoli.is/uppbygging_tolvunnar | endurmenntun@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# HINN EINI SANNI

## SLÁTURMARKAÐUR!

FERSKT DAGLEGA!

## SLÁTURMARKAÐUR Í HAGKAUP SMÁRALIND AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

* ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA OG SUNNUDAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## ÓDÝR, ÞJÓÐLEGUR OG GÓÐUR MATUR

Úr einu slátri færðu u.þ.b. 25 matarskammta...



HAGKAUP

Ein ferð betra verð




Daglegt líf. Þetta hversdagslega gangverk sem þarf að eiga sér stað. Við erum öll hluti af samfélagi sem þarf afl og kraft í gegnum daginn. Hvort sem leiðin liggur milli heimilis og vinnu, í skólann eða á æskuslóðir þá treystir samfélagið á lifandi aflstöðvar vítt og breitt um landið. Þéttriðið þjónustunet N1 um allt land veitir Íslendingum orku til að komast áfram – því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

# Hluti af daglegu lífi

Sívinsæl samsetning:
KÓK
KÓK & PRINS
PRINS

BOOZT
Helstu næringar-efni sem Boozt-drykkir innihalda eru prótein, B2-vítamín, kalk, fosfór og kalíum.

Viðskiptavinir N1 vilja pylsuna sína með:

Tómatsósu, sinnepi & steiktum
45%
Öllu
32%
Tómatsósu
8%
Sinnepi & hráum
3%
Öðru
12%

Tankur fólksbíls rúmar að jafnaði
50 lítra
=
151 ½
litlar kók í gleri.

E F

Ísbíltúr er rómantísk kvöldstund.
Talið er að yfir 70% íslenskra kærustupara hafi farið saman í ísbíltúr.

Fjöldi bíla á íslandi á skrá í dag:
213.378
Það eru a.m.k. 426.756 rúðuþurrkur.

Árlega seljast á N1 um
1,4 milljónir
súkkulaðistykkja.
Dýrasti súkkulaðimoli heims er Chocopologie frá framleiðandanum Knipschildt. 450 g kosta 507.100 kr. Sú tegund fæst því miður ekki á N1 eins og er.

TALIÐ ER AÐ
78%
Íslendinga þyki bensínlykt góð.
Til þess að ná bensínlykt úr fötum er best að láta þau liggja í barnaolíu yfir nótt, þvo svo upp úr matarsóda og loks með venjulegu þvottaefni.

ÁRIÐ
1992
Fyrsti Vegabréfaleikurinn

Fjöldi einstaklinga með N1 kortið er u.þ.b.
90.000

HRINGBRAUT ÁRTÚNSHÖFÐA & LÆKJARGÖTU, HAFNARFIRÐI
N1 Opið
24/7

Komum af stað!
N1

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 66197 10/13

# SKOÐUN

Ástmögur þjóðarinnar handtekinn fyrir óhlýðni:

## Pólitík í Gálgahrauni

Hvers konar ríki er það sem handtekur Ómar Ragnarsson? var spurt víða á samfélagsmiðlum í gær, eftir að þessi ástmögur þjóðarinnar var tekinn höndum þar sem hann sat ásamt fleirum í vegi vinnuvéla í Gálgahrauni. Svo fylgdu gjarnan athugasemdir um lögregluríki, offors og yfirgang lögreglunnar og fleira af því tagi.

Svarið við spurningunni er samt allt annað. Ríkið sem handtekur Ómar Ragnarsson er ríkið sem fer ekki í manngreinarálit við framkvæmd laganna. Ómar og félagar stöðvuðu löglegar framkvæmdir, sem öll tilskilin leyfi eru fyrir frá til þess bærum yfirvöldum. Lögreglan var að vinna vinnuna sína og ekki verður séð af myndum af atburðunum að hún hafi beitt meira valdi en nauðsynlegt var til að fjarlægja fólkið og leyfa framkvæmdunum að halda áfram. Þótt mótmælin hafi verið friðsamleg var lögreglan í fullum rétti að stöðva þau.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Við höfum tiltekið kerfi stofnana og eftirlitsaðila til að meta hvort framkvæmdir eins og við nýja Álftanesveginn standist lög og reglur. Framkvæmdin fór í gegnum skipulagsferli og þrátt fyrir kærur hafa bæði umhverfismat og framkvæmdaleyfi verið úrskurðuð gild. Í því felst það mat viðkomandi stofnana að almannahagsmunir af veginum séu það miklir að þeir réttlæti þau náttúruspjöll sem hann kann að hafa í för með sér.

Andstæðingar vegarins vísa til þess að kærumál vegna hans séu fyrir dómi. Vegagerðin bendir hins vegar réttilega á að séu öll tilskilin leyfi fengin, sé meginreglan í íslenzkum rétti sú að málarekstur fresti ekki framkvæmdum. Flestar framkvæmdir eru umdeildar og það er líka rétt hjá Vegagerðinni að lítið væri framkvæmt ef alltaf væri hægt að fresta þeim með kærumálum.

Lögreglulögin eru skýr um að fólki ber að fara að fyrirmælum lögreglu. Þá sem ekki gera það má handtaka. Þetta vissu andstæðingar Álftanesvegarins að sjálfsögðu. Þeir beittu þeirri pólitísku baráttuaðferð sem kölluð er borgaraleg óhlýðni og á sér langa hefð, fremur þó í nágrannalöndunum en hér á Íslandi. Í Bretlandi eru mótmæli við vegaframkvæmdum í dreifbýli til dæmis algeng og heldri borgarar standa gjarnan í vegi fyrir jarðýtunum í Barbour-jökkunum sínum og stígvélunum, vitandi vits að þeir verði handteknir. Enda er óhlýðnin fremur pólitísk yfirlýsing en að fólki detti í alvörunni í hug að það geti stöðvað vinnuvélarnar.

Á endanum snýst deilan um vegarlagninguna í Gálgahrauni nefnilega um pólitík fremur en lögfræði. Meirihluti bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur ákveðið að keyra málið áfram, þrátt fyrir mótmælin. Það er pólitísk ákvörðun. Í ljósi þess að lítil þörf virðist vera á nýja veginum miðað við umferð og slysatíðni og umhverfisspjöllin af hans völdum eru veruleg og óafturkræf, kann það að vera misráðin pólitík að bíða ekki niðurstöðu í dómsmálunum sem nú eru rekin.

Ef það er svo niðurstaða kjósenda í Garðabæ að bæjarstjórnarmeirihlutinn hafi farið fram með offorsi, henda þeir honum væntanlega út í bæjarstjórnarkosningunum næsta vor. Það væri raunar árangursríkari friðsamleg aðgerð en að reyna að stöðva löglegar framkvæmdir með þaulsetu í hrauninu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýjustu fréttir

Kæru Íslendingar, í fréttum er þetta helst: Ómar Ragnarsson var handtekinn í gær. Já, sá Ómar Ragnarsson. Gleðigjafinn gamalkunni sem hver Íslendingur yfir tíu ára aldri þekkir. Algjörlega óháð þeim aðstæðum þegar þetta átti sér stað og á hverju gekk í aðdraganda handtökunnar skýtur þetta verulega skökku við.

### Þjóðin sem handtók Ómar

Maður veltir líka fyrir sér hvað flogið hefur um hugskot lögregluþjónanna sem leiddu Ómar Ragnarsson, í járnum, inn í lögreglubíl og lokuðu á eftir.



Verður maður ekki þá að íhuga hvort maður sé staddur réttum megin í tilverunni? Svo vitnað sé í Facebook-status Braga Valdimars Skúlasonar, Baggalúts með meiru: „Ég nenni ekki að vera með í þjóð sem handtekur Ómar Ragnarsson.“ Hverjum verður næst fleygt í grjótið? Ragga Bjarna?

### Grínast með Besta

Niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar á fylgi flokkanna í borgarstjórn í Reykjavík leiða í ljós að Besti flokkurinn bætir við sig. Það yrði mikið reiðarslag fyrir gömlu flokkana ef þetta yrði raunin, þar með talið Samfylkinguna sem myndar meirihluta með Besta. En það er sem betur fer ekkert að óttast ef marka má Pál Vilhjálmsson. Á bloggi sínu segir Páll að þessi skoðanakönnun sýni skopskyn Reykvíkinga sem svari skoðanakönnunum í gríni. „Vitanlega dett[i] ekki nokkrum lifandi manni í hug að kjósa Jón Gnarr“ nema vinum og fjölskyldu frambjóðenda. Reykvíkingar eru ekki bara ótrúlega fyndnir heldur líka þrautseigir, því þeir hafa nú í um það bil hálft ár látið eins og um og yfir þriðjungur þeirra ætli að kjósa Besta.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Skilaboðin úr Trékyllisvík

EVRÓPUMÁL



**Árni Páll Árnason**

formaður Samfylkingarinnar

Um þarsíðustu helgi var haldið Fjórðungsþing Vestfirðinga í Trékyllisvík á Ströndum. Þar var samþykkt ályktun um að harma þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að slá aðildarviðræðum við Evrópusambandið á frest. Þingið skoraði á ríkisstjórnina að klára viðræðurnar og bera samning undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Gríðarleg vinna hafi verið lögð í undirbúning verkefna sem miða að því að bæta samkeppnishæfni svæða, en eru nú í uppnámi vegna óvissu um áframhald IPA-verkefna.

„Byggðastefna ESB miðar að því að aðstoða hvert svæði við að nýta getu sína til fullnustu með því að bæta samkeppnishæfni og efla atvinnulíf,“ segir í ályktuninni. „Það er gert með verulegu fjármagni og aðferðafræði sem gæti nýst okkur Íslendingum afar vel.“

Á Vestfjörðum hefur undanfarin ár verið lögð mikil vinna í að skilgreina leiðir til að byggja upp atvinnulíf og treysta byggð. Grunnurinn sem heimamenn vilja byggja á er hreinleiki svæðisins, ósnortin náttúra og vitund um mikilvægi umhverfisverndar. Í slíku felast sóknarfæri í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi.

En veruleikinn er erfiður. Of háir vextir og lélegur aðgangur að fé til uppbyggingar. Aðild að ESB myndi leysa þann vanda fyrir Vestfirðinga, eins og aðra í hinum dreifðu byggðum.

> ➜ **Spurningin er hvort ríkisstjórnin hlusti. Hún hefur nú þegar orðið sér til minnkunar með því að telja sig vita betur hverjir séu hagsmunir verkalýðshreyfingar og atvinnulífs.**

Og án aðgangs að erlendum mörkuðum mun störfum tæpast fjölga í landbúnaði. Landbúnaðurinn hefur gríðarlega vaxtarmöguleika, en þarf að losna úr álögum einangrunar og fákeppni í afurðaþróun. Aðild að ESB myndi skapa okkur ný tækifæri til að fjölga störfum í landbúnaði.

Skilaboðin úr Trékyllisvík eru skýr: Hagsmunir landsbyggðanna felast í því að lokið verði við samninga um aðild að ESB.

Spurningin er hvort ríkisstjórnin hlusti. Hún hefur nú þegar orðið sér til minnkunar með því að telja sig vita betur hverjir eru hagsmunir verkalýðshreyfingar og atvinnulífsins en Alþýðusambandið, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð. Ætlar hún núna að segja okkur að hún þekki betur hagsmuni landsbyggðanna en fundur Vestfirðinga í Trékyllisvík?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Krabbameinin í loftinu

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



> Því verður þó ekki neitað að hreina loftið sem við stærum okkur af er alls ekki svo hreint ...

Við þekkjum flest þá góðu tilfinningu að draga djúpt andann, fylla lungun og finna ferskt loftið leika um þau hvort heldur sem er að sumri eða vetri. Súrefni er okkur lífsnauðsynlegt og viðheldur starfsemi líkamans og efnaskiptum hans, en það er einungis lítill hluti af því lofti sem við öndum alla jafna að okkur. Með önduninni erum við einnig að losa líkamann við úrgangsefni sem falla til í líkamanum. Þessi vinna fer fram allan sólarhringinn og oftast nær án þess að við tökum sérstaklega eftir því, nema hugsanlega þegar við reynum á okkur eins og við að hlaupa eða hjóla eða ef við erum með vandamál sem hafa áhrif á loftskiptin líkt og til dæmis lungna- eða hjartasjúkdóma.

Þegar maður er hraustur þykir manni þetta allt saman sjálfsagt og veltir lítið fyrir sér loftgæðum, þó finnum við flest fyrir því ef ekki er nægjanlegt magn súrefnis í andrúmsloftinu eða ef magn mengandi efna er aukið. Þeir sem aftur glíma við lungnasjúkdóma eru enn næmari fyrir slíku. Það skiptir því verulegu máli hversu mikil mengunin er, ekki bara vegna tímabundinna óþæginda heldur einnig til lengri tíma litið. Það hefur verið þekkt um langt árabil að mengun hafi verulega neikvæð áhrif á heilsu manna í víðtækum skilningi en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) tilkynnti nýverið að svifryk væri nú flokkað sem krabbameinsvaldur í fyrsta flokki líkt og tóbak og asbest.

Þetta eru miklar fréttir þar sem þessum umhverfisþætti er nú tileinkaður stór sess sem orsakavaldur lungnakrabbameina og blöðrukrabbameina á heimsvísu með tilheyrandi dánartíðni af völdum slíkra sjúkdóma. Áætlað er að ríflega 220.000 manns hafi látist árið 2010 á heimsvísu úr lungnakrabbameini af þessum orsökum. Til að fyrirbyggja allan misskilning eru reykingar engu að síður enn meginorsök fyrir myndun lungnakrabbameins og falla margfalt fleiri á hverju ári af þeirra völdum, þær eiga sér því engar málsbætur!

**Margföldun heilsuverndarmarka**

Það er augljóslega ekki sama hvar maður býr en samkvæmt skýrslu WHO um áhrifaþætti heilsu í Evrópu fyrir árið 2012 kom í ljós að á Íslandi er minnsta svifryksmengunin í álfunni, en sú mesta í Tyrklandi. Það eru jákvæðar fréttir fyrir okkur Íslendinga og enn eitt metið sem við getum státað af, en við þurfum að halda vel á spilunum í nútíð og framtíð til að spilla því ekki. Almennt er talið að mengun geti stytt líf einstaklinga um allt að 3-4 ár, sem er umtalsvert, og því mikilvægt að hafa hana í huga sem eitt af stóru lýðheilsuvandamálunum bæði á heimsvísu sem og hérlendis.

Þegar maður skoðar viðmiðunargildi fyrir svifryksmengun í ofangreindri skýrslu er fyrst og fremst tekið meðaltalsgildi á ári og er það samanburður þar sem við komum sérstaklega vel út, en mælingarnar sem notast er við eru frá árunum 2006-2009. Hins vegar er áhugavert að skoða núverandi gildi og þá til dæmis mælingar á Grensásvegi þar sem umferð er alla jafna töluverð. Þar eru gildin margsinnis undanfarið ár langt yfir heilsuverndarmörkum eða allt að tíföld. Nú kynnu sumir að segja að Grensásvegur sé ekki lýsandi fyrir Reykjavík sem kann að vera rétt, en ef við tökum Húsdýragarðinn í Laugardal eða færanlega mælistöð sjáum við einnig reglubundna margföldun heilsuverndarmarka og allt að tíföldun sem veit ekki á gott þegar um krabbameinsvaldandi efni er að ræða.

Það er auðvitað hægt að æra óstöðugan og augljóslega margt sem kemur til þegar horft er til myndunar krabbameins samanber erfðir, reykingar, mataræði, hreyfingu og útsetningu fyrir öðrum þekktum meinvaldandi efnum. Því verður þó ekki neitað að hreina loftið sem við stærum okkur af er alls ekki svo hreint, a.m.k hér á höfuðborgarsvæðinu og má segja að krabbameinin liggi í loftinu þegar til lengri tíma er litið. Ekki ætla ég að draga úr áhuga eða elju einstaklinga til að stunda líkamsrækt, hlaup, hjólreiðar eða aðra útiveru, síður en svo. Þó er mögulega skynsamlegra að gera það fjær umferð en við sjáum í dag. Þá er rétt að hvetja til þess að draga úr svifryksmengun eins mikið og mögulegt er þar sem því verður við komið og væri það líklega best gert með því að aka ekki á nagladekkjum í vetur og á sem umhverfisvænustum ökutækjum.

# Komum heyrandi heim!

HEILBRIGÐISMÁL
Kolbrún Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar



> ➔ Þeir sem stunda skotveiði án heyrnarhlífa eru að taka mikla áhættu.

Nú er rjúpnavertíðin að hefjast og víst er að þeir verða ófáir veiðimennirnir sem halda til fjalla þessa fáu daga sem leyfið varir.

Fátt er meira spennandi en fyrsti dagur á rjúpu og heimkoma með góðan feng er góð tilfinning. Það er hins vegar staðreynd að ekki enda allar veiðiferðir vel fyrir þann sem mundar byssuna.

Þeir sem stunda skotveiði án heyrnarhlífa eru að taka mikla áhættu.

Eitt skot úr byssu getur leitt til varanlegrar heyrnarskerðingar. Hljóðstyrkur úr byssuskoti er talinn vera allt að 140 dB en 150 dB eru talin óbærilegur hávaði. Þessu til samanburðar er hæsti leyfilegi hávaði á vinnustað án heyrnarhlífa 85 dB. Það er því ljóst að hávaði af þessu tagi er afar hættulegur heyrninni.

Þar sem sjón og heyrn eru þau skynfæri sem reynir hvað mest á við veiðar, hlýtur það að vera erfitt þegar fullrar heyrnar nýtur ekki lengur við. Heyrnarskemmd verður ekki bætt eftir á.

Því ætti þeim sem stunda þessar veiðar að vera sérlega umhugað um að verja sig fyrir þessum áhættuþætti og nota þar til gerða eyrnatappa eða heyrnarhlífar.

Leggjum metnað okkar í að vera vel búin og vel varin í öllum okkar veiðiferðum, einkum þar sem skotvopn eru notuð. Látum ekki óþarfa kæruleysi taka frá okkur heyrnina.

Góða veiði og komum vel heyrandi heim.

## AF NETINU

### Berserkslæti kontórista

Erfitt er að átta sig á berserkslátum, sem gripið hafa opinbera kontórista með vegamálastjóra í broddi fylkingar. Vegurinn yfir Gálgahraun er út í hött og kostar milljarð, meðan Landspítalinn sveltur. Enginn þarf á þessum vegi að halda, nema bæjarstjórn Garðabæjar, sem ekki þarf að borga krónu fyrir ruglið. Sökin er fyrst og fremst á herðum Hreins Haraldssonar. Hann sættir sig ekki við að hafa fengið núll í heilbrigðri skynsemi. Hann skal samt fá að nauðga sérstæðri náttúru með því að troða þessum óþarfa vegi á hraunið. Sigar fávísri löggunni á valinkunna borgara til að segja: Minn er mátturinn.

http://www.jonas.is/, *Jónas Kristjánsson*

### Sami hráskinnaleikurinn, sömu trixin

Sjálfstæðismenn vinna nú af kappi að því að svæfa endanlega samþykkt Alþingis frá síðasta kjörtímabili um skipan rannsóknarnefndar til að skoða einkavæðingu bankanna fyrir rúmum tíu árum.

Ástæðan er auðvitað sú að komist sú rannsóknarnefnd á legg og vinni verk sitt vel, þá er ansi mikil hætta á að gusurnar muni ganga yfir orðstír margra úr Sjálfstæðisflokknum – og Framsóknarflokknum raunar líka.

Frá Davíð og Halldóri og niðrúr.

http://blog.pressan.is
*Illugi Jökulsson*

BÚSETI *30 ára*



*„Þriðja leiðin á húsnæðismarkaðinum"*

**Ráðstefna fimmtudaginn 24. október**
**Hótel Natura kl. 13-17**

Í tilefni af 30 ára afmæli Húsnæðissamvinnufélagsins Búseta er boðið til ráðstefnu þar sem fjallað verður um Búseta og húsnæðissamvinnufélagsformið sem traustan og samfélagslega ábyrgan valkost á íslenskum húsnæðismarkaði.

Ráðstefnan er öllum opin og eru þeir sem láta sig húsnæðismál varða sérstaklega hvattir til að mæta.

**Skráning fer fram á www.buseti.is**

*Dagskrá:*

13:00 **Setning**

13:10 **Stiklað á stóru í sögu Búseta**
Gylfi Dalmann stjórnarformaður Búseta

13:30 **Ávarp ráðherra**
Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra

13:45 **Búseti á tímamótum**
Gísli Örn Bjarnhéðinsson framkvæmdastjóri Búseta

14:10 **Cooperative housing – a sustainable and competitive solution in todays housing markets**
David Rodgers Alþjóðaforseti ICA housing

14:50 **Kaffihlé**

15:10 **Húsnæðismarkaður framtíðarinnar**
Ari Skúlason hagfræðingur Hagfræðideild Landsbankans

15:30 **Uppbyggingarverkefni Búseta og framtíðarsýn**
Guðrún Ingvarsdóttir verkefnisstjóri þróunarverkefna Búseta

15: 50 **Þjónustukönnun Búseta**
Kristján Pétursson sérfræðingur Capacent

16:10 **Pallborð og umræður**
16:30 **Ráðstefnuslit - léttar veitingar**

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

ica

# Makrílsamningar munu færa milljarða

SJÁVARÚTVEGUR



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur

Á meðan ósamið er um makrílveiðarnar við Evrópusambandið, Norðmenn og Rússa er tugum milljarða sóað árlega og stofninn ofveiddur.

Sóunin felst í því að veiða makrílinn á sumrin þegar hann er of feitur til að henta til fullvinnslu neytendavöru, en sú nýting gefur langmestan arð. Megnið af því sem við veiðum seljum við á um þrefalt lægra verði en fæst fyrir bestu vöru. Með því að semja við hlutaðeigandi þjóðir opnast á að við getum veitt makrílinn að vetrinum og selt hann á hæsta verði inn á Evrópumarkað. Dæmi um verðmuninn er að árið 2012 fengum við hæst rúmar 600 kr. á kíló fyrir makríl til Hollands en obbinn af veiðinni var hins vegar seldur til Rússlands á aðeins 180 kr. á kíló 4). Hér er rúmlega þrefaldur munur. Ef öll veiðin undanfarin ár hefði verið seld á um 600 kr. kílóið hefðu tekjurnar orðið meira en hundrað milljörðum hærri en raunin varð þessi ár.

Það ætti að vera auðvelt að semja um veiðarnar við hinar strandveiðiþjóðirnar. Þær vilja allar vísindalega stjórnun veiða eins og við. Auðvelt er að reikna sanngjarnan hlut hverrar þjóðar út frá upplýsingum um hvar makríllinn heldur sig eftir árstímum og hversu mikla næringu hann tekur upp á hverju svæði. Þær upplýsingar liggja fyrir og þetta er rannsakað á ári hverju og breytingar milli ára liggja einnig fyrir.

### Langt umfram ráðgjöf

Vesturstofn makríls sem við veiðum úr er talinn vera um 8,8 millj. tonn 2). Hann heldur sig að mestu í Norðursjónum, hafinu norður af Bretlandi og upp með Noregi og teygir sig hin síðari ár yfir til Íslands á sumrin, hversu lengi sem það nú stendur. Ráðlögð heildarveiði úr stofninum er um 550 þ. tonn á ári sem kann að aukast með aukinni dreifingu. Með auknum einhliða veiðum okkar og Færeyinga hafa verið veidd um 700 til 900 þ. tonn á ári, sem er langt umfram ráðgjöf vísindamanna.

Á Íslandsmiðum eru talin vera um 1,5 millj. tonna af makríl yfir sumartímann sem er um 17% stofnsins 3). Ætla má að af heildarfæðu makrílsins neyti stofninn um 8% hér. Við úthlutuðum okkur sjálf um 170 þús. tonna veiðikvóta í ár sem er um 30% af heildar ráðlagðri veiði en náum reyndar ekki að veiða nema um 123 þ. tonn í ár, 2013. Við getum ekki vænst þess að semja um svona mikla veiði.

Eðlilegur hlutur Íslendinga af makrílnum er á bilinu 8% til 17% miðað við fæðurökin. Ef millivegurinn er farinn og samið um 12% gerir það um 70 þús. tonn árlega m.v. ráðlagðan heildarkvóta en útlit er fyrir að auka megi hann verulega. En þessi afli mun gefa mun meira af sér en þau 120 þús. tonn sem við veiðum núna af því söluverðið verður um þrefalt hærra.

**➜ Hvert ár sem það dregst að semja um makrílinn töpum við mörgum milljörðum, göngum á makrílstofninn og völdum umhverfisskaða. Þar á ofan veldur það okkur skaða vegna neikvæðra viðbragða og jafnvel refsiaðgerða hlutaðeigandi þjóða.**

Annað þessu tengt er að við borgum 10% toll á fullunnar fiskafurðir inn á Evrópusambandssvæðið á meðan við stöndum utan ESB. Þetta heldur aftur af þróun fullvinnslu hér og dregur úr þjóðartekjum.

Hvert ár sem það dregst að semja um makrílinn töpum við mörgum milljörðum, göngum á makrílstofninn og völdum umhverfisskaða. Þar á ofan veldur það okkur skaða vegna neikvæðra viðbragða og jafnvel refsiaðgerða hlutaðeigandi þjóða.

**Tilvísanir:**

1 http://skemman.is/stream/get/1946/3218/6935/1/Lokaverkefni_skil_7.pdf
2 http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Makrilskyrsla-2012.pdf
3 http://www.hafro.is/images/frettir/2013/IESSNS_July-August_2013.pdf
4 http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Sjavarutvegur-og-landbunadur

# Fyrir ári

STJÓRNARSKRÁ



**Margrét Tryggvadóttir**
fv. alþingismaður

Um þessar mundir er ár liðið síðan þjóðinni var boðið til lýðræðisveislu. Eftir langt og strangt ferli sem fól meðal annars í sér um þúsund manna þjóðfund, vandaða vinnu stjórnlaganefndar, fjögurra mánaða starf stjórnlagaráðs sem þjóðin valdi þar sem unnið var í opnu ferli og allir íbúar landsins gátu sent inn erindi og spurningar, umfjöllun Alþingis, fjölmiðla og fræðasamfélagsins fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að nýrri stjórnarskrá. Og þjóðin var ánægð með afraksturinn.

Um tveir þriðju kjósenda vildu að tillögur stjórnlagaráðs væru lagðar til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Þá var einnig spurt um ýmis nýmæli í tillögunni. 74% kjósenda vildu að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu yrðu lýstar þjóðareign. 68,5% vildu að í nýrri stjórnarskrá yrði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er. 58,2% vildu jafnt vægi atkvæða og 63,4% vilja að tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Aðeins í einni spurningu lýsti meirihluti kjósenda sig mótfallinn hugmyndum stjórnlagaráðs; 51,1% vill að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í nýju stjórnarskránni. Og auðvitað á þjóðin að ráða því.

### Alþingi virði niðurstöðuna

Ísland telst til vestrænna lýðræðisríkja. Þar af leiðandi byggir stjórnskipun Íslands á þeirri hugmynd að ríkisvaldið sé runnið undan rifjum þjóðarinnar og að þjóðin sjálf sé stjórnarskrárgjafinn þótt þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi fari með það vald á milli kosninga. Fáir efast um formlegt vald Alþingis til að setja þau lög og þar með þá stjórnarskrá sem því hentar en málið er ekki svo einfalt. Í stjórnarskrá er að finna réttindi og skyldur borgaranna en þar eru líka leikreglur stjórnmálanna; ráðherra, þingmanna og sveitarstjórna. Miðað við venjulegar vanhæfisreglur (sem gilda þó sjaldnast í þinginu) eru menn í flestum tilfellum taldir vanhæfir til að setja lög og reglur um sig sjálfa, til þess eru hagsmunir þeirra of miklir. Í nýrri stjórnarskrá er ráðherrum til að mynda bannað að ljúga. Kannski finnst þeim sumum betra að fá að gera það áfram?

Hugmyndin með þessu ferli var að þjóðin fengi, að svo miklu leyti sem það væri tæknilega mögulegt, að setja sér sína eigin stjórnarskrá; samfélagssáttmála um það hvers konar þjóðfélagi við viljum búa í. Ég bið Alþingi Íslendinga að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012.

# Gálgahraun í lífshættu?

SKIPULAG



**Reynir Ingibjartsson**
formaður Hraunavina

Þetta er fyrirsögn úttektar í Morgunblaðinu í byrjun árs 1997, þar sem fjallað er um nýtt aðalskipulag fyrir Garðabæ til 2015. Rætt er við ýmsa málsaðila og kemur fram sterk andstaða við að leggja nýja vegi um Gálgahraunið. Annars vegar er það nýr Álftanesvegur sem nú er loks byrjað á og hins vegar framlenging Vífilsstaðavegar um þvert hraunið og suður á Garðaholt. Sá fyrirhugaði vegur er enn á aðalskipulagi Garðabæjar og með þessum tveimur vegum myndi Gálgahraunið skiptast í fjóra parta.

Í umsögn Náttúruverndarráðs segir að mikilvægt sé að tryggja verndun Gálgahrauns sem hingað til hafi fengið að vera óraskað. Segir í umsögninni að í hrauninu sé fjölbreytilegur gróður en þar væru einnig söguminjar, sögustaðir, fornar götur og búsetuminjar frá ýmsum tímum. Minnt er á að Gálgahraunið væri nyrsta tungan af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli og nefnt hefur verið Búrfellshraun. Að mati Náttúruverndarráðs er „Búrfellshraun í hópi merkra náttúruminja sem forðast ber að raska frekar en orðið er“.

### Sagan um köttinn

Aðvaranir koma einnig frá Fuglaverndarfélaginu og Hinu íslenska náttúrufræðifélagi. Þá taka umhverfisnefndir, bæði þáverandi Bessastaðahrepps og eins Hafnarfjarðarbæjar, undir gagnrýni Náttúruverndarráðs um andstöðu við vegarlagningu yfir Gálgahraunið.

Í umfjölluninni er minnt á söguna um köttinn sem tók að sér að skipta ostbita jafnt á milli músanna. Kötturinn beit síðan af bitanum svo ekkert varð að lokum eftir til skiptanna.

Eins muni fara fyrir Gálgahrauni ef látið verður undan ákvörðunum og þrýstingi stjórnvalda í þessu máli.

Í blaðagreinum um aðalskipulagið og Gálgahraunið frá sama tíma koma einnig fram miklar áhyggjur af þróun mála. Brynja Dís Valsdóttir, framhaldsskólakennari og íbúi á Álftanesi, skrifar ítarlega grein í Morgunblaðið 15. febrúar 1997.

Þar segir: „Það sem mér þykir verst við vegastæðið er að hrauninu er deilt í fjóra hluta með mislægum gatnamótum. Skásta lausnin að mínu mati væri að fylgja gamla vegstæðinu frá Engidal.“

Og í lok greinarinnar segir hún: „Það væri grátbroslegt ef við gætum ekki einu sinni farið sómasamlega með náttúruperlu okkar, Álftanesið, heimreiðina að forsetasetri okkar, andlit þjóðar sem streitist við að eftir henni sé tekið á alþjóðavettvangi fyrir það sem jákvætt er í ofnýttum heimi.“

**➜ Svo fór að ýmsum ofbauð og árið 2007 var félagið Hraunavinir stofnað í þeim tilgangi að verjast frekari ásókn í hraunin í bæjarlöndum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Sú varnarbarátta hefur staðið nánast linnulaust síðan og harðastur hefur slagurinn verið um Álftanesveginn. Baráttan hefur því staðið í 16 ár og enn sér ekki fyrir endann.**

### Trúin á málstaðinn

Árni Björnsson, læknir og einnig íbúi á Álftanesi, sem nú er látinn, skrifar einnig grein 19. febrúar 1997 undir fyrirsögninni „Gefið Gálgahrauni gálgafrest“. Þar segir Árni: „Við sem búum í Bessastaðahreppi vitum að bæta þarf Álftanesveginn, en er nauðsynlegt að fremja náttúruspjöll til þess? Ég veit ekki til að kvartað hafi verið undan staðsetningu vegarins, heldur því að hann er mjór og illa hannaður. Þessu virðist mega breyta án þess að flytja hann.

Hvað sem vegagerð líður, þá er Gálgahraunið fögur og sérstæð náttúrusmíð, sem yrði eyðilögð með vegalagningu.“

Því miður fóru yfirvöld Garðabæjar ekki eftir þessum aðvörunum öllum. Nokkru síðar var hafin bygging íbúahverfis norðan við núverandi Álftanesveg og hafinn undirbúningur að lagningu nýs Álftanesvegar. Þá opnuðu yfirvöld Garðabæjar upp á gátt leið inn í hraunið sunnan Vífilsstaða, þar sem IKEA og fleiri fyrirtæki hafa reist stórbyggingar.

Svo fór að ýmsum ofbauð og árið 2007 var félagið Hraunavinir stofnað í þeim tilgangi að verjast frekari ásókn í hraunin í bæjarlöndum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Sú varnarbarátta hefur staðið nánast linnulaust síðan og harðastur hefur slagurinn verið um Álftanesveginn. Baráttan hefur því staðið í 16 ár og enn sér ekki fyrir endann.

Farið er að líkja átökunum um Gálgahraunið við Laxárdeiluna á sínum tíma og þessi deila snýst meira og meira um réttarstöðu umhverfisverndarsamtaka. Þeir sem í slagnum standa eru því að skrifa nýja kafla í sögu náttúruverndar á Íslandi dag hvern. Trúin á málstaðinn heldur okkur gangandi.

ED DU MED DÍBBLAD NEB?



ÁN ROTVARNAREFNA

Þarftu að losa um stífluna?

Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

DYNAMO REYKJAVÍK

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## HOLLAR APRÍKÓSUR

**Þurrkaðar apríkósur eru afar hollar eins og þær fersku. Margir setja apríkósur út á morgungrautinn en þær eru ríkar af A- og C-vítamíni, járni, kalki og trefjum. Auk þess eru þær bragðgóðar og börn eru sólgin í apríkósugraut.**


YFIRHAFNARDAGAR!
15% afsláttur af öllum yfirhöfnum
Opið laugardaga 12:00-15:00
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770







Út-Rýmingarsala
Rýmum fyrir nýjum vörum.
Allt að 60% afsláttur út Október.
Icegolf
Faxafen 12, 108 Reykjavík
Opið mán. föst. 11–18





GLÆSILEGUR
teg 9017 -
létt fylltur í 70-85B, 75-85C
á kr. 5.800,- buxur kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag Nú opið frá kl 10-14
Vertu vinur




**BENECOS**
Náttúrulegar snyrtivörur án allra skaðlegra efna.

# SNYRTIVÖRUR ÁN PARABEN-EFNA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Á síðustu misserum hafa margir vaknað til vitundar um notkun hreinna snyrtivara. Benecos er fyrir þær sem vilja náttúruvöru.*

Ofnæmisviðbrögð og óþol fyrir snyrti- og hreinlætisvörum eru því miður orðin allt of algeng í nútímasamfélagi en með tilkomu benecos-snyrtivaranna er það loksins á allra færi að geta notað lífrænt vottaðar vörur á frábæru verði!

Náttúrulegar snyrtivörur styðja við náttúrulegan eiginleika húðarinnar. Þær næra og annast húðina með nærgætnum hætti og henta fyrir húð á öllum aldri," segir Ásta Kjartansdóttir hjá snyrtivörudeild Gengur vel. „Húðin er stærsta líffærið okkar og margt sem fer á hana fer inn í blóðrásina og hefur áhrif á líkamsstarfsemina."

Nú þegar Evrópusambandið hyggst banna paraben-efni í snyrtivörum er mjög ánægjulegt að geta boðið upp á benecos-snyrtivörurnar. Þær eru án allra parabena, paraffíns, silíkons, pegs og óæskilegra litar- og ilmefna.

Benecos-naglalökkin eru án skaðlegra efna eins og formaldehíðs, toluene, kamfóru, þalata og colophony.

Benecos-snyrtivörurnar eru ódýrar, flottar og í takt við framtíðina. Með þeim sannast að verð og gæði fara ekki endilega alltaf saman.

Benecos fæst í Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Radísu í Hafnarfirði, Systrasamlaginu á Seltjarnarnesi, Heilsutorgi Blómavals, Snyrtistofunni Rán í Ólafsvík og Snyrtistofunni Öldu á Egilsstöðum.

Certified Natural Cosmetics BDIH

benecos
náttúruleg fegurð




Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



# FÆRRI NOTA TÓBAK

**HEILSA** *Verkefnið Tóbakslaus bekkur hefst nú fimmtánda árið í röð. Nemendur í 7. og 8. bekk um allt land geta tekið þátt ef enginn í bekknum notar tóbak. Neysla tóbaks í grunnskólum hefur dregist saman.*

Rannsóknir sýna að ef hægt er að fresta því að krakkar byrji að nota tóbak, þá byrja færri yfirleitt. Tóbaksneysla í grunnskólum hefur dregist mikið saman undanfarin ár en nú mælast daglegar reykingar í 10. bekk um þrjú prósent. Sú tala var töluvert hærri fyrir örfáum árum,“ segir Viðar Jensson en hann stýrir verkefninu Tóbakslaus bekkur sem nú fer af stað fimmtánda árið í röð.

Allir 7. og 8. bekkir grunnskóla landsins geta tekið þátt í verkefninu, svo fremi sem enginn í bekknum notar tóbak. Viðar segir þátttöku alltaf hafa verið góða.

„Um það bil sjötíu prósent 7. og 8. bekkinga landsins hafa jafnan tekið þátt á hverju ári. Áður töluðum við um „Reyklausan bekk“ en þar sem neysla á munn- og neftóbaki hefur aukist heitir verkefnið nú Tóbakslaus bekkur,“ útskýrir Viðar og segir neyslu á nef- og munntóbaki hafa aukist upp úr árinu 2007.

„Ef við horfum á framleiðslutölur ÁTVR þá voru 16,7 tonn framleidd af neftóbaki árið 2007 en fjórum árum síðar hafði sú tala nánast tvöfaldast því árið 2011 voru framleidd þrjátíu tonn. Nú erum við að sjá þetta ganga til baka. Það hefur sitt að segja að neftóbaksdósin hækkaði úr 900 krónum í 1.800 krónur. Reykingarnar eru það sem við þurfum að ná niður og okkur hefur tekist það í grunnskólunum. Tóbaksneysla hefur breyst að því leyti að hún hefur færst upp. Viðlíka árangur þyrfti því að nást í framhaldsskólunum líka en þar stendur Landlæknisembættið fyrir verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli, þar sem meðal annars verður komið inn á tóbaksvarnir.“

Til að taka þátt í verkefninu Tóbakslaus bekkur þarf bekkurinn að skrá sig á heimasíðunni landlaeknir.is/tobakslausbekkur. Þá þarf bekkurinn að staðfesta tóbaksleysi sitt nokkrum sinnum yfir skólaárið á vefsíðunni.



**FORVARNIR** Viðar Jensson stýrir verkefninu Tóbakslaus bekkur. Hann segir verkefnið hafa skilað miklum árangri.
MYND/STEFÁN

Allir þátttakendur fá senda litla gjöf og einnig eru dregnir út bekkir sem hljóta vinning. Til þess að eiga möguleika á fyrsta vinningi þarf bekkurinn að senda inn lokaverkefni sem nemendur vinna saman.

„Það er ekki skilyrði. Aðstæður eru misjafnar í bekkjum til að vinna slík verkefni og mikilvægast er að vera með, fá senda gjöfina og vera með í pottinum sem dregið er úr,“ segir Viðar. „En það er frábært að sjá allt starfið sem í gangi er í bekkjunum og árlega fáum við sendan inn fjölda metnaðarfullra verkefna. Í ár munu alls tíu bekkir hljóta verðlaun, fimm þúsund krónur á hvern nemanda í bekknum, sem hópurinn getur ráðstafað að vild.“

■ heida@365.is




**SKRÁNING HAFIN** Nemendur í 7. og 8. bekk um allt land geta tekið þátt ef enginn í bekknum notar tóbak.


Norska
Danska
Sænska
Enska
Þýska
Spænska
10 ára
MÍMIR símenntun
Námskeið hefjast 28. október
Skráning í síma 580 1800 eða á www.mimir.is









**EKKI GOTT** Allir geta fengið gubbupest, sem er óskemmtilegt. Nauðsynlegt er að drekka mikið til að koma í veg fyrir ofþornun.

# RÁÐ VIÐ GUBBUPEST

Nokkuð hefur borið á gubbupest undanfarið en hún lýsir sér í ógleði, uppköstum og kviðverkjum. Algengast er að slík pest sé af völdum veira.

Gæta þarf mikils hreinlætis þegar gubbupest kemur upp, hvort sem það er hjá börnum eða fullorðnum, og þvo hendur reglulega.

Til að forðast ofþornun þarf að drekka mikið vatn. Gott ráð er að gefa börnun frostpinna sem gefur bæði vökva og orku.

Fullorðnir geta fengið sér kók eða annan kóladrykk en margir telja að það sé gott við magaóróleika.

Best er að liggja fyrir og hvíla sig eða sofa á meðan fólk er að jafna sig. Gubbupest gengur fljótt yfir, eða á sólarhring.

Forðist mjólkurvörur og tyggigúmmí ef órói gerir vart við sig. Ekki ætti að borða kál, baunir, lauk, hvítlauk, hveiti, rúg og korn þar sem þessar fæðutegundir eru gasmyndandi og geta valdið uppþembu.


Grindarbotn
Kvennaheilsa

- Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
- Er grindarbotninn að trufla þig í ræktinni?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
- Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?

6 vikna námskeið, einu sinni í viku fyrir konur sem vilja bæta líðan sína og lífsgæði, hefst þriðjudaginn 29. október kl. 16.30 og 17.30 í Táp sjúkraþjálfun, Hlíðasmára 15, Kópavogi.

*Takmarkaður fjöldi*

**Leiðbeinandi:**
Þorgerður Sigurðardóttir
sérfræðingur í meðgöngu- og fæðingarsjúkraþjálfun

Skráning og nánari upplýsingar:
grindarbotn@gmail.com
eða í síma 564-5442

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447




# STOFNUN OPEC FYRIR 40 ÁRUM BREYTTI BÍLAIÐNAÐINUM SVO UM MUNAÐI

**Hækkaði verð á eldsneyti sem neyddi bílaframleiðendur til að framleiða sparneytnari bíla – Bandaríkin misstu forystuna.**

Allt frá stríðslokum seinni heimsstyrjaldarinnar og til 1973 var bílaiðnaðurinn eins og draumur, sérstaklega í Bandaríkjunum. Svo skall á Yom Kippur-stríðið fyrir botni Miðjarðarhafs sem leiddi til stofnunar OPEC, þar sem stóru olíuframleiðsluríkin bundust samkomulagi og verð á olíu margfaldaðist. Þetta átti eftir að breyta bílaiðnaðinum mikið og segja má að enn séu allar stærstu ákvarðanir bílafyrirtækjanna eftirköst þessa. Frá sjónarhóli umhverfisverndar er ef til vill eins gott að þetta gerðist.

### Bensínlítrinn kostaði 8 krónur

Fyrir stofnun OPEC kostaði bensínlítrinn um 25 sent í Bandaríkjunum, eða um átta krónur. Það væri svo sem frábært að svo væri enn, en þá hefði ekki myndast þrýstingur á bílafyrirtækin að framleiða sparneytnari bíla og náttúran hefði fengið reikninginn. Í Bandaríkjunum framleiddu GM, Ford og Chrysler algera eyðsluháka og enginn hafði áhyggjur af því að þeir eyddu eins og margir bílar í dag. Þessi risafyrirtæki áttu svo til alveg markaðinn heima fyrir og þeir höfðu litlar áhyggjur af framleiðendum frá Japan og Þýskalandi, en það átti aldeilis eftir að breytast. Svo lengi þrjóskuðust þessi þrjú fyrirtæki við að sífellt óx bílaframleiðendum annars staðar frá fiskur um hrygg. Þrýstingur frá bandarískum yfirvöldum um að framleiða sparneytnari bíla í fyrstu var lítill eða enginn. En svo vöknuðu þau af værum blundi.

### Innflutningur hófst af krafti

Evrópskir og japanskir bílaframleiðendur höfðu ekki farið sömu leið og þeir bandarísku, heldur framleiddu sparneytnari og minni bíla með vélar sem samt voru nægilega aflmiklar. Japanar áttuðu sig fljótt á þessu og hófu stórvaxinn innflutning á bílum þangað. Fyrir verðhækkun bensíns áttu þessir bílar engan séns, en allt í einu fór bensínreikningurinn að fara fyrir hjartað á bandarískum bíleigendum og þeir keyptu þá japönsku í sífellt meiri mæli. Svar bandarísku framleiðendanna var að minnka vélarnar í sínum jafnstóru bílum og það líkaði kaupendum ekki. Auk þess áttuðu kaupendur sig á gæðum japanskra bíla og lágri bilanatíðni þeirra.

### Önnur olíukrísa og stórhækkun verðs

Innan nokkurra ára frá stofnun OPEC jafnaði olíuverð sig og varð stöðugt og ekki svo ýkja hátt. Enn uggðu bandarískir framleiðendur ekki að sér og hófu ekki þróun smærri og eyðslugrennri bíla. Þeir héldu hreinlega að gömlu góðu tímarnir væru komnir aftur. Það varð ekki langvinnt. Næsta olíukrísa skall á árið 1979 með gíslatökumálinu í Íran og verð á olíu steig upp í óþekktar hæðir. Viðbrögð ríkisstjórnar Bandaríkjanna voru þau að yfirtaka dreifingu eldsneytis og reyndist sú ákvörðun afar slæm. Varð það til þess að eldsneyti var skammtað og bensín fékkst á tímabili aðeins afgreitt á dögum sem höfðu jafna tölu í vikunni og oft mynduðust miklar biðraðir til að fá afgreitt bensín.

### Skelfilegir bílar urðu til

Yfirvöld hófu á þessum tíma að þrýsta á framleiðendur að smíða litla bíla og hörmulegir bílar eins og Pinto, Vega og Duster fæddust. GM tókst þó fljótlega að minnka eyðslu bíla sinna um þriðjung. Krafa var gerð árið 1975 um að innan nokkurra ára kæmust bílar 27,5 mílur á hverju galloni, sem samsvarar um níu lítra eyðslu. Nýjasta krafa yfirvalda í Bandaríkjunum er 4,4 lítra meðaleyðsla bíla fyrir árið 2025. Framleiðendur þarlendis hafa hingað til átt í stökustu vandræðum með að uppfylla fyrri skilyrði og margir hafa bent á að yfirvöld hefðu átt að taka í taumana miklu fyrr og framleiðendur að verða fyrir vikið samkeppnishæfir við þá í öðrum löndum. Enn eru þessi vandræði til staðar og það ætlar að reynast þeim dýrt því að hlutfall seldra innfluttra bíla heldur bara áfram að aukast vestanhafs.



**Eðalvagn til sölu**
**Hyundai Santa Fe, 2004 árg.**



Einn eigandi, sjálfskiptur,
ekinn 116.000 km.Ný tímareim,
harðskelja heilsársdekk.
Nýjar bremsuborðar og skálar,
ABS kerfi yfirfarið.
Dráttarkrókur og litaðar afturrúður.
Bensínbíll **verð 1.100.000 kr**

**Upplýsingar í síma 698-6148 Karen**

**MAXIMA hágæða, fjarstýrðar stólpalyftur.**



**Lyftigeta: 4 x 7,5 tn.CE og ISO 9001 vottaðar. Gott verð.**

**Gott ÁR ehf**
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
**sími: 6983144**




**Kannski ódýrasta umfelgun á landinu**

Við græjum dekkin undir bílinn þinn fyrir veturinn. Úrval af traustum vetrardekkjum

| Fólksbílar | Jepplingar | Jeppar |
|---|---|---|
| 4.990,- | 5.990,- | 7.990,- |

**Dekkjahótel, snyrtileg aðstaða og alltaf heitt á könnunni**

**Dekkjahúsið**
Dalbrekku 17 Kópavogi • Sími: 55 33 100
**Fyrir ofan Bónus á Nýbýlavegi**




**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Mercedes Benz GL350 er mjög langur bíll, með þrjár sætaraðir og rúmar sjö farþega.

# LÚXUSJEPPI AF STÆRRI GERÐ

## Óvenjulipur þrátt fyrir stærðina, eyðir eins og fólksbíll, með sparneytna þriggja lítra dísilvél sem er aflmikil að auki.

**MERCEDES BENZ GL350**
**Reynsluakstur**

Jeppum og jepplingum fer mjög fjölgandi í Mercedes Benz-fjölskyldunni en sá allra stærsti þeirra er GL-gerðin. Hann er í stuttu máli risastór og með rými fyrir sjö farþega. Núverandi gerð bílsins er af annarri kynslóð og er hann nýkominn á markað. Fyrsta kynslóð bílsins var kynnt fyrir sex árum. Það er ávallt áhrifamikið að setjast inn í svo stóran bíl sem þennan, sem hlaðinn er lúxus og tilfinningin dálítið eins og ökumanni finnist hann eins og kóngur á veginum. Á árum áður máttu eigendur stórra jeppa venjast því að borga vel fyrir sopann á bensínstöðvunum, en nú eru breyttir tímar því þessi bíll er með sparneytna 3,0 lítra dísilvél sem í skemmtilegum reynsluakstri utanbæjar eyddi aðeins 9,5 lítrum á hverja 100 kílómetra. Það verður að teljast ári gott fyrir svo stóran bíl og ekki jókst eyðslan að ráði innanbæjar. GL-jeppinn er framleiddur í landi hinna stóru bíla, Bandaríkjunum, enda líklega vænlegustu kaupendur heims þar að finna fyrir svo stóran bíl. Þeir eru þó allnokkrir sem hugsað gætu sér að eiga slíkan bíl hérlendis og hafa efni á því, enda svona bíll afar hentugur fyrir íslenska vegi.

### Stór en fyrir því finnst ekki

Stórir bílar eins og þessi verða stundum eins og olíuskip í akstri, en það á alls ekki við um þennan bíl. Hann er óvenjulipur þrátt fyrir alla sína stærð. Einhvern veginn finnur ökumaður ekki fyrir allri þessari stærð bílsins við aksturinn og það er ekki fyrr en gjóað er auga aftur eftir bílnum sem stærðin verður ljós. Hrikalega vel fer um alla farþega bílsins og rýmið í aftursætinu er með því allra besta. Meira að segja eru aukasætin í þriðju röðinni þægileg og rúma hreint ágætlega fullorðna. Þegar þau eru niðri er flutningsrými bílsins mjög stórt, allt að 2.300 lítrar. Fyrir vikið er þessi bíll algjör draumur ferðalangsins og má taka marga farþega og mikinn farangur með í för. Innrétting GL350 er lagleg og stílhrein, en án íburðar og samkeppnisbílar frá Porsche, Range Rover og Audi eru með fallegri innréttingar. Leður- og viðarinnleggingar ráða ferðinni og hefur allvel lukkast til en fegurðarverðlaunin fara annað. Í lengri akstri fer þessi bíll einkar vel með farþega og framsætin eru góð og þreyttist ökumaður ekki þótt langt væri ekið. Leðurklædd sætin eru flott og rafstýrð. Takkarnir fyrir rafstýringu sætanna eru á betri stað í þessum bíl, en hjá flestum öðrum framleiðendum, eða í bestu hæð á hurðunum og er þetta eitt af einkennum Mercedes Benz-bíla. Fyrir vikið þurfa þeir sem í framsætunum eru ekki að þreifa sig áfram með fingrunum eftir hliðum sætanna og prófa sig áfram með fikti. Stillingarnar í Benz skýra sig sjálfar og engu þarf að venjast, bara framkvæma.

### Dugleg dísilvél

GL-jeppann má fá með 3,0 lítra dísilvél sem er 258 hestöfl og var reynsluakstursbíllinn þannig. Hann býðst einnig með V8 bensínvél sem er annaðhvort 435 hestöfl eða AMG-útgáfuna með 557 hestafla vél. Sá bíll kostar reyndar kostar litlar 32,4 milljónir króna, en sá aflminni 23,8. Með dísilvélinni kostar GL rétt innan við 16 milljónir og munar því ansi miklu á útfærslum bílsins. Þessi dísilvél er ári dugleg og dugar þessum stóra bíl ágætlega. Bíllinn er vel sprækur og tekur sprettinn í hundraðið á um 8 sekúndum með aðstoð góðrar 7-gíra sjálfskiptingar. Hann er ferlega góður á siglingunni og það þarf að passa sig á hversu viljugur hann er þar, en ómögulegt er að fatta þegar hann er kominn á nokkra tuga kílómetra hraða meira en löglegt er. Fyrir því finnst bara ekki. Bíllinn er mjög hljóðlátur og er það einn af stórum kostum bílsins. Þó hratt sé farið er nánast ekkert vélar-, vind- eða dekkjahljóð. Þá má njóta ágætra hljóðtækjanna á meðan, eða líða áfram í dásamlegri þögn og sjúga inn fegurð landins sem á silkiskýi. Bíllinn er með loftpúðafjöðrun og má hækka bílinn eftir aðstæðum. Fyrir vikið verður bíllinn ágætasta torfærutæki og hann fer jafn vel með farþega á möl og malbiki. Bíllinn er einstaklega lipur í akstri og þægilegur og hljóðarhalli í beygjum er minni en ætla mætti fyrir svona bíl. Eins og áður sagði er eyðsla þessarar 3,0 lítra dísilvélar til fyrirmyndar og aldrei sást hærri tala en 10 lítrar á hundraðið. Því er þessi bíll ódýr í rekstri og á tankfylli kemst hann 800 kílómetra.

### Mikið breyttur bíll og léttari

Til vitnis um stærð Mercedes Benz GL350 er hann lengri en Range Rover þó aðeins grennri sé. Mikið hefur breyst í bílnum frá fyrri kynslóð þó svo ytra útlitið beri það ekki mikið með sér. Undirvagn hans er alveg nýr og tekist hefur að létta bílinn um 90 kg en samt er hann heil 2.445 kg. Vélin er eyðslugrennri og á það reyndar við alla vélarkostina sem í boði eru. Eyðsla dílisvélarinnar hefur minnkað um 24% og munar um minna og mengun hennar hefur lækkað um 14%. Það vekur nokkra athygli að frá B-pósti bílsins og fram úr er GL eiginlega eins og talsvert ódýrari ML jeppi Mercedes Benz. Auðvitað felst í því sparnaður og það er ekki eins og þar fari ljót innrétting, en verðbilið gæti þó réttlætt einhvern mun. GL-jeppinn er mjög eigulegur bíll og hækkanleg loftpúðafjöðrun hans og góðir torfærueiginleikar bæta um betur. Hann á þó nokkra samkeppnisbíla sem hver um sig hafa sína kosti. Porsche Cayenne Diesel er ódýrari en nokkru minni og kostar tæpar 15 milljónir. Range Rover er ekki ósvipaður að stærð en kostar miklu meira, eða 24 milljónir. Það á einnig við Toyota Land Cruiser 200 með dísilvél sem kostar 20,2. Land Rover Discovery er aðeins minni en kostar rétt undir 11 milljónum. Hann er reyndar nokkru aflminni. Því má segja að Mercedes Benz GL sé afar vænlegur kostur í flokki lúxusjeppa. ▸

**BÍLAR**
**www.visir.is/bilar**

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is




## D-vítamínbætt mjólk í nýjum og handhægum umbúðum

**Mjólk er líklega næringarríkasta matvara sem völ er á, hún er góð uppspretta kolvetna, próteina, vítamína og steinefna. Mjólk er jafnframt besti kalkgjafi sem völ er á.**

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil vöruþróun á sviði mjólkur og mjólkurafurða og tekur þessi vöruþróun mið af breyttum neysluvenjum almennings.

Nýlega kynnti Mjólkursamsalan mjólk í nýjum, handhægum hálfs lítra umbúðum með tappa, bæði léttmjólk og nýmjólk. Þessar mjólkurumbúðir henta sérstaklega vel fyrir smærri heimili auk þess sem hún er mjög hentug fyrir fólk á ferðinni.

Mjólk í hálfs lítra umbúðum er jafnframt D-vítamínbætt en mikil umræða hefur verið um D-vítamín á síðustu misserum.

D-vítamín er hálfgert vandræðavítamín fyrir þá sem búa á norðurslóðum. Það myndast í líkamanum með hjálp sólarljóssins en þegar sólar nýtur ekki við er mikilvægt að fá það úr fæði. Þá er úr vöndu að ráða þar sem afar fá matvæli innihalda D-vítamín frá náttúrunnar hendi, þar er í raun aðeins um að ræða lýsi og feitan fisk. Í einu glasi af D-vítamínbættri mjólk er um þriðjungur af dagskammti D-vítamíns.

> **Afar fá matvæli innihalda D-vítamín frá náttúrunnar hendi. Í einu glasi af D-vítamínbættri mjólk er um þriðjungur af dagskammti D-vítamíns.**

Mikilvægt er því að vörur sem eru algengar á borðum landsmanna innihaldi þetta lífsnauðsynlega vítamín. Í byrjun árs 2012 kynnti Mjólkursamsalan D-vítamínbætta léttmjólk og var þessi vara þróuð að beiðni heilbrigðisyfirvalda. Neytendur hafa tekið þessari nýjung vel og er hún nú um 25 prósent af allri seldri léttmjólk.







# Hollur morgunmatur á hlaupum

Mikilvægt er að næra sig vel á morgnana en það getur reynst þrautin þyngri þegar koma þarf börnum úr bóli, í föt og úr húsi. Þá er gott að hafa undirbúið sig daginn áður til að geta gripið eitthvað hollt og gott með sér til að borða á leiðinni á áfangastaðinn.



### Hnetusmjörsgotterí

Takið gróft brauð, og ristið það jafnvel ef tíminn leyfir. Smyrjið ósætu lífrænu hnetusmjöri yfir það og úðið smá hunangi yfir til að fá sætubragð. Afar auðvelt og fljótlegt og rennur ljúflega niður, bæði yfir blöðunum eða á leið út um dyrnar.



### Morgunverðarpítsa

Auðvitað væri hægt að fá sér sneið af pítsu gærdagsins en einnig mætti reyna hollari útgáfu. Takið sneið af heilhveitibrauði með góðri skorpu, setjið þykkt lag af kotasælu eða ricotta-osti og skerið tómata ofan á. Dreypið smá ólívuolíu yfir og kryddið með örlitlu salti og pipar.

### Ávextir og ostur

Þetta þarf ekki að vera flókið. Eitt epli, nokkrir ostateningar í poka með slatta af próteinríkum hnetum í bland. Fínt til að narta í.





### Morgunkorns-yndi

Einfalt áhald á borð við plastskál með loki gerir morgunkornið að flytjanlegum morgunverði. Setjið trefjaríkar hveitiklíðsflögur í skál og hellið yfir ab-mjólk eða hvítri jógúrt. Til að auka enn á næringargildi réttarins má bæta við hnetum, ferskum eða þurrkuðum ávöxtum. Til dæmis hökkuðum pekanhnetum og bláberjum.



### Ávaxtasalat í föstu og fljótandi formi

Skerið ávextina kvöldið áður og geymið í nokkrum lokuðum ílátum. Þessu má svo kippa með sér að morgni og blanda saman í bílnum eða á skrifstofunni. Einnig má blanda góðri jógúrt út á ávaxtasalatið og ekki skemmir að hella smá granóla yfir allt saman.

Þeir sem kjósa að drekka sinn morgunmat í gegnum rör geta það auðveldlega. Ekki tekur langan tíma að blanda sér bragðaref ef búið er að undirbúa og skera ávextina kvöldið áður. Eftir blöndunina er hægt að skola blandarann vel og láta hann svo bíða betri hreinsunar þar til vinnu lýkur.

# Áhersla á bragðgæði og hollustu

Gott fæði ehf. er helsti framleiðandi morgunkorns og múslís á Íslandi. Fjölbreytileikinn er mikill en allar eru vörurnar fullar af næringarefnum.

Við framleiðsluna höfum við bragðgæði og hollustu að leiðarljósi enda kunna viðskiptavinir okkar að meta það og halda mikilli tryggð við vörurnar frá okkur," segir Ágúst Sigurðsson, vörumerkjastjóri hjá Góðu fæði. „Meginuppistaðan í morgunkorninu okkar er heilt korn, fræ, hnetur og þurrkaðir ávextir," segir Ágúst og bendir á að allar þessar vörur séu mjög heilsusamlegar. „Í nýjustu Norrænu næringarráðleggingunum (NNR 2012) er fólki einmitt ráðlagt að auka neyslu á þeim," bætir hann við. Úr hverri máltíð fæst því mikið af vítamínum og steinefnum. Til dæmis járn, magnesíum, kalíum, fólasín, B1-vítamín og E-vítamín. Þá er allt morgunkornið frá Góðu fæði trefjaríkt sem er gott fyrir meltinguna. „Margar rannsóknir sýna að trefjar eru mikilvæg forvörn gegn ýmsum sjúkdómum, til dæmis sykursýki-2, ristilkrabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum," upplýsir Ágúst. Hann bendir á að Íslendingar fái almennt of lítið af trefjum.

Vinsælasta morgunkornið frá Góðu fæði er Granóla, Sólskinsmúslí, Morgungull og Gott múslí. „Í Sólskinsmúslíi er enginn viðbættur sykur nema örlítill í




Neytendur eru afar ánægðir með vörurnar frá Góðu fæði enda eru þær bráðhollar og smakkast vel. MYND/VALLI

þurrkuðum banönum. Sömuleiðis er mjög lítill sykur í Góðu múslíi; sætan þar kemur úr ristuðum maísflögum og rúsínum," lýsir Ágúst. Fólk sem vill meiri sætu getur valið Granóla eða Morgungull. „Í þeim er hrásykur í hófstilltu magni, sem er nauðsynlegt til að fá þessa stökku og góðu áferð sem einkennir þessar tegundir," segir hann.

„Morgunkornið okkar er frábært út í súrmjólkina, AB-mjólkina eða skyrið, en hentar líka ákaflega vel með rís- eða möndlumjólk, eitt sér eða í blöndu með öðrum uppáhaldshollustuvörum, ávöxtum eða berjum," segir Ágúst. Hann bendir fólki einnig á þann möguleika að nota Sólskinsmúslí eða Gott múslí í graut eða brauðbakstur.

> **Meginuppistaðan í morgunkorninu okkar er heilt korn, fræ, hnetur og þurrkaðir ávextir.**

## *Vaknað með eiturgrænum og vænum djús*



- Þeir sem vilja gera sér virkilega gott ættu að byrja hvern dag á eiturgrænum djús. Sumir hræðast litinn en það er óþarfi enda þarf hann alls ekki að þýða að drykkurinn sé vondur – sérstaklega ekki ef sítróna og engifer eru á hráefnalistanum.
- Þessi drykkur er stútfullur af hollustu og einstaklega hressandi í morgunsárið. Það er varla hægt að hugsa sér betri byrjun á deginum.

**1 agúrka**
**6 sellerístilkar**
**1 grænt epli**
**vænn hnefi grænt kál (grænkál eða spínat)**
**safi úr ½ sítrónu**
**3 cm fersk engiferrót**
**nokkur myntulauf ef vill**

- Setjið allt í safapressu, kælið með klökum og njótið. Það er líka tilvalið að útbúa safa sem þennan kvöldið áður og geyma í ísskáp til að grípa morguninn eftir. Munið bara að hræra svolítið upp í drykknum áður en hans er neytt.




# Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota



Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

ENNEMM / SÍA / NM58258



Sykurminnsta morgunkornið
Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.
4,4 g sykur í 100 g
Trefjaríkt
Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.
10 g trefjar í 100 g
Flókin kolvetni
Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.
68,6 g kolvetni í 100 g
Hvað er Weetabix?
Heilkorna
Allir kostir kornsins nýttir. Hvert lag kornsins inniheldur næringarefni sem eru líkamanum nauðsynleg.
95% heilkorna
Vítamín og steinefni
Inniheldur mikilvæg vítamín, steinefni og járn sem eru nauðsynleg fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs líkama.
Próteinríkt
Prótein byggja m.a. upp og endurnýja vöðvavefinn, styrkja ónæmiskerfi líkamans og flytja næringarefni inn og út úr frumum.
11,5 g prótein í 100 g
ORKA SEM ENDIST
Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringarríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.
Einnig til með súkkulaðibragði
MiNiS
Weetabix Chocolate
Weetabix
Fuel your day...

# MERCEDES BENZ GL350

**3,0 L DÍSILVÉL, 258 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**
**Eyðsla** 7,5 l/100 km í blönduðum akstri
**Mengun** 192 g/km $CO_2$

**Hröðun** 7,9 sek.
**Hámarkshraði** 220 km/klst.
**Verð frá** 15.980.000 kr.
**Umboð** Askja

- Látlaus innrétting
- Mikil þyngd

- Stærð
- Lítil eyðsla
- Gæðasmíði










Myndavélar á alla kanta, LCD-skjáir fyrir aftursætisfarþega, þrjár sóllúgur og allt í leðri eru örfá dæmi um lúxusinn.



BMW-i3-rafmagnsbíllinn.

# BMW þarf að auka framleiðsluna

Eftirspurn eftir BMW-i3-rafmagnsbílnum hefur reynst meiri en forsvarsmenn BMW áætluðu og er útlit fyrir að BMW verði að auka framleiðslu hans. Búið er að panta 8.000 bíla og það áður en bíllinn er raunverulega kominn til sölu. Sala BMW-i3 hefst ekki fyrr en 16. nóvember í Þýskalandi og fljótlega eftir áramót í Bandaríkjunum, Kína og Japan. Bíllinn kostar 34.950 evrur, eða um 5,8 milljónir króna. Verð hans í Bandaríkjunum verður 41.350 dollarar, eða 5.050.000 kr.

Það er eins gott að ágæt eftirspurn sé eftir BMW-i3 því fyrirtækið hefur fjárfest fyrir 330 milljarða króna í rafmagnsbílunum i3 og i8. BMW-i3 bíllinn er hannaður frá grunni, ekki byggður á bíl sem fyrir var. BMW-i8 fer í sölu á næsta ári og er aldrei að vita hvort fleiri rafmagnsbílar bætist í flota BMW á næstunni, en BMW hefur sótt um einkaleyfi á i1- til i9-heitunum. Svo miklar eru fjárfestingar BMW í nýjum bílgerðum að hagnaðarprósenta af veltu hefur fallið í tíu prósent á árinu frá tólf prósentum í fyrra.



# Evrópusambandið hlustar á Þjóðverja

Þau undur og stórmerki gerðust í síðustu viku að Evrópusambandið féll frá þeirri fyrri kröfu sinni að allir bílaframleiðendur lytu kröfu um 95 g $CO_2$-mengun bíla sinna að meðaltali árið 2020. Sú tala verður endurskoðuð og sett fram innan fárra vikna. Þýsku bílaframleiðendurnir Daimler Benz og BMW höfðu í rökstuðningi sínum bent á að öllu stærri bílar þeirra en frönsku og ítölsku framleiðendanna myndu eiga í stórkostlegum vandræðum að hlíta þessari kröfu og fyrir vikið myndu tapast mörg störf í fyrirtækjum þeirra.
Samhliða kröfunni um 95 g af $CO_2$ máttu evrópskir bílar ekki eyða nema fjórum lítrum á hundraðið að meðaltali og það hljómaði jafn illa í eyrum þýskra framleiðenda. Krafa Þjóðverjanna er enn fremur sú að þessum lágu tölum þurfi ekki að hlíta fyrr en árið 2024, eða fjórum árum seinna. Þýsku framleiðendurnir benda á að þeir séu tilbúnir til að hlíta ströngum kröfum um eyðslu og mengun, en markið hafi verið sett of hátt, eða öllu heldur of lágt! Þýsku framleiðendurnir fengu stuðning frá löndum eins og Bretlandi og Póllandi. Umhverfissinnar eru fokreiðir út í Evrópusambandið fyrir að hafa beygt sig fyrir Þjóðverjum og að þeir standi í vegi fyrir því að Evrópa taki forystuna í framleiðslu umhverfisvænna bíla.



Úr samsetningarverksmiðju BMW í Þýskalandi.



Ötulir starfsmenn gaumgæfa bílana.

# Velheppnaður Chevroletdagur

Haldið var upp á Chevrolet-daginn hjá Bílabúð Benna í Reykjavík og í Reykjanesbæ, laugardaginn 12. október. Fyrirtækið bauð Chevroleteigendur sérstaklega velkomna þennan dag og létu þeir ekki segja sér það tvisvar. „Viðtökurnar fóru fram úr okkar björtustu vonum og dagurinn er örugglega kominn til að vera,“ segir Jóhannes Egilsson, þjónustustjóri hjá Bílabúð Benna. „Hér var líf og fjör allan daginn og hingað fjölmenntu heilu fjölskyldurnar með Chevrolet-bílana sína og þáðu ókeypis vetrarskoðun, margs konar sértilboð á bílavörum og hressandi glaðning í leiðinni. Við þökkum kærlega fyrir frábærar undirtektir og óskum öllum Chevrolet-eigendum velfarnaðar í umferðinni í vetur.“



Hópurinn á áfangastað.

# Kláruðu silkileiðina á Range Rover Hybrid

Svo virðist sem fyrirtækinu Jaguar/Land Rover sé mikið í mun að sanna fyrir heimsbyggðinni gæði bíla sinna. Fyrir stuttu var tilkynnt um 16.000 km akstur Land Rover Defender-bíls frá London til Höfðaborgar á tíu dögum þar sem á gæði hans myndi reyna mjög. Þeir hjá Land Rover voru einnig að klára mikla langferð þar sem Range Rover Hybrid-bíl var ekið frá verksmiðju Land Rover í Solihull til Mumbai á Indlandi og tók sú ferð 53 daga. Voru eknir 16.850 km í ferðinni og farið í gegnum þrettán lönd.
Þessi leið liggur að stórum hluta um silkileiðina fornu sem kínverskt silki var flutt um löngum til Evrópu. Á leiðinni óku leiðangursmenn í yfir 3.300 metra hæð og hæsti punkturinn var í 5.290 metra hæð. Fimmtán dekk sprungu á leiðinni. Bílarnir eyddu ekki nema 6,5 lítrum á hundraðið að meðaltali og alvarlegar bilanir voru engar. Þessi eyðslutala er mjög athyglisverð fyrir stóran bíl.



## BÍLAR & FARARTÆKI

hjól.is bestir í hjólum...



**MÖGULEIKI Á 100% LÁNI.**
KAWASAKI Ninja ZX6R. Árg 07, ek 8 þ.km. Ásett 870þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 699 ÞÚS!!! Rnr 124224



**FRÁBÆR KAUP**
KAWASAKI Ninja ZX6R. Árg 10, ek 16 þ.km. Ásett 1.090þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 799 ÞÚS!!! Rnr 124444



**UNDIR KOSTNAÐARVERÐI**
KAWASAKI KX450. Árg 10, ek 120 klst. Ásett 790þ.TILBOÐSVERÐ NÚ 399 ÞÚS!!!Rnr 123921



**EKKI MISSA AF ÞESSUM**
HONDA CBR1100 XX BLACKBIRD. Árg 07, ek 18 þ.km. Ásett 1.690þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 999 ÞÚS!!! Rnr 122020



**FULLBÚINN FERÐALANGUR**
HONDA CBF600. Árg 09, ek 31 þ.km. Ásett 830þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 699 ÞÚS!!! ABS & 3 harðar töskur. Rnr 203074



**HRIKALEGA GÆJALEGUR**
TRIUMPH BONNEVILLE. Árg 06, ek 9 þ.km. Ásett 1.290þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 980 ÞÚS!!! Hiti í handf. & Triumph hliðartöskur. Rnr 201425



**FLOTT FYRIR KRAKKANA**
KAWASAKI KX85. Árg 07, ek 25 klst. Ásett 300þ. TILBOÐSVERÐ NÚ 199 ÞÚS!!! Rnr 146362

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



VW Passat highline. Árgerð 2008, ekinn 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.990420.



VOLVO S40 2,0 disel . Árgerð 2007, ekinn 162 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.550.000. Rnr.160774.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. Árgerð 2006, ekinn 106 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.210217.



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2012, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.210210.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is bestir í bílum...



**DÍSEL Á FLOTTU VERÐI**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 229 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Toppviðhald Verð aðeins 1.340.000. Rnr.136424.



**890.000**
MMC Outlander comfort. Árgerð 2005, ekinn 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890.000. Visalán í boði Rnr.136555.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



**TILBOÐSBÍLL**
KIA Ceed ed. Árgerð 2007, ekinn 88 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.990.000. Tilboðsverð 1.490.000. Rnr.120232.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

# FRÁBÆR KAUP!

**bilfang.is S. 567 2000**

## Seljum nokkra vel með farna Suzuki bíla



**Suzuki Grand Vitara** 07/2010 ek. 51 þ.km beinskiptur. **Verð 2950 þ**



**Suzuki Grand Vitara Premium +** 07/2011 ek. 55 þ.km 2.4 bensin sjálfskiptur. **Verð 2690 þ.**



**Suzuki Grand Vitara Premium +** 06/2011 ek. 82 þ.km beinskiptur. **Verð aðeins 3390 þ.**



**Suzuki Jimny JLX** 06/2012 ek. 19 þ.km beinskiptur. **Verð 2690 þ.**



**Suzuki Swift (NEW)** 07/2012 ek. 50 þ.km beinskiptur. **Verð 2090 þ.**



**Suzuki Swift (NEW)** 05/2012 ek. 39 þ.km sjálfskiptur. **Verð 2240 þ.**



**Suzuki Grand Vitara** 05/2004 ek. aðeins 109 þ.km beinskiptur. **Verð 890 þ.**



**Nissan X-Trail DIESEL** 07/2011 ek. 50 þ.km. sjálfskiptur **Verð 4850 þ.**



**Toyota Landcruiser 150 GX DIESEL** 06/2012 ek. 45 þ.km sjálfskiptur. **Verð aðeins 8990 þ.**



**Renault Trafic minibus DIESEL** 11/2007 ek. 115 þ.km beinskiptur, 9 manna. **Verð 2390 þ.**



**Subaru Forester LUX** (Leður/ lúga) 04/2008 ek. 98 þ.km sjálfskiptur. **Verð 2490 þ.**



**Nissan Qashqai SE DIESEL** 06/2012 ek. 39 þ.km 6 gira. **Verð 3990 þ.**

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans

landsbankinn.is 410 4000



**VW Golf Trendline TDI DIESEL** 06/2012 ek. 48 þ.km beinskiptur. **Verð 2590 þ.**



**Skoda Octavia Ambiente** 12/2006 (mód 2007) ek. 136 þ.km 2.0 L bensin beinskiptur. **Verð 1480 þ.**



**Ford Explorer Sport-Trac METAN/bensin** 10/2006 (mód 2007) ek. 94 þ.km sjálfskiptur umboðsbíll. **Verð 1990 Þ**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



VW Passat comfortline disel. Árgerð 2012, ekinn 21 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.500.000. lán 3.700 þús. Rnr.112317.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

100bilar.is bílasala



DODGE Ram Power Wagon 4x4. Árg. 2007, ek. 134 Þ.KM, 5,7 HEMI, 40", 100% læsingar, Spil, loftdæla, Webasto, 1 eigandi, Rosalega flott eintaki, Ásett verð 5.490þ.kr Rnr.118860. Er á staðnum.



HUMMER H2 Luxury 37". Árgerð 2006, ek. 82 Þ.KM, bensín, sjálfsk, 2x 37" dekkjagangar, DVD, Driflæsing, Loftdæla, Flottur og vel búinn, Ásett verð 4.990þ.kr, Rnr.114300. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota Land Cruiser 90 VX, árg. ,99, ek. 198 þús km, dísel, sjálfsk. Verð 1.4m S:820 2048.



Subaro Outback 1997 verð 190 þús. Skoðaður 2013. Ekinn 255 þús. Sími 864 6089.



Toyota LC VX Árg. ,06 Diesel. Ek. 160þ. Tveir eigendur. Reyklaus. Leður. Með Öllu. Góð Vetrar dekk fylgja. Nýleg tímareim. Spíssar teknir. V. 4,8millj. Stgr. S:893 4939/581 3383.




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.

Mitsubishi Space Wagon árg. ,98 ekinn 220 Þús. Topp bíll með nýlega skoðun. Tilboðsverð aðeins 220 þús. Uppl. í s. 824-5555.

Toyota Land Cruiser 90 ,97 árg. tjón á framstuðara, tilboð óskast s: 897 3386.

Til sölu Ford Explorer ,96, 6 cyl. Sjálfssk., krókur, sk. ,14. V. 300 þús. S. 896 8568.

## 500-999 þús.



**GOTT TILBOÐ - 100% LÁN MÖGULEGT!**
DODGE NEON 2.0 SXT árg. ,05 ek.62 þús m. Ssk, sk 14, spoiler ofl. mjög vel hirtur bíll, ásett verð 1150 þús TILBOÐ 690 þús. 100%VISA/EURO LÁN mögulegt s.841 8955.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur



Bátakerrur til sölu Verð frá 145.000,- kr Lyfta.is Upplýsingar í síma 421 4037.

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Múrarameistari - Endurnýja baðherbergisflísar - 180þús. kr. fyrir 8m2 baðherbergi. s: 6123694 flisarmur@gmail.com

## Spádómar




## Rafvirkjun




**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Bolir með og án erma. Eik design. Sími 695-6679 Facebook: Beauty in Black.

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, rúm, og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 35fm studioíbúð í kóp. laus strax. uppl. í 860 1896 milli 17 og 19 í dag.

90fm 3ja herbergja íbúð til leigu í Neshaga í 6 mánuði. Laus 1. nóv. Verð 160þús. Hiti innifalinn. Uppl. í síma 897 2262.

Gott einstak. herb. m. húsg. í 101. Nál. H.Í. Séringn. Aðg. að eldh. og baðh. 58000 + 1 mán. tr. S. 695 2213.

## Húsnæði óskast

Fjögurra manna fjölskylda leitar eftir 3. herb. íbúð til leigu. Uppl. í S. 7729308/ 8699792.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ERTU BROSMILDUR EINSTAKLINGUR MEÐ GÓÐA ÞJÓNUSTULUND ?**
Líflegt og skemmtilegt mötuneyti óskar eftir aðstoðarmanneskju tvo til þrjá daga í viku frá klukkan 16-20.

Hentar vel með skóla :)
**Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „mötuneyti"**

**NONNABITI**
Starfsmaður óskast í Reykjavík í 100% vinnu. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára.
**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@ nonnabiti.is eða á staðnum.**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**RÚMFATALAGERINN**
Rúmfatalagerinn ehf óskar eftir að ráða kvennmann á vöruhús, almenn lagerstörf og útkeyrsla, viðkomandi þarf að hafa meirapróf.
**Starfsumsókn ásamt meðmælabréfi sendist á**

**orn.solvason@rfl.is**

Óskum eftir manni með bílpróf í útkeyrslu um helgar. Umsóknir sendist á tunnuskipti@simnet.is

Sexy Iceland leitar samstarfs við konur sem vilja blogga um kynlíf gegn greiðslu. Sjá nánar á SexyIceland.com (Atvinna).

# Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!




# Fasteignir.is

## -Nú með Fasteigna-App

- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnotendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is



# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Rauðhamrar 12 - Rvk. 4ra herb. íbúð.

## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00






Góð 113,4 fm. íbúð á 1. hæð (gengið upp hálfa hæð) auk 9,9 fm. sér geymslu í kjallara og 20,9 fermetra bílskúrs í góðu fjölbýlishúsi í Grafarvogi. Rúmgóð stofa. Þrjú svefnherbergi. Útgangur á flísalagðar suðursvalir bæði úr eldhúsi og stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar.
**Verð 32,7 millj.**

**Íbúð merkt 0102. Gunnar og Hulda á bjöllu. Verið velkomin.**




SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BÍÓ★PARADÍS
BORGARBÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ

midi.is

# Hjálpræðisherinn

HJÁLPRÆÐISHERINN

**Í tilefni einsárs afmælis Hertex í Mjódd verður veittur 50% afslattur af öllum vörum dagana 22.– 25. oktober.**

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta


Ástþór Helgason
Sölufulltrúi


Guðmundur Þórðarsson
Hdl. lögg. fasteignasali

## TÆKIFÆRI -Tilboð óskast Skemmuvegur



**Sjón er sögu ríkari,** frábær staðsetning.hentar vel fyrir þá sem hafa áhuga á bifvélaverkstæði með öllu.Tvö bil 140 fm hvort, samtals 280fm með góðum innkeyrsluhurðum. Öll tæki og tól fylgja sölunni. Selst sem ein heild eða hvort bil fyrir sig

Allar frekari upplýsingar gefur
Ástþór Helgason
Fasteignasala Kópavogs sölumaður
Fasteigna, Firma & leigumiðlunar

Gsm: **898-1005 astor@fastko.is www.fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta


Ástþór Helgason
Sölufulltrúi


Guðmundur Þórðarsso
Hdl. lögg. fasteignasali

## Bjarnastaðavör 6




**Opið hús í dag þann 22.10, 2013 frá kl: 17:30 til 18:00.**
**Allir velkomnir**
172,3 fm einbýlishús með bílskúr, fallegum garði og verönd húsið er byggt 1987 og hefur verið vel við haldið.
**Verð: 39,500,000**

Allar upplýsingar veitir Ástþór Helgason í síma **898-1005- 517 2600.** astor@**fastko.is** og á heimasíðu okkar **www.fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

# Framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Þróttar

Knattspyrnufélagið Þróttur

**Knattspyrnufélagið Þróttur óskar eftir að ráða öflugan framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.**

**Starfsvið:**
- Daglegur rekstur Þróttar
- Fjármála- og starfsmannastjórnun
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samningagerð og samskipti við samstarfsaðila
- Undirbúningur og framkvæmd fjáraflana og viðburða
- Samskipti við félagsmenn, iðkendur og foreldra
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri, t.d. íþróttafélags
- Góðir skipulags- og stjórnunar-hæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af félagsstörfum æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna með öðrum
- Drifkraftur og frumkvæði

**Upplýsingar veitir Sigurlaugur Ingólfsson, formaður Þróttar, sími: 869 2579 – netfang: starf@trottur.is**
**Umsókn auk ferlisskrár skal skilað á netfangið starf@trottur.is eigi síðar en 31. október 2013.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁSGEIR JÓNSSON**
**frá Neðri-Hrepp í Skorradal,**

sem lést á Landakotsspítala föstudaginn 11. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju á morgun, miðvikudaginn 23. október, klukkan 15.00.

**Ásdís Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Þóra Jónasdóttir**
**Kristófer Fannar Guðmundsson**
**Ásdís Dröfn Guðmundsdóttir**
**Sigrún Ásgeirsdóttir** **Einar Einarsson**
**Eydís Einarsdóttir**
**Katrín Björk Einarsdóttir**



✝

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, ömmu og langömmu,

**ÞÓRHÖLLU GUNNLAUGSDÓTTUR.**

Einnig þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir alúð, hlýju og góða umönnun.

**Oktavía Guðmundsdóttir** **Ólafur Torfason**
**Gunnlaugur Guðmundsson** **Svanborg Óskarsdóttir**
**Elías Guðmundsson** **Hafdís Ólafsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA GUÐRÚN GUÐVARÐARDÓTTIR**
**Þórunnarstræti 112, Akureyri,**

lést föstudaginn 18. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur Víðir Gunnlaugsson** **Margrét Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Steinunn Gunnlaugsdóttir** **Pétur Oddsson**
**Sverrir Gunnlaugsson** **Gunnhildur Frímann**
**Guðvarður Már Gunnlaugsson** **Aðalheiður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN NILS ÞÓRHALLSSON**
**Löngumýri 20, Garðabæ,**

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 24. október kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim, sem vilja minnast hins látna, er bent á Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítalans. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 11E og Heimahlynningar.

**Jórunn Óskarsdóttir**
**Örn Kristinsson** **Geirlaug Ingibergsdóttir**
**Elín Ýr Arnardóttir** **Hlynur Arnarson**
**Snorri Freyr**



✝

Æskuvinur minn og elskulegur eiginmaður,

**VIGGÓ EINAR MAACK**
**skipaverkfræðingur**
**Þorragötu 7, Reykjavík,**

er látinn.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**Ásta Þorsteinsdóttir Maack**




# Maður er aldrei búinn með listaverk

**Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður verður gestur Guðna Tómassonar listsagnfræðings í Hannesarholti annað kvöld. Þau munu ræða verk Guðrúnar, hugmyndirnar að baki þeim og aðferðirnar við vinnslu þeirra.**

„Ég sit hér við tölvuna og leita að myndefni til að myndskreyta spjallið okkar Guðna á miðvikudaginn,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarkona. „Annars ættirðu frekar að spyrja hann út í þetta, hann vill ekkert of mikið segja mér fyrirfram. Þannig að ég veit ekki alveg hvernig þetta mun þróast hjá okkur, sem er bara skemmtilegt.“

Í fréttatilkynningu kemur þó fram að Guðni ætli að ræða við Guðrúnu um verk hennar og hugmyndir, hugmyndaheiminn og aðferðir. Eins og þeir sem þekkja til verka Guðrúnar geta reiknað út mun vatn koma mikið við þá sögu. „Það er til dæmis verk eftir mig uppi í Hallgrímskirkju núna sem heitir Vatn og er í sýningarröðinni Kristin minni. Vatnið hefur auðvitað sterka tilvísun í kristna trú í skírninni, en merking þess er svo miklu, miklu víðari. Vatn er undirstaða alls lífs og er tákn í öllum trúarbrögðum. Það táknar líka hringrás lífsins, gufar upp og þéttist síðan aftur í vatn og fellur á ný.“



**LISTAKONAN** „Ég er alltaf meira og minna að vinna við einhverja snjóskafla og umhleypinga,“ segir Guðrún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verk Guðrúnar eru fjölbreytt; málverk, prent- og vídeóverk auk stórra veggmynda og innsetninga og hún segir það hafa komið sér á óvart þegar henni hafi verið bent á hversu ríkur þáttur vatnið er í verkum hennar. „Ég er alltaf meira og minna að vinna við einhverja snjóskafla og umhleypinga sem auðvitað hefur allt með vatn að gera, ég hafði bara ekki áttað mig á því.“ Hún segir svona spjall í rauninni eðlilegan hluta af listsköpuninni.

„Maður valdi sér þetta lífsstarf, að vinna að listum, en maður er aldrei búinn með neitt. Reynir bara að halda leitinni áfram og gera sínar rannsóknir og þá hjálpar til að fá sjónarhorn annarra á verkin.“ fridrikab@frettabladid.is



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLGRÍMUR ÞÓRÐARSON**
**netagerðarmeistari,**
**Heiðarvegi 56, Vestmannaeyjum,**

sem lést þann 8. október sl. verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 26. október kl. 14.00.

**Þórður Hallgrímsson** **Anna Friðþjófsdóttir**
**Einar Hallgrímsson** **Margrét Íris Grétarsdóttir**
**Halldór Hallgrímsson** **Guðrún Kristmannsdóttir**
**Jónína Hallgrímsdóttir** **Þórir Magnússon**
**Heimir Hallgrímsson** **Íris Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SVAVAR JÓHANNESSON**
**smíðakennari,**
**Sléttahrauni 21, Hafnarfirði,**

lést miðvikudaginn 16. október sl. á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 25. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Guðbjörg Tómasdóttir**
**Berghildur Valdimarsdóttir**
**Bryndís Svavarsdóttir** **Lúther Þorgeirsson**
**Hafdís Svavarsdóttir** **Guðjón Hilmarsson**
**Edda Svavarsdóttir** **Emil Birgir Hallgrímsson**
**afa- og langafabörn, langalangafabarn og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN ÞORSTEINSSON**
**Stekkjargötu 63, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 14. október sl. Útförin fór fram þann 18. október. Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Heimahjúkrunar.

**Eygló Björg Óladóttir**
**Þorsteinn Kristinsson** **Ellen Ósk Kristjánsdóttir**
**Einar Már Sigurðsson**
**Erla Björg Þorsteinsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRIÐRIK S. ÓLAFSSON,**
**Strikinu 12, Garðabæ,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold föstudaginn 18. október. Kveðjuathöfn mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristín Lúðvíksdóttir**
**Sigríður Jóna Friðriksdóttir** **Hlynur Árnason**
**Haukur Friðriksson** **Sigríður Anna Ragnarsdóttir**
**Hrönn Friðriksdóttir**
**Pétur Friðriksson** **Sigurlína Gísladóttir**
**Áshildur Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð
og vináttu við fráfall

**ÖRNÓLFS GRÉTARS ÞORLEIFSSONAR,**
**fv. útibússtjóra,**
**Stillholti 14, Akranesi.**

Þökkum starfsfólki Sjúkrahúss Akraness og Gunnari Bjarna Ragnarssyni krabbameinslækni fyrir frábæra umönnun.

**Brynja Einarsdóttir**
**Þorleifur Rúnar Örnólfsson**
**Þórdís Árný Örnólfsdóttir**
**Þórunn María Örnólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**Boðagranda 2, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 13. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 25. október kl. 13.00.

**Heiðar Holm**
**Ólafur E. Hreiðarsson** **Helga I. Kristjánsdóttir**
**Pétur Holm** **Elena Holm**
**Sigfús Hreiðarsson** **Anna Hafliðadóttir**
**Sigrún S. Hreiðarsdóttir** **Bryngeir Torfason**
**Elín Hreiðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


„MIG VERKJAR Í ANDLITIÐ OG MAGANN EFTIR ALLAN HLÁTURINN OG SVEI MÉR ÞÁ EF AÐ ÉG RISPAÐI EKKI Á MÉR HÁLSINN Í ÖSKUR GUSUNUM!“
HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR WALLACH
„VÁ, HVAÐ ÞETTA VAR FYNDIÐ. HEF EKKI HLEGIÐ SVONA MIKIÐ Í LANGAN TÍMA. GRENJAÐI ÚR HLÁTRI! TAKK FYRIR MIG.“
BERGLIND HILMARSDÓTTIR
★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUÐU OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL.“
FRÉTTABLAÐIÐ
„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ.“
DJÖFLAEYJAN
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Miðasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Miðasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga
BLAKKÁT
Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR • HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON • MAGNÚS GUÐMUNDSSON
Föstudagur 4. okt. - Uppselt
Föstudagur 11. okt. - Uppselt
Föstudagur 18. okt. - Örfá sæti laus
Föstudagur 25. okt. - Örfá sæti laus
Föstudagur 1. nóv.
Sýningum að ljúka.
Tryggið ykkur miða!
midi.is
Finndu okkur á facebook




2 | KL. 21:15 BONES

Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðingur, snýr aftur til að veita ráðgjöf í allra flóknustu morðmálum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

2 | KL. 20:05
MODERN FAMILY
Fern Emmy-verðlaun í röð fyrir besta gamanþáttinn.



2 | KL. 20:55
HOW I MET YOUR MOTHER
Ted heldur áfram að segja söguna af því hvernig hann kynntist barnsmóður sinni.



2 | KL. 22:00
EPISODES
Matt LeBlanc leikur ýkta útgáfu af sjálfum sér í nýjum gamanþætti.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:25
PRETTY LITTLE LIARS
Fjórar vinkonur þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



3 | KL. 21:10
NIKITA
Ung kona sem hlaut þjálfun hjá leynilegri stofnun á vegum stjórnvalda segir henni stríð á hendur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 7 | | | | 4 | 8 | |
| | 1 | | 4 | 3 | | 7 | | 2 |
| | | | | 8 | | | 9 | |
| 6 | 3 | | 8 | | | 5 | | |
| 9 | | 1 | 6 | | | | | |
| 4 | | | 7 | | | 1 | 3 | |
| 1 | | 5 | 2 | | 9 | | | |
| | | | | | 5 | 2 | | |
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 5 | | 8 | | | |
| | 1 | | 9 | | 2 | 8 | | 5 |
| | | | | | | | 3 | |
| | | | 6 | | 1 | 9 | | 8 |
| | 2 | 7 | | | 9 | | | 1 |
| 9 | | | | 4 | | | 5 | 2 |
| | 7 | 6 | | 8 | 3 | | | 4 |
| | | 5 | 4 | | | | | 3 |
| | | | | | | 6 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | | |
| | | 6 | 7 | 5 | 3 | | | |
| | 4 | 5 | 8 | | 2 | | | |
| 4 | | 7 | | | | | | 9 |
| | | | | 2 | 1 | 6 | | |
| | | | | | 9 | | 5 | 2 |
| 3 | 9 | | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | | | | | 8 | 6 |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 8 | 1 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 1 | 2 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 6 | 3 | 5 | 4 | 7 | 2 | 8 |
| 9 | 7 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 1 |
| 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 4 |
| 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 9 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 6 | 2 |
| 6 | 1 | 3 | 5 | 2 | 7 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 4 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 5 | 8 | 3 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALAN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Þegar dyr hamingjunnar lokast, opnast aðrar. En oft verður okkur svo starsýnt á lokaðar dyrnar að við veitum ekki athygli þeim sem opnar standa.

*– Helen Keller*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** ofsi, **6.** ólæti, **8.** atvikast, **9.** þvottur, **11.** klaki, **12.** stjörnuár, **14.** angar, **16.** mannþvaga, **17.** flýtir, **18.** skilaboð, **20.** tveir eins, **21.** hland.

**LÓÐRÉTT 1.** dóms, **3.** í röð, **4.** bjartast, **5.** prjónavarningur, **7.** trúarbrögð, **10.** hár, **13.** tunna, **15.** skrifa, **16.** tré, **19.** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** at, **8.** ske, **9.** tau, **11.** ís, **12.** sólár, **14.** ilmar, **16.** ös, **17.** asi, **18.** sms, **20.** tt, **21.** piss.

**LÓÐRÉTT: 1.** mats, **3.** rs, **4.** skírast, **5.** les, **7.** taóismi, **10.** ull, **13.** áma, **15.** rita, **16.** ösp, **19.** ss.







ENNEMM / SÍA / NM57928

Vertu með fyrirtækið
í **sterkara sambandi**

**Láttu sérfræðinga okkar finna lausnina sem hentar þínu fyrirtæki.**

Í Þjóðleikhúsinu vinnur fjöldi skapandi fólks við það að láta galdurinn ganga upp á hverju kvöldi. Eins og rúmlega 15.000 önnur íslensk fyrirtæki treystir það á fyrirtækjaþjónustu Símans.

Síminn býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum upp á bæði fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu. Starfsfólkið getur þannig einbeitt sér að sínu aðalhlutverki meðan Síminn sér um rekstur, viðhald og öryggi kerfanna.

Nánar á siminn.is eða í síma 800 4000.

Síminn

Bókakaffi í Gerðubergi:

## Æðasláttur borgarinnar



**Sigurbjörg Þrastardóttir flytur eigin ljóð og annarra skálda um Reykjavík og aðrar borgir í bókakaffi í Gerðubergi annað kvöld. Að auki segir hún frá skapandi starfi sínu með Metropoetica-hópnum, sem er samstarfsvettvangur sex evrópskra skáldkvenna sem skrifa um borgir, og greinir frá því hvernig lesa má götukort eins og bókmenntaþýðingar.**






**DÆTUR BERNHÖRÐU** "Hér þenja leikkonurnar sig hver í kapp við aðra, veltast fram og aftur um sviðið, með barsmíðum og sjálfsmeiðingum, á kafi í sadískum og masókískum hugarórum."

# Harmleik breytt í prédikun

LEIKLIST ★☆☆☆☆

### Hús Benhörðu Alba

Höfundur: Federico Garcia Lorca. Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir. Þýðing: Jón Hallur Stefánsson. Leikmynd: Brynja Björnsdóttir. Búningar: Þórunn María Jónsdóttir. Lýsing: Þórður Orri Pétursson. Hljóð: Ólafur Örn Thoroddsen. Tónlist: Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir. Kórstjórn: Margrét J. Pálmadóttir.

**LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR SÝNIR Í GAMLA BÍÓI**

Leikrit Federicos Garcia Lorca, Hús Bernhörðu Alba, er smámynd af einræðisríki. Það var síðasta leikrit spænska stórskáldsins áður en fasistarnir drápu hann í ágúst 1936, við upphaf borgarastyrjaldarinnar. Í húsi þessu drottnar hin ríka ekkja Bernharða yfir fimm dætrum sínum ógiftum. Þær eru kvaldar af karlmannsleysi og á bak við rimlana ólga ástríðurnar: bældir ástaórar, afbrýði, örvænting, öfund, heift, hatur. Að lokum mætir dauðinn til leiks, eins og í Blóðbrúðkaupi og Yermu, hinum harmleikjum Lorca sem halda nafni hans á lofti ásamt ljóðlist hans.

Í sviðsetningu Kristínar Jóhannesdóttur á leiknum, sem var frumsýndur í Gamla bíói fyrir helgi, fer flest forgörðum sem gerir list Lorca að því sem hún er. Í löngu blaðaviðtali kveðst Kristín hafa verið að velta fyrir sér spurningum um kúgun og vald og því hafa ákveðið að bjóða ýmsum „gestum" sem tengjast baráttu kvenna fyrir mannréttindum sínum inn í sýninguna. Með öðrum orðum: hún leyfir sér að nota texta Lorca til að skapa sér sjálfri prédikunarstól að messa yfir lýðnum. Simone de Beauvoir kemur í stutta heimsókn meðal annarra og svo er öðru hvoru verið að lesa upp tilvitnanir í fræg karlrembusvín á borð við Napóleón, heilagan Tómas Aquinas og fleiri. Þessum „heimsóknum" er einfaldlega dreift um sýninguna, alveg tilviljunarkennt, að því er best verður séð. Og afskaplega ólistrænt, verður að segjast.

Garcia Lorca var upphaflega tónlistarmaður og textar hans einkennast af miklu músíkalíteti, líka þessi leikur. Ólíkt Blóðbrúðkaupi og Yermu er hann raunsæislegur að formi, en býr um leið yfir þeim hreinleik formfestunnar sem fegurst birtist í harmleikjum Grikkja og Frakka. En það er fátt músíkalskt eða hreinlegt við það sem nú fer fram á fjölum Gamla bíós. Sýningin hjakkar áfram í skrykkjóttu og silalegu tempói og leiktúlkunin fer alltof oft út í móðursýkislegt garg og öskur. Spennan milli hinnar hvítkölkuðu spennitreyju spænska sveitaþorpsins og sársaukans sem aldrei má opinbera, grunntónninn í verki Lorca, er farinn veg allrar veraldar. Hér þenja leikkonurnar sig hver í kapp við aðra, veltast fram og aftur um sviðið, með barsmíðum og sjálfsmeiðingum, á kafi í sadískum og masókískum hugarórum. Hús Bernhörðu Alba hefur stundum verið kallaður harmleikur þagnarinnar; hér er hann orðinn að harmleik hávaðans.

Bernharða sjálf er mögnuð mannlýsing af hendi skáldsins. Hún er ógnvaldurinn sem er innst inni hræddastur allra. Hún setur almenningsálitið, ættarheiðurinn, ofar öllu öðru; lifir í slíkum ótta við dóma annarra að hún lokar inni geðveika móður sína, því að nágranna og þorpsbúa má ekki gruna neitt. Kristín lætur Þröst Leó Gunnarsson leika konuna; að því er mér skilst vegna þess að hún fann enga íslenska leikkonu sem gæti gert frúnni boðleg skil. En Þröstur er ekki réttur leikari í hlutverk af þessu tagi, alveg burtséð frá kynferði. Honum er algerlega um megn að sýna þá andlegu grimmd sem Bernharða beitir aðra, grimmdina sem er ekki vísbending um styrk, heldur þá togstreitu sem er að gera hana geðveika – og gerir hana geðveika í leikslok. Það er engin leið að skilja hvernig nokkur geti óttast það furðufyrirbæri sem þarna birtist kjólklætt. Hvað þá að hægt sé að finna til samúðar með því – eða yfirleitt nokkurri annarri persónu sem hér kemur fram.

Mér finnst engin ástæða til að ræða frammistöðu leikenda við aðstæður sem þessar. Eins og oft verður raunin í vondu leikstjórnarleikhúsi eru leikendur einungis strengbrúður í höndum einvaldans, og því ósanngjarnt að gera þá ábyrga fyrir öllum mistökum og smekkleysum. Og þetta er sannarlega vont leikstjórnarleikhús, mjög vont meira að segja.

Annars var gaman að fá að koma á ný í leikhús í Gamla bíó. Vel til fundið hjá leikhússtjóra Leikfélagsins að leggjast í slíka útrás. Ætli Borgarleikhúsið sé að springa í höndunum á honum?

Eitt hið besta í sýningum Kristínar Jóhannesdóttur hefur oft verið skemmtilegt og nýstárlegt tónlistarval og svo er einnig hér. Þýðing Jóns Halls Stefánssonar hljómaði látlaust og skáldlega; þó ég sé ekki læs á frumtextann gæti ég best trúað því að hún sé trú bæði anda hans og inntaki. Þetta tvennt, þýðingin og tónlistin, valda því að ég get gefið sýningunni eina stjörnu með þokkalegri samvisku.

**Jón Viðar Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Það er afskaplega lítið eftir af meistaraverki Garcia Lorca þegar það kemur út úr pólitískri hakkavél Kristínar Jóhannesdóttur. Sorglegt, er eina orðið sem hægt er að hafa yfir þetta.



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
**Bæjarbíói**

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

**ZJÚKOV MARSKÁLKUR**
**Stj. Marina Babak**
*AUKAMYND: VOPN ÞEIRRA*
Um fréttakvikmyndatökumenn í fremstu víglínu.

Georgíj Zjúkov, frægasti hershöfðingi Sovétríkjanna í heimsstyrjöldinni síðari, átti hlut að sigri sovéska hersins í orustunni um Moskvu og rak flótta Þjóðverja vestur á bóginn allt til Berlínar. Myndin spannar atburði styrjaldarinnar frá upphafi í Asíu 1939 til enda í Berlín.




# Skíðaveisla

## í janúar í Austurríki

## 4., 11. og 18. janúar



Ótrúlegt tveggja daga tilboð!
Aðeins í sölu þriðjudag
og miðvikudag.

Heimsferðir bjóða frábær tilboð í janúar. Beint morgunflug til Salzburg í Austurríki, fjöldi gististaða.

Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta á þessum frábæru kjörum!

Kr. 99.900
**Vikuferð með hálfu fæði**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.

Kr. 120.300. Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í viku.

Innifalið er flug, gisting, flugvallarskattar og flutningur á tösku og skíðasetti.





ENNEMM / SIA • NM59761 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Hvert höldum við eftir dauðann?
Fyrirlestur á ensku / www.lif-eftir-daudann.net

Hollvinasamtök líknarþjónustu

Aðalfundur Hollvinasamtaka líkarþjónustu verður haldinn í Neskirkju þriðjudag 20. október 2013 og hefst hann klukkan 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf.

STJÓRNIN

Vissir þú að Ísland byggðist af ást?



Lifandi og aðgengileg umfjöllun um ástir Íslendinga að fornu – um rétt þeirra til að elska, makaval, hjónaskilnaði, frillulíf og ást á eigin kyni.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu





GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF FUGLABÚRUM FYRIR STÓRA OG LITLA FUGLA

ferplast
GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**ÁNÆGÐUR MEÐ GULLIÐ:** Ragnar Bjarnason og Jón Ólafsson taka við gullplötu fyrir dúettaplötuna sem kom út í fyrra. MYND/GVA

# Raggi Bjarna með nýja og ferska plötu

**Ragnar Bjarnason vinnur nú að plötu sem inniheldur eingöngu nýtt og ferskt efni eftir landsþekkta lagahöfunda. Platan kemur út í nóvember.**

„Þetta eru allt saman ný lög og ný ljóð, og það hefur verið mjög skemmtilegt að vinna að plötunni,“ segir Ragnar Bjarnason tónlistarmaður, sem er þessa dagana að klára nýja plötu sem kemur út um miðjan nóvember. Platan sem er enn ónefnd er unnin af Jóni Ólafssyni tónlistarmanni og hafa þeir félagar unnið í tvo til þrjá mánuði að plötunni.

„Við eyddum miklum tíma í að finna rétta stílinn. Jón Ólafs hefur verið potturinn og pannan í þessu öllu saman. Allir þeir sem koma að plötunni eru alveg frábærir.“

Fjöldinn allur af lagahöfundum á lög á plötunni og eru Jón Jónsson, Megas, Magnús Þór Sigmundsson, Bragi Valdimar Skúlason og Valgeir Guðjónsson þeirra á meðal. Þá eiga Ólafur Haukur Símonarson, Kristján Hrafnsson, Valgeir Guðjónsson og Kristján Hreinsson texta á plötunni, ásamt fleiri skáldum.

„Það er mikill léttleiki yfir nýju plötunni, hún er skemmtileg og við förum yfir allan skalann, allt frá reggíi yfir í hálfgert diskó, svo eru líka rólegar og fallegar perlur þarna,“ útskýrir Ragnar.

Textarnir eru léttir og segja skemmtilegar sögur. „Það er einn texti þarna um Þjóðarbókhlöðuna og fjallar í raun um hvernig lífið er og hvað fólk er að gera á Þjóðarbókhlöðunni. Það hefur enginn sungið um Þjóðarbókhlöðuna fyrr en núna,“ bætir Ragnar við léttur í lundu.

Þetta er fyrsta platan sem Ragnar gefur út í fjölmörg ár, þar sem eingöngu er nýtt efni á boðstólum. Þó kom út árið 2007 jólaplata með honum þar sem ný jólalög var að finna.

Í fyrra gaf Ragnar út plötu sem á voru dúettar og seldist hún mjög vel en Ragnar tók einmitt á móti gullplötu í gær fyrir þá plötu.

„Fyrir utan plötuna er ég mikið að skemmta á samkomum, eins og í afmælum og á árshátíðum, en svo reikna ég nú með að við höldum útgáfutónleika fljótlega eftir útgáfuna,“ bætir Ragnar við að lokum.

gunnarleo@frettabladid.is

## → Nokkrar af plötum Ragnars Bjarnasonar

Ragnar Bjarnason hefur komið víða við og gefið út gífurlega mikið efni í gegnum tíðina.

**1954**
Fyrstu plöturnar koma út, Í faðmi dalsins og Í draumi með þér, með KK-sextettinum.




**1960**
Plöturnar Komdu í kvöld og Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig koma út.




**1965**
Ragnar gefur út plötu með Elly Vilhjálms.




**1981**
Ragnar gefur út plötu með Elly Vilhjálms.




**1999**
Platan Við bjóðum góða nótt kemur út. Á henni eru bandarískir standardar.



**2004**
Fær platínuplötu fyrir afmælisplötuna, Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig.



**2010**
75 ára afmælistónleikar gefnir út.




**2012**
Dúettaplatan kemur út og fékk Ragnar gullplötu fyrir þá plötu í gær.



Eirberg

# Göngugreining

Nákvæm greining með þrýstingsmælingu standandi, gangandi og hlaupandi.

Skoðun sjúkraþjálfara og ráðgjöf um val á skóm, innleggjum og öðrum stoðtækjum.

Tímapantarnir í síma 569 3100.



BAUERFEIND®



# Stuðningshlífar

Fyrir axlir, olnboga, úlnliði, bak, hné og ökkla.

Virkur stuðningur sem dregur úr bólgu, minnkar verki og auðveldar hreyfingu.

Einstakur vefnaður og góð öndun.

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.

Opið virka daga kl. 9 -18 og laugardaga kl. 11 -15 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Óbærilegar myndir

BAKÞANKAR
Ólafar Skaftadóttur



**ÞESSI** meistaramánuður er svo fáránlega steiktur," heyrði ég ungt par segja í röðinni á kassanum í Hagkaup í gær á meðan það hrúgaði á færibandið að því er virtist hálfu ævistarfi Helga í Góu.

**ÉG** náttúrulega fylltist öfund yfir þeirra körfu, enda löngum verið meðal dyggustu viðskiptavina Helga, á meðan ég tíndi á bandið heilsusamlegar vörur. „Hvað á fólk svo að gera hina ellefu mánuðina?" héldu þau áfram. „Af hverju að hætta að drekka í einn mánuð?"

**ÞETTA** er fínn rökstuðningur og ef þig langar ekki að taka þátt í meistaramánuði, þá er það allt í góðu. Þá má án efa færa rök fyrir því að það sé skrítið að hætta að drekka í einn mánuð. Ég bara þekki það ekki.

**EF** þú lifir þegar eins og meistari þá er það líka æðislegt, og til hamingju með það.

**ÉG** er með í meistaramánuði og karfan mín lítur ekki alltaf jafn vel út og í gær. Öðru nær. Ég fer alltof seint að sofa og ég er alltaf að flýta mér því ég er sein. Og ég held að það sé bara gott mál ef eins og einn góður siður sem ég tileinka mér í þessum mánuði fylgir mér út í árið.

**EITT** af markmiðum mínum er að drekka ekki áfengi. Það virðist fólki í kringum mann hið erfiðasta mál. Á meðan ég geri ráð fyrir að mínir nánustu séu aðeins rórri, vitandi að ég er heima á laugardagskvöldi að lesa bók en ekki á barnum að fá þá brjálæðislegu góðu hugmynd að fá barinn bara heim til mín eftir lokun, þá eru viðbrögð annarra við þessu bindindi svo fyndin.

**„OG** hvað? Hvenær ætlarðu eiginlega að koma aftur?" spurði góður vinur minn mig um miðjan mánuðinn. Eins og ég hafi keypt mér miða aðra leið til Noregs og ætli að fara að vinna á olíuborpalli, þar sem er ekkert símasamband, um ókomna framtíð.

**EN** svo er svo margt í þessu. Meistaramánuður er ekki gallalaus og í því sambandi má helst nefna Instagram-myndir af mat sem eru óbærilegar alla mánuði ársins. Taki til sín sem eiga.

# Slegist um sjálfsævisögu Jolie

## Mikill spenningur er fyrir ævisögu leikkonunnar Angelinu Jolie.

Þrjú bandarísk bókaforlög berjast þessa dagana um útgáfuréttinn á sjálfsævisögu Angelinu Jolie.

Talið er að leikkonan muni slá heimsmet með samningnum sem gæti tryggt henni tæpa sex milljarða króna í vasann, samkvæmt tímaritinu Marie Claire.

Fregnir herma að Jolie ætli að láta allt flakka í ævisögunni. „Hún hefur alltaf viljað gera þetta og henni finnst rétti tíminn vera núna," sagði vinur leikkonunnar við breskt götublað.

Samkvæmt vininum líður Jolie einstaklega vel um þessar mundir og spilar þar inn í hið tvöfalda brjóstnám sem hún gekkst undir í febrúar til að draga úr líkunum á brjóstakrabbameini.

„Það eru púkar í fortíð hennar en hún er í góðu andlegu jafnvægi og er tilbúin að skrifa um þá á hreinskilinn hátt og setja þá í samhengi." Einnig er búist við því að leikkonan ræði um hinar sífelldu umræður fjölmiðla um mögulegt brúðkaup hennar og leikarans Brads Pitt.

Hilary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fékk greidda um 1,7 milljarða króna fyrir aðra sjálfsævisögu sína sem kom út í apríl.



**ANGELINA JOLIE** Talið er að leikkonan muni láti allt flakka í ævisögunni.
NORDICPHOTOS/GETTY


SMÁRABÍÓ | HÁSKÓLABÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — GRAVITY — SANDRA BULLOCK GEORGE CLOONEY — ★★★★★ EMPIRE ★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY

★★★½ „SPENNUÞRUNGIN KVIKMYND MEÐ FRÁBÆRUM LEIKURUM" -A.F.R., KVIKMYNDIR.IS — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — KONAN Í BÚRINU

BATTLE OF THE YEAR — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — MÁLMHAUS — ★★★★½ -V.H., DV ★★★★ -H.V.A., FBL ★★★★ - H. S., MBL

Hross í oss — "SKEMMTILEGASTA ÍSLENSKA KVIKMYND SEM ÉG HEF SÉÐ LENGI!" - BERGSTEINN SIGURÐSSON, DJÖFLAEYJAN RÚV — "ÞESSI MYND ER MEÐ BETRI MYNDUM SEM ÉG HEF SÉÐ, PÚNKTUR. ÞAÐ ER EKKI SLEGIN FEILNÓTA." - MIKAEL TORFASON

SMÁRABÍÓ (Aukakrónur 5%)

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | L |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 | 10 |
| RUNNER RUNNER | KL. 10.40 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og Miði

HÁSKÓLABÍÓ (Aukakrónur 5%)

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAVITY 3D | KL. 9 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LA VIE D'ADELE | KL. 5.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL. 10 | 10 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 - 8 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 6 - 10 | 12 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 8 - 10 | L |

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — Aukakrónur 5%

★★★½ A.F.R. kvikmyndir.is — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — KONAN Í BÚRINU
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — BATTLE OF THE YEAR
★★★★½ V.H. DV ★★★★ H.V.A. FBL ★★★★ H.S. MBL — MÁLMHAUS

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — about Time
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — AULINN ÉG 2 — ENS TAL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | 8, 10:20 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | 10:20 | L |
| MÁLMHAUS | 5:50, 8 | 12 |
| ABOUT TIME | 6, 9 | 10 |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 6 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

98% ROTTEN TOMATOES
★★★★★ EMPIRE ★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★★ VARIETY
SANDRA BULLOCK GEORGE CLOONEY — GRAVITY — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
"BESTA GEIMMYND FYRR OG SÍÐAR" -JAMES CAMERON - LEIKSTJÓRI AVATAR/ALIENS/TITANIC

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNA LEIKSTJÓRANUM RON HOWARD KEMUR KRAFTMESTA MYND ÁRSINS
★★★★★ QC ★★★★★ VARIETY
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ — CHRIS HEMSWORTH DANIEL BRÜHL OLIVIA WILDE — RUSH
"ONE OF THE BEST MOVIES OF THIS YEAR, OR ANY YEAR" PETE HAMMOND, MOVIELINE
★★★★★ USA TODAY ★★★★★ CHICAGO SUN TIMES TIMES

HUGH JACKMAN - JAKE GYLLENHAAL Í EINNI BESTU MYND ÁRSINS
★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★ NEW YORK OBSERVER
PRISONERS — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
★★★★★ MBL ★★★★★ VARIETY ★★★★★ LOS ANGELES TIMES
MAGNAÐUR ÞRILLER
HIN FRÁBÆRA TÓNLIST Í MYNDINNI ER EFTIR JÓHANN JÓHANNSSON

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY VIP 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| RUSH | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 - 11 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:30 | 12 |
| RUSH | KL. 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 8 - 11 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| RUSH | KL. 5:50 - 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 | 16 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

LYFJA – Lífið heil
20% afsláttur
Gildir út október
Kerasal
Nýtt á Íslandi
Kærkomin lausn fyrir þreytta, sprungna og þurra fætur
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju

BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS
18.00 — ASKA
MATTHEW McCONAUGHEY — MUD — 17.30 | 20.00 | 22.30
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Hrekkjavaka fyrir sýrlensk börn

## Ewan McGregor verður gestgjafi á hrekkjavökuballi til styrktar Unicef.

Skoski Hollywood-leikarinn Ewan McGregor verður gestgjafi á hrekkjavökuballi til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, Unicef. Allur ágóðinn rennur til barna í hinu stríðshrjáða Sýrlandi.

Aðrar stjörnur á ballinu, sem verður haldið í London 31. október, verða söngvarinn Robbie Williams, leikarinn Roger Moore og fyrirsætan Claudia Schiffer.

McGregor hefur stutt við bakið á Unicef frá árinu 2004. Hann segir mikilvægt að halda ballið til að safna peningum fyrir sýrlensku börnin. „Eins og staðan er núna er meira en ein milljón barna á flótta og rúmlega þrjár milljónir barna þurfa á hjálp að halda í Sýrlandi. Ástandið hjá þeim er grafalvarlegt,“ sagði leikarinn við tímaritið Harper's Bazaar. „Unicef vinnur dag og nótt við að útvega hreint vatn, bóluefni, menntun og sálfræðiaðstoð fyrir þessi börn.“

McGregur hefur einnig tjáð sig um ballið á Twitter. „Hlakka til hrekkjavökuballs Unicef í Bretlandi fyrir sýrlensk börn,“ skrifaði hann.



**EWAN MCGREGOR**
Skoski leikarinn verður gestgjafi á hrekkjavökuballi Unicef.

# Sterkir litir næsta vor

## Appelsínugulur og dökkblár verða ríkjandi næsta vor.


**CHRISTIAN DIOR**


**GIANFRANCO FERRE**

Tískan næsta vor og sumar verður litrík ef marka má tískuvikurnar sem fóru fram víða um heim í lok ágúst og september. Appelsínugulur og dökkblár verða þeir litir sem verða hvað mest áberandi, ef frá eru taldir litir á borð við hvítan, ljósbrúnan og fölgráan. Þessir sterku litir eru tilbreyting frá pastellitunum sem halda gjarnan innreið sína þegar sól tekur að hækka á lofti.


**GENNY**


**RALPH LAUREN**







## Hannes fann sér lið til að æfa með



Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska landsliðsins, er í sérstakri stöðu ásamt varamarkverði sínum Gunnleifi Gunnleifssyni. Ólíkt því sem gildir um aðra leikmenn íslenska liðsins þá er tímabilið búið hjá þeim tveimur en enn eru 24 dagar í fyrri umspilsleikinn á móti Króatíu.

„Við erum búnir að teikna upp ákveðið fyrirkomulag. Ég fer út í næstu viku og æfi með liði í Skandinavíu. Ég verð þar við frábærar aðstæður og get æft eins og ég vil án þess að þurfa að pæla í einhverjum leikjum. Ég hugsa bara um það að koma til baka í sem bestu standi," sagði Hannes við Arnar Björnsson á Stöð 2 í gær. „Í þessari viku verð ég síðan með Gumma Hreiðars og Gunnleifi og við höldum okkur við með okkar aðferðum. Þegar ég kem til baka frá þessu liði verður stutt í að landsliðið verði kallað saman. Þetta verður í góðu lagi," bætti Hannes við.

## Margrét og Sif meiddar en bjartsýnar

**FÓTBOLTI** „Ég er þokkalega bjartsýn á að geta verið með gegn Serbíu," segir landsliðskonan Margrét Lára Viðarsdóttir. Margréti Láru var skipt af velli í fyrri hálfleik í 3-1 tapi Kristianstad gegn Umeå í lokaumferð sænsku úrvalsdeildarinnar á sunnudaginn. Sif Atladóttur, liðsfélaga hennar, var sömuleiðis skipt af velli og ekki ólíklegt að farið hafi um landsliðsþjálfarann Frey Alexandersson. Stelpurnar mæta Serbíu í undankeppni HM í lok mánaðar.

Margrét Lára segist hafa orðið fyrir meiðslunum, sem eru í festingu á mörkum nára og aftan í læri, í leiknum á undan. „Ég æfði því lítið í síðustu viku en við ætluðum að láta á þetta reyna í leiknum," segir Margrét Lára sem bað sjálf um skiptingu eftir hálftíma leik. „Ég fann að þetta var að taka vel í svo ég vildi ekki taka neina áhættu."

Sænskir fjölmiðlamenn töldu Sif mögulega hafa slitið krossband en það virðist hafa verið misskilningur. Sif hafði meiðst á hné í vikunni á undan og lenti illa á hnénu. Reiknað er með því að hún geti verið með í leiknum gegn Serbíu. Hópurinn fyrir leikinn verður tilkynntur í dag. - ktd



**FÓR MEIDD AF VELLI** Margrét Lára Viðarsdóttir bað sjálf um skiptingu í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





## Hasarinn hefst á ný!

Þeir verða margir stórleikirnir í Meistaradeildinni í kvöld. Margfaldir meistarar frá Mílanó fá spænsku risana í heimsókn og Arsenal mætir þýska stálinu frá Dortmund. Á meðan skreppa Kolbeinn og félagar til Skotlands og lærisveinar Mourinho kljást við topplið riðilsins Schalke.

**Magnað fótboltakvöld fram undan!**

### Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| Upphitun | 2 SPORT | 18:00 |
| Arsenal–Dortmund | 2 SPORT | 18:30 |
| AC Milan–Barcelona | 2 SPORT 3 | 18:30 |
| Celtic–Ajax | 2 SPORT 4 | 18:30 |
| Schalke–Chelsea | 2 SPORT 5 | 18:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 20:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
besta sætið




**ÞEIRRA ARON EINAR**
Darijo Srna, 31 árs bakvörður eða vængmaður Shakhtar Donetsk og fyrirliði Króatíu. Leiðtogi liðsins sem hættir aldrei og gefur ekkert eftir.



**ÞEIRRA ALFREÐ**
Nikica Jelavic, 28 ára framherji Everton og fyrrum Rangers-maður –5 mörk í 30 leikjum. Þarf oft að byrja á varamannabekknum.



**ÞEIRRA KOLBEINN**
Mario Mandzukic, 27 ára framherji Bayern München – 12 mörk í 44 landsleikjum.

**ÞEIRRA GYLFI ÞÓR**
Luka Modric, 28 ára miðjumaður Real Madrid–8 mörk í 70 landsleikjum



**ÞEIRRA EIÐUR SMÁRI**
Ivica Olic, 34 ára framherji Wolfsburg og fyrrverandi leikmaður Bayern München og CSKA Moskvu–16 mörk í 87 landsleikjum.



**ÞEIRRA BIRKIR**
Ivan Rakitic, 25 ára miðjumaður Sevilla sem ólst upp sem fótboltamaður í Sviss (Birkir Bjarna í Noregi)–9 mörk í 57 landsleikjum.



**ÞEIRRA JÓHANN**
Ivan Perisic, 24 ára vængmaður VfL Wolfsburg 1 mark í 24 landsleikjum. Frábær skotmaður eins og Jóhann Berg Guðmundsson.

# Þeir standa á milli Íslands og HM 2014

Ísland mætir Króatíu í umspilsleikjum um sæti á HM í Brasilíu. Króatar telja sig hafa unnið í lottóinu með því að fá Íslendinga í stað Frakka eða Svía.

**FÓTBOLTI** Króatíska landsliðið stendur á milli Íslands og þátttöku á HM í Brasilíu 2014 en þetta varð ljóst eftir að þjóðirnar drógust saman í umspilsleikjunum í gær. Ísland fékk ekki Grikkland eins og margir óskuðu eftir en slapp jafnframt við Cristiano Ronaldo og félaga í Portúgal.

Króatía er 28 sætum ofar en Ísland á styrkleikalistanum og vann tvo örugga sigra þegar landslið þjóðanna mættust tvisvar árið 2005.

Króatar byrjuðu undankeppnina af krafti og náðu í sextán stig af átján mögulegum í fyrstu sex leikjum sínum. Lokakaflinn var hins vegar skelfilegur og liðið horfði á eftir Belgíu inn á HM eftir að hafa aðeins náð í eitt stig í síðustu fjórum leikjum undankeppninnar. Tvö af töpunum komu á móti lærisveinum Gordons Strachan hjá Skotlandi sem unnu aðeins einn annan leik í riðlinum. Slakt gengi kostaði landsliðsþjálfarann Igor Stimac starfið og Króatar verða með nýjan þjálfara, Niko Kovac, í leikjunum á móti Íslandi.

En hverjar eru aðalstjörnur króatíska landsliðsins? Fréttablaðið skoðaði stærstu stjörnur Króata og notaði tækifærið til að bera þá saman við leikmenn í svipuðum hlutverkum hjá íslenska landsliðinu.

Stjörnuleikmenn Króatíu eru eins og lykilmenn íslenska landsliðsins að spila sinn fótbolta utan heimalandsins. Fjórir leikmenn í síðasta landsliðshópi Króata spila í Meistaradeildinni (Ísland á þrjá) og tveir þeirra spila í ensku úrvalsdeildinni. Ísland á einnig tvo leikmenn í ensku úrvalsdeildinni, þá Gylfa Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson.

Þekktustu leikmenn Króata eru án vafa þeir Luka Modric, miðjumaður Real Madrid, og Mario Mandzukic, framherji Evrópumeistara Bayern München. Báðir eru þeir í stórum hlutverkum hjá tveimur af sterkustu knattspyrnuliðum heims og það er alveg ljóst að framganga króatíska liðsins ræðst mikið af frammistöðu Modric og Mandzukic.

Það liggur vel við að bera þá Modric og Mandzukic saman við Gylfa Þór Sigurðsson og Kolbein Sigþórsson. Króatíska landsliðinu hefur gengið illa án Modric eins og því íslenska án Gylfa. Mandzukic er stór og stæðilegur framherji með markanef eins og Kolbeinn. Kolbeinn slær honum þó við með því að hafa skorað 13 mörk í 19 landsleikjum en Mandzukic hefur skorað einu landsliðsmarki minna þrátt fyrir að hafa spilað 25 fleiri leiki.

Fyrirliðinn Darijo Srna hefur spilað með landsliðinu frá 2002 og er orðinn landsleikjahæstur frá upphafi (108 leikir). Srna er einnig þriðji í skoruðum mörkum (20) á eftir þeim Davor Suker (45) og Eduardo da Silva (29) en Suker er nú forseti króatíska sambandsins. Eduardo er enn með landsliðinu sem og þeir Ivica Olic (16 mörk) og Niko Kranjcar (16) sem eru í næstu sætum á markalistanum.

Hér fyrir ofan má sjá stutta samantekt á stjörnum króatíska landsliðsins og hvaða leikmönnum í íslenska landsliðinu þeir líkjast mest.

ooj@frettabladid.is

# 20 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ

tl.is
TÖLVU LISTINN



PHS-236V4LSB

-8.000

## PHILIPS

## 23" HÁSKERPU LED SKJÁR

Flottur 23" skjár frá Philips með LED baklýsingu, háskerpu upplausn og aðeins 5ms svartíma.

**21.990**
FULLT VERÐ 29.990



-25%

INT-MEMORYCENTER3TB

## INTENSO

## 3TB FLAKKARI

Allt að tífaldur hraði með USB3. Ótrúlega lágt verð fyrir hvert TB á afmælistilboðinu. Stílhreinn og nettur.

**19.990**
FULLT VERÐ 24.990

### SKJÁTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ

TOSHIBA



-40.000

Fullkomin heimilistölva sem tekur mjög litið pláss með 23" háskerpu snertiskjá, Intel i5 örgjörva og öflugu skjákorti.

TOS-LX83012N

**159.990**
FULLT VERÐ 199.990

### TRAUSTUR 3TB HARÐUR DISKUR

Seagate



-26%

Sérstaklega gott afmælisverð fyrir þennan 7.200 snúninga SATA3 harða disk frá Seagate.

SEA-ST3000DM001

**19.990**
FULLT VERÐ 26.990

### 12,5" SPJALDTÖLVA MEÐ LYKLABORÐI

TOSHIBA



-50.000

Öflug spjaldtölva með virkni fartölvu.
Hallandi skjár og lyklaborð en þegar skjánum er rennt niður breytist hún í spjaldtölvu. Intel i5 örgjörvi, SSD og frábær snertiskjár með Gorilla Glass.
Windows 8.

TOS-U920T10H

**149.990**
FULLT VERÐ 199.990

### ALVÖRU VINNUHESTUR

COOLER MASTER



-20.000

Sérstaklega öflug vinnutölva með nýjasta Intel i5 Haswell, SSD drifi og 16GB vinnsluminni. Mjög hljóðlát. Frábær kaup á afmælistilboði.

CM V7.5 ELITE

**129.990**
FULLT VERÐ 149.990

### SIBERIA HEYRNARTÓL

steelseries



-28%

Mjög töff heyrnartól sem einangra vel utanaðkomandi hljóð. Einstaklega góð hljómgæði. Hljóðnemi og styrkstillir á snúru. Svört og hvít.

MSI-Z87G43

**12.990**
FULLT VERÐ 17.990

### HASWELL MÓÐURBORÐ



-28%

msi

Virkilega veglegt borð frá MSI sem styður nýja Haswell sökkulinn frá Intel. Styður heil 64GB í innra minni. CrossFire, SLI og ótal fleiri tengimöguleikar.

MSI-Z87G43

**17.990**
FULLT VERÐ 24.990



| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## Skjár einn kl. 21.30
### Sönn íslensk sakamál



Ný þáttaröð þar sem fjallað verður um stærstu sakamál þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Í þessum fyrsta þætti er fjallað um óhugnanlegt morðmál frá sjöunda áratug síðustu aldar sem tengist kaupum Flugfélags Íslands á Boeing 727 vél félagsins. Til stóð að tveir flugmenn myndu fljúga vélinni heim með mikilli viðhöfn frá New York en það fór öðruvísi en ætlað var.

## Í KVÖLD



### Bones
**STÖÐ 2 KL. 21.15**
Áttunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.



### Djöflaeyjan
**SJÓNVARPIÐ KL 21.25**
Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30**
Arsenal - Dortmund. Bein útsending frá leik Arsenal og Dortmund í Meistaradeild Evrópu.

## Bylgjan kl. 10.00
### Ívar Guðmunds



Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 9-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.


Kjörorð Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar er:

**Stuðningur til sjálfstæðis!**

**Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 blindir eða sjónskertir einstaklingar, margir með viðbótarfatlanir. Með kaupum á vörum Blindravinnustofunnar styður þú við atvinnuþátttöku þeirra.**







Blindravinnustofan
Stuðningur til sjálfstæðis


### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.15** Malcolm in the Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** So you think You Can Dance
**13.50** In Treatment
**14.15** Sjáðu
**14.45** Lois and Clark
**15.35** Victourious
**16.00** Scooby Doo og félagar
**16.25** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Stelpurnar *(18:20)*
**19.40** The Big Bang Theory *(15:24)*
**20.05** Modern Family *(5:22)*
**20.25** Anger Management *(6:22)*
**20.50** How I Met Your Mother *(16:24)*
**21.15** Bones *(1:24)* Áttunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.00** Episodes *(4:9)*
**22.30** Beatles Biggest Secrets Heimildarmynd sem gefur okkur einstaka sýn inn í heim vinsælustu hljómsveitar í heimi.
**00.00** Grey's Anatomy
**00.45** Mistresses
**01.30** Hung
**02.00** The Closer
**02.45** Vesalingarnir. 25 ára afmælistónleikar
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

### STÖÐ 2 SPORT
*besta sætið*

**16.30** Keflavík Sverrir Bergmann kynnist öllum liðuðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
**17.00** Spænsku mörkin
**17.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Dortmund Bein útsending
**20.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**21.45** Meistaradeild Evrópu. AC Milan - Barcelona
**23.40** Meistaradeild Evrópu. Celtic - Ajax
**01.35** Meistaradeildin - meistaramörk

### STÖÐ 2 SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Crystal Palace - Fulham
**13.05** Messan
**14.15** Everton - Hull
**15.55** Newcastle - Liverpool
**17.35** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**18.30** Meistaradeild Evrópu. Schalke - Chelsea Bein útsending
**20.45** Crystal Palace - Fulham
**22.25** Aston Villa - Tottenham
**00.05** Football League Show 2013/14
**00.35** Man. Utd. - Southampton

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

### STÖÐ 3

**16.50** Junior Masterchef Australia
**17.40** Cherry Healy. How to Get a Life
**18.40** American Dad
**19.00** School Pride
**19.40** Hart of Dixie
**20.25** Pretty Little Liars *(7:24)*
**21.10** Nikita *(7:23)*
**21.50** Justified *(7:13)*
**22.30** Arrow *(1:23)* Önnur þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og verið talinn af.
**23.15** Damages *(6:10)*
**00.05** 2+6
**00.30** School Pride
**01.15** Hart of Dixie
**01.55** Pretty Little Liars
**02.40** Nikita
**03.25** Justified
**04.10** Tónlistarmyndbönd

### Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.59** Áfram Diego, áfram! **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.59** Strumparnir **09.24** Ævintýri Tinna **09.46** Skoppa og Skrítla **09.59** Lukku láki **10.23** Ofurhundurinn Krypto **10.44** UKI **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.59** Áfram Diego, áfram! **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.59** Strumparnir **13.24** Ævintýri Tinna **13.46** Skoppa og Skrítla **13.59** Lukku láki **14.23** Ofurhundurinn Krypto **14.44** UKI **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.59** Áfram Diego, áfram! **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.59** Strumparnir **17.24** Ævintýri Tinna **17.46** Skoppa og Skrítla **17.59** Lukku láki **18.23** Ofurhundurinn Krypto **18.44** UKI **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Unstable Fables **20.15** Sögur fyrir svefninn

### STÖÐ 2 GULL

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.45** Seinfeld
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(9:16)*
**20.00** Hamingjan sanna *(2:8)* Íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**20.35** Hannað fyrir Ísland *(7:7)* 21.20 Nikolaj og Julie *(6:22)*
**22.05** Anna Phil *(6:10)*
**22.50** Cold Feet *(3:8)*
**23.40** Prime Suspect 3 *(1:2)*
**01.25** Hamingjan sanna
**02.10** Hannað fyrir Ísland
**02.55** Nikolaj og Julie
**03.40** Anna Phil
**04.25** Tónlistarmyndbönd

### STÖÐ 2 BÍÓ

**10.45** Nanny McPhee
**12.25** Apollo 13
**14.40** Fever Pitch
**16.20** Nanny McPhee
**18.00** Apollo 13
**20.15** Fever Pitch
**22.00** Arn - The Knight Templar
**00.20** Brooklyn's Finest
**02.30** More Than a Game
**04.15** Arn - The Knight Templar

### RÚV

**16.20** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.10** Úmísúmí
**17.35** Bombubyrgið
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Viðtalið *(Angel Gurría, forstjóri OECD)*
**18.45** Íþróttir
**19.00** Fréttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.10** 360 gráður Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
**20.40** Hefnd *(2:22) (Revenge III)* Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
**21.25** Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Luther *(1:4) (Luther III)* Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna John Luther sem fer sínar eigin leiðir. Í aðalhlutverkinu er Idris Elba. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15** Sönnunargögn *(13:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**00.00** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr.Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.15** Once Upon A Time
**17.05** Borð fyrir fimm
**17.35** Dr.Phil
**18.15** Save Me
**18.40** Rules of Engagement
**19.05** 30 Rock *(4:13)*
**19.30** Cheers *(25:26)*
**19.55** America's Next Top Model *(7:13)*
**20.40** Design Star *(7:13)*
**21.30** Sönn íslensk sakamál - NÝTT *(1:8)* Ný þáttaröð þar sem fjallað verður um stærstu sakamál þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Í þessum fyrsta þætti er fjallað um óhugnanlegt morðmál frá sjöunda áratug síðustu aldar sem tengist kaupum Flugfélags Íslands á Boeing 727 vél félagsins.
**22.00** Hannibal *(6:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og Silence of the Lambs.
**22.45** Hawaii Five-0 *(11:23)*
**23.35** CSI. New York
**00.25** Hannibal
**01.10** Design Star
**02.00** Law & Order UK
**02.50** Excused
**03.15** Pepsi MAX tónlist

### SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** Children´s Miracle Classic 2013 **12.00** Golfing World **12.50** Children´s Miracle Classic 2013 **15.50** Children´s Miracle Classic 2013 **18.00** Golfing World **18.50** Children´s Miracle Classic 2013 **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011
**23.50** Golfing World **00.40** Eurosport

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


SKJÁREINN
Hefst í kvöld
kl. 21.30
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
4.990 kr.
595 6000
Kaupauki fylgir!
Fríar kvikmyndir og erlendar stöðvar í hverjum mánuði!*
*Gildir til 1. jan. 2014
POP SECRET
SÖNN ÍSLENSK
SAKAMÁL
FLUGFÉLAGSMÁLIÐ

## MORGUNMATURINN



**„Núna borða ég alltaf tröllahafragraut með stöppuðum banana. Síðan sýð ég mér vatn með sítrónu og engifer. Þetta er það besta til að keyra sig í gang.“**

Sara María Júlíudóttir, stofnandi fatamerkisins Shiny Diamonds.

# Hryllingsmyndin Frost seld til 56 landa

Frost hlaut ekki Gylltu hauskúpuna á Screamfest-hátíðinni. Erlingur Óttar Thoroddsen vann verðlaun.

„Það er búið að selja myndina til 56 landa. Það er með því meira sem gerist með íslenskar bíómyndir,“ segir Ingvar Þórðarson, annar af framleiðendum Frosts.

Hryllingsmyndin tók þátt í hinni árlegu hryllingsmyndahátíð Screamfest sem var haldin í Los Angeles en tókst ekki að hreppa sigurlaunin sem kallast Gyllta hauskúpan.

„Ég var að koma þarna í annað sinn og það er mjög ánægjulegt að vera þarna. Þarna eru allir hryllingsmeistararnir í heiminum,“ segir Ingvar, sem ræddi við ýmsa aðila varðandi Frost.

Hann er mjög ánægður með hversu mörg lönd hafa keypt sýningarréttinn á myndinni. „Sci-fi hryllingsmyndageirinn er mjög sérhæfður en hann er risastór. Það er líka alþjóðlegur áhugi fyrir íslenskum myndum varðandi sölu á þeim erlendis.“

Viðræður hafa verið uppi í eitt ár um bandaríska endurgerð á Frosti. Fari svo að ráðist verði í það verkefni er ætlunin að gera nokkrar myndir. „Það er hugmyndin og þeim líst vel á það þarna úti.“ -fb

➜ Erlingur Óttar Thoroddsen sem er búsettur í New York hlaut Gyllta hauskúpu á Screamfest sem efnilegasti leikstjórinn fyrir stuttmyndina The Banishing.



**FROST** Hryllingsmyndin hefur verið seld til 56 landa.

# Stöðvaður fyrir hraðakstur á leið í rallí

Guðlaugur Þór Þórðarson var í hópi þjóðþekktra einstaklinga er kepptu í rallíi fyrir þáttinn Á fullu gazi.

„Þetta var alveg hrikalega gaman. Ég er ekki mikill rallímaður en ég sagði já á staðnum þegar haft var samband við mig, bæði hljómaði þetta mjög spennandi og svo er erfitt að segja nei við Finn [Thorlacius, þáttarstjórnanda],“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður sem keppti nýverið í rallíi ásamt öðrum þjóðþekktum einstaklingum. Keppnin er hluti af sjónvarpsþættinum Á fullu gazi sem sýndur verður á Stöð 2 í nóvember.

Leikkonan Saga Garðarsdóttir var liðsfélagi Guðlaugs Þórs í keppninni, en hvert lið var skipað tveimur einstaklingum. Saga var aftur á móti eini keppandinn sem ekki er með ökuréttindi. „Það var gaman að kynnast Sögu og áhugavert að sitja með henni bíl. Hún stóð sig með ágætum, en hringurinn var þó ekki tíðindalaus, eins og mun koma fram í þáttunum.“ Hann bætir við: „Það sem mér þótti erfiðast við rallíaksturinn var að halda einbeitingunni. Þegar maður þarf að keyra brautina nokkrum sinnum verður þetta ansi lýjandi.“

➜ Alls tóku 16 þjóðþekktir einstaklingar þátt í rallíakstrinum.

Á leið sinni á rallímótið var Guðlaugur Þór stöðvaður af lögreglu og sektaður fyrir of hraðan akstur. Spurður út í atvikið segir þingmaðurinn það vandræðalegt. „Mér var sagt að mæta stundvíslega klukkan níu á laugardagsmorgni. Ég var svolítið seinn fyrir og flýtti mér um of. Ég get upplýst það að lögreglumenn hanga ekki í morgunkaffi á laugardagsmorgnum, heldur eru komnir strax til vinnu,“ segir hann.

Fékk þetta farsælan endi? „Það fer eftir því hvernig þú skilgreinir orðið „farsæll“. Ég veit ekki hvort það sé nokkru sinni farsælt að vera tekinn fyrir of hraðan akstur,“ segir hann að lokum. -sm



**KEPPTI Í RALLÍ** Guðlaugur Þór Þórðarson keppti ásamt Sögu Garðarsdóttur í rallíi fyrir sjónvarpsþáttinn Á fullu gazi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VINSÆLT UPPÁTÆKI** Sólveig Eiríksdóttir veitingamaður hefur staðið á haus á hverjum degi í meistaramánuði. Uppátækið hefur vakið mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Solla á hausnum í meistaramánuði

Sólveig Eiríksdóttir tekur virkan þátt í meistaramánuði. Hún gerir höfuðstöðu á ólíklegustu stöðum á degi hverjum og myndar uppátækið við góðar undirtektir.

„Það var stutt í átakið meistaramánuð og ég hugsaði með mér: Hvað langar mig að gera í meistaramánuði? Höfuðstaðan er uppáhaldsjógaæfingin mín og mig hefur lengi langað til að standa meira á haus, enda er það eitt af því sem mér finnst best að gera, en ég hef alltaf látið ytri aðstæður stoppa mig í því,“ segir Sólveig Eiríksdóttir, einnig þekkt sem Solla á veitingastaðnum Gló. Hún ákvað að taka virkan þátt í meistaramánuði og taka höfuðstöðuna daglega á meðan á átakinu stendur. Hún hefur svo birt myndir af gjörningnum á Instagram.

Solla hefur meðal annars tekið jógastöðuna í miðri Kringlunni, í Bónus, inni í bókaverslun og uppi á borði á einum veitingastaða sinna. Hún segir fólk taka vel í uppátækið og að viðbrögð þess hafi að mestu leyti verið góð. „Ókunnugir hafa stoppað mig á förnum vegi og hrósað mér fyrir uppátækið, aðrir hafa beðið mig að kenna sér stöðuna. Ég fékk svo persónulegan póst frá tveimur konum sem hrósuðu mér, en lýstu að sama skapi yfir áhyggjum. Þær voru hræddar um að ég færi mér að voða. Mér þótti vænt um það.“

➜ Solla hefur stundað jóga í 35 ár og hefur lengst staðið í höfuðstöðu í 30 mínútur.

Eiginmaður Sollu tekur flestar myndirnar en hún á það til að fá ókunnuga til að aðstoða sig þegar hann er fjarri. „Oftast er það maðurinn minn sem tekur myndirnar, en þess á milli eru það bara hinir og þessir.“ Höfuðstaðan er ekki eina æfingin sem Solla gerir hér og þar, því þrisvar á dag gerir hún tíu hnébeygjur. „Ég hef þó látið vera að mynda þær,“ útskýrir hún.

Solla segist vona að átakið ýti af stað nýju æði á borð við plankann sem fór um netheima sem eldur í sinu fyrir ekki margt löngu. „Mér skilst að fleiri hafi tekið upp á þessu og það er frábært, enda er höfuðstaðan sögð konungur jógaæfinganna.“ sara@frettabladid.is



**MEISTARAMÁNUÐUR,** Solla Eiríks í höfuðstöðu.


HUMAR 2.600 kr.kg
Stærð 30/40
Súr Hvalur
Heildsala Kóngsins
Sendum ferskan og frosinn fisk alla daga til fyrirtækja og stofnana. Sími 777 2002, Ármann Sal.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
fiskikongurinn.is
s. 587 7755


# Spreytir sig loksins á djassinum

Trommarinn Sigtryggur Baldursson spilar djass í fyrsta sinn á Kexi Hosteli í kvöld.

„Þetta verður ekki „normal“ djasstrommuleikur en ég skrölti mér fram úr þessu einhvern veginn,“ segir Sigtryggur Baldursson.

Þrátt fyrir áratugalangan feril spilar hann í fyrsta sinn djass á tónleikum Karls Orgeltríós á Kexi Hosteli í kvöld. Karl Olgeirsson stofnaði tríóið í kringum Hammond-orgelið sitt sem er 55 ára gamalt.

Sigtryggur hlakkar mikið til að spreyta sig á djassinum í fyrsta sinn. „Bogomil [Font] er búinn að raula djass lengi en ég hef aldrei spilað djass á trommusett. Ég hef verið að spila alls konar hluti en aldrei djass enda hef ég aldrei gefið mig út fyrir að vera djasstrommari,“ segir Sigtryggur, sem er líklega þekktastur fyrir spilamennsku sína með Sykurmolunum.

➜ Karl Orgeltríó hefur spilað á Bravó á miðvikudagskvöldum en aldrei með Sigtrygg á bak við trommusettið.

„Mínar rætur lágu annars staðar. Ég hef aldrei þorað í þennan pytt en Kalli vildi að ég gerði þetta með mínu nefi, þannig að ég ætla að láta slag standa og gera það. Aðalmálið er samt að við höfum mjög gaman af þessu. Kalli ætlar að syngja seinni hlutann af tónleikunum en mér finnst hann gimsteinn sem söngvari, fyrir utan það að vera frábær organisti.“ -fb



**NÝTT DJASSTRÍÓ** Karl Olgeirsson, Ásgeir Ásgeirsson og Sigtryggur Baldursson spila á Kexi Hosteli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Íslenskar konur lunknar að mála sig

„Íslenskar konur eru mjög lunknar við að nota snyrtivörur. En mér fannst vanta umfjöllun um snyrtivörur og þess vegna ákvað ég að gefa út blaðið,“ segir **Erna Hrund Hermannsdóttir**, förðunarfræðingur og ritstjóri vefmiðilsins Reykjavik Makeup Journal. Fyrsta eintakið af blaðinu er nú að finna á netinu. Þar er að finna margvíslega umfjöllun um snyrtivörur og söguna á bak við þær. „Sumar konur vita ekki hvað snyrtivörur gera mikið fyrir þær, til dæmis að farði er frábær til að verja húðina fyrir mengun. Það er miklu betra að vera með farða en hreina húð. Bara að muna að hreinsa hann af áður en gengið er til náða,“ segir Erna Hrund. **- jme**



### Hættulegt draugaþorp

**Sigurður Kjartan Kristinsson** kvikmyndagerðarmaður er einn af skipuleggjendum hryllingsmyndahátíðar á hjólum sem nefnist Horror Bohemia. Aðstandendur hátíðarinnar fóru um Spán og Frakkland fyrir stuttu í leit að góðum sýningarstöðum, en hátíðin fer fram næsta sumar. Meðal staða sem hópurinn skoðaði var draugaþorpið Goussainville, sem er rétt fyrir utan París. Eftir að hafa skoðað sig um sneri hópurinn aftur til Parísar þar sem honum var tjáð að heimamenn hættu sér aldrei inn í þorpið þar sem glæpahópar hefðu hreiðrað um sig í húsunum. Aðstandendur Horror Bohemia féllu að sjálfsögðu frá þeim áformum að sýna hrollvekjur í þorpinu næsta sumar og prísuðu sig sæla fyrir að hafa sloppið með skrekkinn. **- sm**



## Mest lesið vísir

1. Jæja, Sigmundur Davíð
2. „Held ég sé með Íslandsmetið í innkeyrslu í verslanir“
3. Komu fram við Maríu litlu eins og „dansandi björn“
4. Halldór 21.10.13
5. Gaupi í verslunarleiðangur með tveimur risum





